# FRÉTTABLAÐIÐ

298. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 21. DESEMBER 2019




# Að tala um dauðann er að tala um lífið

**Bergrún Íris Sævarsdóttir** rithöfundur segir foreldra vilja hlífa börnum sínum við sársauka. En það geri þeir ekki með þögninni. Dauðinn sé jafn eðlilegur hluti af lífinu og það að fæðast. → 24

> Það truflar mig hvernig við sem samfélag tölum alltaf við börn eins og þau séu spegilmynd af okkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

2019/20

## Jólarökstólar

Kári Stefánsson, Ólína Þorvarðardóttir, Aðalsteinn Kjartansson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir gera árið upp. → 30



## Er þetta frétt?

Meghan Markle er drottning fréttanna sem allir lesa þótt margir kannist ekki við áhuga á fólki sem elskar, lifir og deyr. → 80













## Veður




Norðaustan 10-18 m/s, en 15-20 NV-til og einnig á SA-landi í kvöld. Snjókoma N- og A-lands. Léttir til sunnan heiða. SJÁ SÍÐU 42




Farvel seldi ferðir á framandi slóðir.

# Fall Farvel dýrt fyrir ferðalanga

**VIÐSKIPTI** Ferðaáætlanir á annað hundrað Íslendinga eru í uppnámi eftir að ferðaskrifstofuleyfi Farvel var afturkallað af Ferðamálastofu. Ástæðan var sú að fyrirtækið uppfyllti ekki lengur skilyrði laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun auk þess að hunsa ákvörðun Ferðamálastofu um hækkun tryggingafjárhæðar.

Farvel, sem áður hét Oriental, sérhæfði sig í lúxusferðum til framandi landa. Fjölmargir Íslendingar eru staddir í Austurlöndum fjær á vegum ferðaskrifstofunnar yfir jól og áramót. Í tölvupósti, sem Ferðamálastofa sendi í gær á ferðalanga, kemur fram að Farvel hefur ekki greitt flugfélögum fyrir heimferðir viðskiptavina. Þeir þurfa því að borga heimferð sína sjálfir og í mörgum tilvikum einnig hótelgistinguna þrátt fyrir að hafa greitt fullt fargjald fyrir brottför.

Sigríður Ingvadóttir er ein þeirra sem sitja eftir með sárt ennið en hún hafði greitt inn á ferð með fyrirtækinu til Taílands í byrjun febrúar. „Ég fór með þeim til Balí á þessu ári og sú ferð gekk vel. Við bókuðum því með þeim aftur núna í febrúar og þá til Taílands. Við þurftum að borga 150 þúsund krónur inn á ferðina og ég millifærði þá upphæð á ferðaskrifstofuna. Ég veit ekki enn hvort það setji mig í verri stöðu varðandi mögulega endurgreiðslu,“ segir Sigríður. Hún hyggst leita til Samgöngustofu vegna málsins eins og fjölmargir aðrir sem eru í sömu stöðu. – **bþ**

# Skreytum hús með greinum grænum



Fjöldi landsmanna leggur nú um helgina lokahönd á undirbúning jólanna, kaupir síðustu gjafirnar og matföng enda stutt til jóla. Lifandi jólatré hafa lengi prýtt híbýli hér á landi og ef að líkum lætur verður svo enn um hríð. Sumir fara og höggva sitt tré, á meðan aðrir kjósa að kaupa tré. Ljósmyndari Fréttablaðsins kom við hjá Flugbjörgunarsveinni í gær þar sem verið var að pakka tré fyrir viðskiptavin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Svar var lagt fram í bæjarráði

**HAFNARFJÖRÐUR** Sigríður Kristinsdóttir, bæjarlögmaður í Hafnarfirði, segir ekki rétt sem fram kom í Fréttablaðinu í gær að svarbréf Hafnarfjarðarbæjar vegna eftirlitsmyndavéla í skólum til Persónuverndar hafi ekki verið lagt fram í bæjarráði í fyrradag. Bréfsins er ekki getið í fundargerð og það fylgdi ekki með sem fylgiskjal á vef bæjarins á fimmtudag.

**Bréfsins var ekki getið í fundargerðinni og það fylgdi ekki með sem fylgiskjal á vef bæjarins.**

„Þetta var lagt fram þó það hafi ekki komið undir fundargerðina strax. Skanni var í ólagi hjá okkur þannig að ekki var unnt að setja skjalið á vefinn strax,“ segir Sigríður við Fréttablaðið. – **gar**

# Tengsl goðafræðinnar við nútímann sterk

**Húðflúrlistamaðurinn Jón Páll Halldórsson og Þórhallur Arnórsson gáfu út aðra bók í teiknimyndaseríunni um Vargöld fyrir skemmstu. Jón Páll býr í Barcelona og segir tenginguna við arfleifðina sterkari þar en heima á Fróni.**

**MENNING** Jón Páll Halldórsson, sem er 45 ára gamall, hefur búið í Barcelona í rúm 7 ár ásamt fjölskyldu sinni. Lengst af hefur hann starfað á húðflúrstofu, en einnig starfað við húsaendurbætur með eiginkonu sinni og unnið að gerð Vargaldar. Upphaflega átti dvölin að vera eitt ár en Jón segir að ekkert fararsnið sé á þeim og að þau hafi keypt sér hús í borginni.

Vargöld er samstarfsverkefni Jóns Páls og æskufélaga hans, Þórhalls Arnórssonar og Andra Sveinssonar. Þórhallur semur söguna, Jón Páll teiknar myndirnar og Andri framleiðir. Fyrsta bókin af þremur kom út árið 2016, sem var tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna, og nú bók númer tvö. Jón Páll og Þórhallur hafa unnið að ýmsum verkefnum í gegnum tíðina, til dæmis við gerð Latabæjar, en Þórhallur hafði verið með Vargöld í maganum um margra ára skeið. Árið 2013 tóku þeir loks af skarið.

„Upphaflega hugmyndin var að taka Edduna og aðrar heimildir og segja sögu goðafræðinnar frá sköpun heimsins til ragnaraka,“ segir Jón Páll. „En á teikni- og skrifborðinu þróaðist þetta út í að tvinna goðafræðina við skáldaða sögu af víkingnum Vikari, sem sestur er í helgan stein en dregst út í hefndir og dæmigert víkingavesen.“

Þó að saga Vikars sé skálduð ákváðu Jón Páll og Þórhallur að hafa goðafræðina sjálfa sem réttasta. Þekkja þeir heimildirnar báðir mjög vel, Þórhallur nam fræðin við Háskóla Íslands og Jón Páll er meðlimur í Ásatrúarfélaginu.

Jón Páll segir goðafræðina ákaflega heillandi og að tengingin við nútímann sé sterk. „Þarna eru svo margar skemmtilegar og breyskar persónur. Þór sem er mjög öflugur og skapmikill en ekki beittasti hnífurinn í skúffunni og Óðinn hinn alvitri og klóki sem reynir að halda heiminum í jafnvægi á meðan allt er að hrynja úr höndunum á honum,“ segir hann. Uppáhaldspersónan er hins vegar hinn slægi Loki. „Loki er svo frábær týpa. Hann er alltaf að reyna að redda rassinum á sjálfum sér og í hvert sinn sem hann gerir góðverk gerir hann hlutina verri. Það er samt skemmtilegast að teikna Þór.“



Jón Páll er búsettur í borginni Barcelona ásamt fjölskyldu sinni.

**Ég er sennilega meiri Íslendingur núna en þegar ég flutti út.**

Jón Páll Halldórsson teiknari

Aðspurður hvort auðvelt sé að viðhalda tengingunni við hina fornu arfleið í steikjandi Spánarhitanum segir Jón Páll það auðveldara en á Íslandi. „Fjarlægðin gerir fjöllin blá. Ég er sennilega meiri Íslendingur núna en þegar ég flutti út,“ segir hann.

Í kjölfar útgáfunnar ætla Jón Páll og Þórhallur að kanna grundvöll fyrir erlenda útgáfu, en bækurnar hafa nú þegar komið út á enskri tungu hér á Íslandi. Þeir eru einnig þegar farnir að huga að því sem tekur við eftir þriðju bókina. „Þá ætlum við að taka ragnarökin sjálf fyrir og jafnvel Íslendingasögurnar líka,“ segir hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is

1989 30 ÁRA 2019
KOMDU Í KOLAPORTIÐ
OPIÐ ALLAR HELGAR
FRÁ KL. 11.00-17.00
OPIÐ Á ÞORLÁKSMESSU FRÁ 11-21
KOLAPORTIÐ
DÁSAMLEG DEILD SAMFÉLAGSINS

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

**Opið**
**í öllum verslunum um helgina**
Sjá nánar á husa.is

**Opið til 21:00**
í Skútuvogi
Sjá á husa.is

## Enn stærri

# ÚT *Jóla* SALA

## Allar jólavörur

Seríur
Jólaljós
Jólaskraut

**50% afsláttur**

## Lifandi jólatré

Mikið úrval
Allar stærðir
Falleg tré

**25% afsláttur**

Jólagjafir
**25% afsláttur**
Rafmagnsverkfæri • Smáraftæki • Búsáhöld

Jólatúlípanar 10 stk.
**1.490 kr**
Frábært verð í Blómavali



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verð misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af lifandi jólatrjám, greni eða ferskum skreytingum

**TÖLUR VIKUNNAR** 15.12. 2019 TIL 21.12. 2019

**660**
þúsund krónur á mánuði er meðaltal heildarlauna hjá félagsmönnum í VR.

**300**
þúsund laxar eru taldir hafa sloppið úr eldiskvíum í Noregi á þessu ári.

**340**
milljóna króna styrkur var veittur úr sjóði nýsköpunarnefndar Evrópusambandsins til íslenska frumlyfjaþróunarfyrirtækisins EpiEndo Pharmaceuticals.

**200**
kílóa lóð voru í vikunni til sölu hjá Neytendastofu sem óskaði tilboða.

**128.793**
bjuggu í Reykjavík í upphafi ársins 2019.

## Þrjú í fréttum
## Sambýli, Sveinn Andri og Samherji

**Ásgerður Halldórsdóttir**
*bæjarstjóri á Seltjarnarnesi*



greiddi einn bæjarfulltrúa atkvæði gegn skipulagsbreytingu til að hægt sé að byggja sambýli fyrir fatlaða við Kirkjubraut. „Ég er á þeirri skoðun að ekki hafi verið gætt meðalhófs gagnvart húseigendum við Kirkjubraut og því greiddi ég atkvæði gegn tillögunni," segir Ásgerður.

**Sveinn Andri Sveinsson**
*lögmaður*



krefst þess í kæru til nefndar um dómarastörf að nafngreindur dómari verði áminntur fyrir ákvörðun sem Sveinn Andri segir bæði ámælisverða og ólögmæta og byggða á persónulegri andúð. Kæran lýtur að aðfinnslum dómarans við þóknun sem Sveinn Andri ráðstafaði til sín sem skiptastjóra þrotabús.

**Þrándur Þórarinsson**
*myndlistarmaður*



hefur gert myndverk um Samherjamálið sem hann kveður smellpassa á gafl stjórnarráðsins. „Ég vildi gera mitt til þess að sá verknaður verði sem lengst í minnum hafður og málaði því mynd sem í eina tíð hefði verið sagt að væri „kjörin til stækkunar"," segir Þrándur.

# Kvöð um umhverfismat vegna kláfs í Skálafelli fallin úr gildi

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að fara þyrfti með fyrirhugaðan kláf í Skálafelli í umhverfismat hefur verið felld úr gildi eftir kæru Skálafells Panorama ehf. Úrskurðarnefnd segir Skipulagstofnun ekki hafa aflað fullnægjandi gagna. Kláfurinn á að liggja tveggja kílómetra leið að veitingastað á toppi Skálafells.**

**SKIPULAGSMÁL** Ekki var byggt á nægjanlegum gögnum áður en Skipulagsstofnun ákvað að kláfur upp á Skálafell með tilheyrandi byggingum þyrfti að fara í mat á umhverfisáhrifum. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur því fellt ákvörðunina úr gildi.

Sagt var frá áformunum um kláfinn í Fréttablaðinu 28. ágúst 2017. Þar kom fram að Verkfræðistofan Mannvit fyrir hönd Þórdísar Jóhannesdóttur, eiganda jarðarinnar Stardals, væri að skoða möguleika á því að koma fyrir kláfi á Skálafelli og byggja veitingastað ofan á fjallinu. Þá er rætt um allt að tvö þúsund fermetra þjónustumiðstöð við bílastæði þaðan sem kláfurinn á að fara um tveggja kílómetra leið upp á topp fjallsins.

„Tilgangur með uppsetningu kláfs á Skálafelli er að gefa fólki tækifæri til að komast upp á tind fjallsins og njóta þess þar hversu víðsýnt er til allra átta," vitnaði Skipulagsstofnun í erindi frá Mannviti. „Þá mun kláfurinn einnig gegna hlutverki skíðalyftu á vetrum þegar nægur snjór er í fjallinu en þannig fengjust talsvert lengri skíðabrekkur en svæðið býður upp á í dag. Á toppi Skálafells er gert ráð fyrir móttöku ferðamanna auk veitingastaðar, samtengt toppstöð kláfsins."

Að því er fram kemur í úrskurðinum leitaði Skipulagsstofnun umsagnar ýmissa aðila. Enginn þeirra taldi að framkvæmdin þyrfti í mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun sé hins vegar ekki bundin af slíkum umsögnum.



Séð úr Reykjavík yfir Viðeyjarsund til Skálafells. Víðsýnt er af fjallinu yfir höfuðborgarsvæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Sé niðurstaða stofnunarinnar að verulegu leyti frábrugðin umsögnum sérfræðistjórnvalda verður þó að gera ríkari kröfur til rannsóknar og rökstuðnings hennar fyrir því að framkvæmd geti haft í för með sér svo umtalsverð umhverfisáhrif," segir í úrskurðinum. Hefði Skipulagsstofnun átt að fá umsögn Vegagerðarinnar um aukningu umferðar og umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna mats á áhrifum á vistgerðir.

> **Skíðasvæði hefur verið í Skálafelli frá 1959 og á toppi fjallsins eru þegar tvö hús og fjarskiptamastur.**

„Telur úrskurðarnefndin að rökstuðningi hinnar kærðu ákvörðunar um matsskyldu sé svo áfátt að af honum verði ekki ráðið að framkvæmdin geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, enda aflaði Skipulagsstofnun ekki fullnægjandi gagna til að hún gæti komist að þeirri niðurstöðu. Leiða annmarkar þessir til ógildingar ákvörðunarinnar," segir í úrskurðinum.

Það er einkahlutafélagið Skálafell Panorama sem stendur að kláfsmálinu. Að baki félaginu eru sagðir vera eigendur Stardals ásamt fleiri aðilum. gar@frettabladid.is

jeep.is

Í tilefni af þriggja ára afmæli Jeep® umboðsins á Íslandi bjóðum við Jeep® Compass Limited hlaðna lúxusbúnaði á ótrúlegu tilboðsverði

AFMÆLISTILBOÐ 5.990.000 KR. TAKMARKAÐ MAGN

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

JEEP® COMPASS LIMITED

- Leðurinnrétting með rafdrifnum sætum
- Leðurklætt aðgerðarstýri
- Rafdrifin opnun á afturhlera
- Hiti í stýri og framsætum
- Íslenskt leiðsögukerfi
- 8,4" upplýsinga- og snertiskjár
- Alpine hljómflutningstæki með bassaboxi
- Sjálfvirk tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Aðfellanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Bluetooth til að streyma tónlist og síma
- Svart þak
- 140 hö. diesel, 9 gíra sjálfskipting
- Select-Terrain fjórhjóladrif með 4 drifstillingum
- Bakkmyndavél
- Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- Árekstrarvari
- LED dagljós og LED afturljós
- 18" álfelgur
- Blindhorns- og akreinavari
- Fjarlægðarstillur hraðastillir
- Leggur sjálfur í stæði



FULLT VERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: 7.424.000 KR. - TILBOÐ: 5.990.000 KR.

ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep

# 20-40%
AF ÖLLUM **SÆNGUM OG KODDUM**

TILVALIN **JÓLAGJÖF**

# 20-40%
AF ÖLLUM **SÆNGURVERUM**

# **ÖLL** JÓLAVARA **ALLT AÐ**
# 70% AFSLÁTTUR

**OPIÐ TIL KL. 22:00 Í ÖLLUM BÚÐUM FRAM TIL JÓLA**

# 20-30%
AF ÖLLUM **ELDHÚS- OG BORÐSTOFUSTÓLUM**

# 30%
AF ÖLLUM **BAÐSLOPPUM**

# 25%
AF ÖLLUM **SKRIFBORÐUM OG SKRIFBORÐSSTÓLUM**

TILVALIN **JÓLAGJÖF**

# 20-40%
AF ÖLLUM **ÁBREIÐUM OG PÚÐUM**

# 25%
FULLT VERÐ: ~~7.995~~

**5.995**

**GLEN RAFMAGNSHITATEPPI**
80x150 cm. Vnr. 4925000

# 25%
AF ÖLLUM **SOKKUM**

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR ÚT 24.12**

# 25%
FULLT VERÐ: ~~3.995~~

**2.995**

**LED SKRAUTARINN**
H34 cm. Rafhlöður fylgja ekki Vnr. 52238001

# Sú hefð að senda jólakort í bréfpósti á mjög undir högg að sækja

**SAMFÉLAG** Samkvæmt nýrri mælingu MMR virðist sú hefð að senda jólakort eiga undir högg að sækja. Í fyrsta skipti frá því að mælingar hófust segjast fleiri ætla að senda rafræn jólakort frekar en með bréfpósti.

Þetta er einnig í fyrsta sinn sem hlutfall þeirra sem senda kveðju með bréfpósti mælist undir 25 prósentum og athygli vekur að meirihluti þátttakenda ætlar ekki að senda neina jólakveðju yfir höfuð.

Alls kváðust 19 prósent svarenda ætla að senda jólakort til vina og ættingja í ár með bréfpósti, 22 prósent kváðust ætla að senda jólakortin rafrænt, fimm prósent kváðust bæði ætla að senda jólakort með bréfpósti og rafrænt og 54 prósent kváðust ekki ætla að senda jólakort í ár.

Hlutfall þeirra sem kváðust ætla að senda jólakort með bréfpósti hefur lækkað með hverri könnun frá árinu 2015 en lækkunin nemur



Jólakortahefðin er á undanhaldi.

**Meirihluti þátttakenda hugðist ekki senda neitt jólakort í ár, hvorki rafrænt né í sígildum bréfpósti.**

alls 28 prósentustigum til ársins 2019. Samhliða því hefur hlutfall þeirra sem sögðust ekki ætla að senda jólakort aukist árlega, um alls 21 prósentustig. Þá hefur hlutfall þeirra sem kváðust eingöngu ætla að senda rafræna kveðju aukist um 11 prósentustig frá upphafi mælinga.

Aðrar niðurstöður voru að yngra fólk er ólíklegra til að senda jólakort en þeir sem eldri eru. Landsbyggðarfólk var síðan líklegra til þess að senda jólakort, hvort heldur sem er í bréfpósti eða rafrænt. Lítill munur var á afstöðu þátttakenda eftir kyni en konur voru þó örlítið líklegri til þess að senda jólakveðju. – bþ



Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar. MYND/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

## Garðabær tekur lán upp á 575 milljónir króna

**GARÐABÆR** Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, gerði grein fyrir tillögu um að taka lán upp á 575 milljónir króna og var hún samþykkt samhljóða í bæjarstjórn á fimmtudag. Lánið er tekið til þess að greiða fyrir byggingu á grunnskóla í Urriðaholti, viðbyggingu við grunnskóla Álftaness og byggingu á fjölnota íþróttahúsi.

**Lánið er til að byggja grunnskóla í Urriðaholti, viðbyggingu við Álftanesskóla og íþróttahús.**

Um er að ræða jafngreiðslulán til 15 ára hjá Lánasjóði sveitarfélaga án uppgreiðsluheimildar á 1,74 prósenta föstum vöxtum. Er lokagjalddaginn því 5. apríl árið 2034. Er lánið tryggt með tekjum sveitarfélagsins, það er útsvari og framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. – khg

## Ræða nýtt starfsleyfi

**IÐNAÐUR** Rio Tinto á Íslandi hf. hefur óskað eftir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ í undirbúningsvinnu fyrirtækisins að endurnýjun starfsleyfis. Núverandi leyfi rennur út þann 1. október 2020 og vill fyrirtækið gera bæjaryfirvöldum grein fyrir framvindu málsins.

Í erindi sem fyrirtækið sendi bæjaryfirvöldum kemur fram að fyrirtækið vilji ræða skilgreiningu á öryggissvæði í kringum álverið sem mun koma í stað svokallaðs þynningarsvæðis. Þynningarsvæði er það svæði umhverfis álver þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum.

Til hefur staðið frá árinu 2007 að þetta umrædda svæði myndi minnka verulega en þær áætlanir hafa ekki raungerst.

Fram kemur í bréfi frá Rio Tinto sem lagt var fram á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar í vikunni að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefði nýverið óskað eftir því við Umhverfisstofnun að ekki verði gert ráð fyrir þynningarsvæði í starfsleyfum álvera héðan í frá. Unnið er út frá því í útgáfu á nýju starfsleyfi fyrir Rio Tinto. – bþ

# Fjölbreytt tækifæri blasa við leikjafyrirtækjum hérlendis

**Tölvuleikjaiðnaðurinn á Íslandi velti um tíu milljörðum á síðasta ári. Þar vinna samtals 345 starfsmenn. Formaður Samtaka leikjaframleiðenda segir tækifærin í greininni fjölbreytt og spennandi. Iðnaðurinn sé bæði grænn og gjaldeyrisskapandi og stutt í að hann komist á þann stað að geta tekið næsta skref.**

**NÝSKÖPUN** „Það má segja að þessi iðnaður hafi orðið til fyrir svona tíu til fimmtán árum þegar CCP náði fótfestu. Það voru sex eða sjö fyrirtæki sem stofnuðu samtökin 2009 og mörg þeirra voru þá mjög ný. Þá var komið svona fyrsta þrepið að þessum iðnaði,“ segir Vignir Örn Guðmundsson, formaður Samtaka leikjaframleiðenda (IGI).

Á dögunum var kynnt skýrsla um stöðu og umfang íslenska tölvuleikjaiðnaðarins undanfarin tíu ár. Skýrslan var unnin af Northstack en um er að ræða samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Íslandsstofu og IGI.

Í skýrslunni kemur fram að sautján fyrirtæki í tölvuleikjaiðnaði séu starfrækt á Íslandi. Flest þeirra eru lítil en ellefu hafa tíu starfsmenn eða færri. CCP er langstærst með rúmlega tvö hundruð starfsmenn en alls starfa 345 manns hjá þessum fyrirtækjum.

Vignir segir að nú séum við að sjá næstu kynslóð af spennandi leikjafyrirtækjum verða til. „Þetta eru fyrirtæki sem eru með sterka alþjóðlega fjármögnun og við erum mjög spennt að sjá hvernig þeim mun ganga á næstu misserum. Iðnaðurinn gæti núna verið að komast á þann stað að fara að taka næsta skref.“

Fjöldi fyrirtækja og starfsmanna hefur sveiflast nokkuð á síðustu árum en starfsmenn í dag eru um hundrað færri en þegar mest var á árunum 2015 og 2016. Ástæðu fækkunarinnar má helst rekja til þess að fyrirtækin Plain Vanilla og Novomatic hafa hætt starfsemi.

Frá árinu 2009 og fram til október á þessu ári gáfu íslensku fyrirtækin út 83 tölvuleiki, eða einn leik á eins og hálfs mánaðar fresti. Veltan í tölvuleikjaiðnaðinum á síðasta ári var tæpir 10 milljarðar. Veltan næstum tvöfaldaðist milli 2009 og 2016, eða úr 7,5 milljörðum í 14,5 milljarða. Langstærstur hluti teknanna á síðustu tíu árum eru gjaldeyristekjur, eða um 95 prósent.



Sautján fyrirtæki í tölvuleikjaiðnaði eru hérlendis og mörg þeirra með fáa starfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Við þurfum að opna augu fólks fyrir því hversu fjölbreytt og spennandi tækifæri eru í leikjaiðnaði þvert á námsgreinar.**

Vignir Örn Guðmundsson, formaður Samtaka leikjaframleiðenda

Þá eru í skýrslunni dregnar fram þrjár mismunandi sviðsmyndir um hvernig staðan gæti orðið árið 2030. Raungerist besta sviðsmyndin gæti fjöldi fyrirtækja verið orðinn 60 og fjöldi starfsmanna um 1.200. Árleg velta gæti þá orðið um 72 milljarðar króna.

Vignir segir að til að svo megi verða þurfi að efla samstarfið við framhaldsskóla- og háskólastigið. „Við þurfum að opna augu fólks fyrir því hversu fjölbreytt og spennandi tækifæri eru í leikjaiðnaði þvert á námsgreinar. Þarna eru hálaunastörf í iðnaði sem gengur ekki á náttúruauðlindir.“

Varan sé þar að auki seld í gegnum netið sem geri þetta að mjög grænum iðnaði. „Það væri rosa öflugt að hafa leikjaiðnað sem frambærilega og sterka útflutningsgrein vegna þess að þetta eru spennandi og vel launuð störf. Þetta er líka að skila miklu inn í þjóðarbúið því tekjurnar koma að langmestu leyti að utan.“

Þá bendir Vignir á að tölvuleikjaiðnaðurinn sé á heimsvísu í dag langstærsti afþreyingariðnaðurinn og stærri en kvikmyndir og tónlist til samans. Vignir segir að skýrslan sé í rauninni mjög stór liður í því að hefja nýtt samtal út frá tækifærunum í kringum iðnaðinn.

„Af þeim samræðum sem ég hef átt við ráðherra og þingmenn finn ég að allir eru spenntir og opnir fyrir því. Það er okkar hlutverk að útskýra tækifærin og búa þannig til jákvæðara og sterkara umhverfi sem er samkeppnishæfara alþjóðlega fyrir þessi fyrirtæki.“

sighvatur@frettabladid.is

# Konum í Hæstarétti fjölgar um helming

**DÓMSMÁL** Ingveldur Einarsdóttir, dómari við Landsrétt, hefur verið skipuð dómari við Hæstarétt frá 1. janúar 2020. Staða dómara við réttinn var auglýst í haust þegar bæði Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson tilkynntu um fyrirhuguð starfslok.

Samkvæmt niðurstöðu hæfisnefndar voru þau Davíð Þór Björgvinsson og Sigurður Tómas Magnússon, einnig dómarar við Landsrétt, metnir jafn hæfir og Ingveldur sem varð fyrir valinu.

Aðeins ein kona situr í Hæstarétti en þær verða tvær af sjö dómurum við skipun Ingveldar.


Tvær konur munu sitja í Hæstarétti frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

Í gær var einnig tilkynnt um tímabundna setningu tveggja dómara við Landsrétt, vegna launaðra leyfa dómara við réttinn.

Voru þau Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri við Héraðsdóm Suðurlands, og Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sett tímabundið sem dómarar við réttinn.

Vegna skipunar Ingveldar í Hæstarétt losnar sæti í Landsrétti sem auglýst verður á næstunni. – aá

# HÁTÍÐ Í HALLARMÚLA!




Vigdís
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 4.499.-




HKL
**TILBOÐSVERÐ: 4.499.-**
Verð áður: 6.999.-




Útkall
**TILBOÐSVERÐ: 4.499.-**
Verð áður: 6.999.-




Léttir réttir Frikka
**TILBOÐSVERÐ: 4.499.-**
Verð áður: 6.999.-



Rafmangshlaupahjól MI M365
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 59.499.-**
Verð frá: 69.999.-

**20% afsláttur**




Kjöthitamælir
MEATER+ með
bluetooth & Wi-Fi
**TILBOÐSVERÐ: 18.399.-**
Verð áður: 22.999.-



Airpods hulstur
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 3.149.-**
Verð frá: 3.899.-

## ÖLL HNATTLÍKÖN



**30% afsláttur**



**18% afsláttur**

Apple Airpods
**TILBOÐSVERÐ:
22.139.-**
Verð áður: 26.999.-



**30% afsláttur**

Þráðlaus ferðahátalari
**TILBOÐSVERÐ: 8.399.-**
Verð áður: 11.999.-

## ALLAR FERÐATÖSKUR



**30% afsláttur**



**15% afsláttur**

Jafnvægisstöng
Gimbal fyrir síma
**TILBOÐSVERÐ: 14.449.-**
Verð áður: 16.999.-



**10% afsláttur**

Heyrnartól BOSE
NC700 þráðlaus
**TILBOÐSVERÐ: 49.499.-**
Verð áður: 54.999.-




**15% afsláttur**

Leikjastóll Commander
**TILBOÐSVERÐ: 28.467.-**
Verð áður: 33.490.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 22. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Umverfisvænast að hafa íslensk jólatré

**Sala á íslenskum jólatrjám hefur haldist svipuð undanfarin ár þrátt fyrir aukna umræðu um umhverfismál. Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands segir það ekki skynsamlegt að kaupa plasttré. Um tíu þúsund íslensk jólatré verða seld fyrir jólin.**

**UMHVERFISMÁL** Búast má við því að um tíu þúsund íslensk jólatré verði seld fyrir jólin. Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, segir að salan hafi verið svipuð síðustu fimm ár.

Brynjólfur bendir á að íslensku trén séu umhverfisvænasti kosturinn en þrátt fyrir aukna áherslu á umhverfismál sjái þess ekki enn mikinn stað í aukinni sölu. Fyrir hvert tré sem er höggvið til sölu eru 40 til 50 sett niður í staðinn.

„Fólk er kannski hægt og bítandi orðið meðvitaðra um að plasttrén eru ekki umhverfisvæn. Þau eru flutt yfir hálfan hnöttinn, oftast frá Kína, þannig að kolefnissporið er margfalt meira en hjá íslensku trjánum,“ segir Brynjólfur.

Þá sé plastið sjálft auðvitað óumhverfisvænt og telur Brynjólfur að það muni koma að því að fólk hætti að nota plasttré. Þó sé sjálfsagt að nýta áfram þau plasttré sem til séu eins lengi og hægt er.

„En það er ekki mjög skynsamleg ráðstöfun til framtíðar að kaupa sér plasttré. Það eru algjörir umhverfissóðar sem gera það.“

Kannanir sem MMR hefur framkvæmt undanfarin ár sýna að rúmlega helmingur landsmanna notar gervitré á jólunum. Tæpur þriðjungur hefur lifandi tré en tæp 14 prósent hafa ekki jólatré. Brynjólfur segir að fyrir utan íslensku trén séu seld á bilinu 20 til 30 þúsund innflutt tré sem komi fyrst og fremst frá Danmörku.

„Við fundum fyrir töluverðri aukningu eftir hrun í sölu íslenskra trjáa. Þá kom fólk í meiri mæli út í skógana til skógræktarfélaganna en það hefur aðeins slaknað á því aftur. Það myndast ákveðnar hefðir í kringum þetta og þeir sem einu sinni hafa farið með fjölskylduna út í skóglendi koma yfirleitt aftur.“

Um tuttugu skógræktarfélög um allt land taka á móti fólki og bjóða upp á íslensk jólatré. Mörg þeirra munu hafa opið um helgina en hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðunni skog.is/jolatrjaavefurinn.

Brynjólfur segir að stafafuran sé vinsælasta íslenska jólatréð. „Hún er þeim eiginleikum gædd að hún bæði ilmar vel og heldur barrinu mjög vel. Hún getur staðið fram að páskum.“



**Stafafuran er sögð vinsælasta íslenska jólatréð, hún bæði ilmar mjög vel og heldur vel barrinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/

> **En það er ekki mjög skynsamleg ráðstöfun til framtíðar að kaupa sér plasttré.**
>
> Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands

Í gamla daga hafi rauðgrenið verið aðal jólatréð. „Það er frekar litið af því núorðið en það hefur sinn sjarma. Lyktin er mjög góð og svo er formið þetta klassíska sem maður hefur kannski í huga þegar hugsað er um jólatré. Mér er sagt að þeir sem halda alvöru jól í Danmörku og Noregi hafi rauðgreni.“

Það er mjög gott hljóð í skógræktarfólki og mikill hugur í því að reyna að taka þátt í þessum verkefnum í loftslagsmálum og gera sig gildandi þar.

„Fyrir mörg skógræktarfélög er jólatréssalan helsta fjáröflunarleiðin. Fólk getur þá stutt sitt heimafélag og nærumhverfi.“

Allir séu velkomnir í útivistarskóga skógræktarfélaganna allt árið um kring en þeir hafi verið að mynda skemmtilega umgjörð í kringum þéttbýlið alls staðar í kringum landið. Brynjólfur segir skógana mikið nýtta og til að mynda komi á ári hverju rúmlega 600 þúsund manns í Heiðmörkina.

sighvatur@frettabladid.is

JÓLIN ERU Á HAFNARTORGI

Kíktu á glæsilegt úrval í verslunum okkar og kláraðu allt fyrir jólin.
Gjaldfrjáls stæði í bílakjallaranum alla helgina.

Popup Jólabarinn HAFNARTORGI
er opinn 21.–23. desember frá 12 til 23.30.

Opið öll kvöld til jóla til 22
Þorláksmessukvöld til 23
Aðfangadag til 13

MICHELSEN 1909 · GK REYKJAVÍK · Optical Studio · HAFNARTORG REYKJAVÍK · JOE & THE JUICE · COLLECTIONS · COS · H&M










**OPNUNARTÍMI FRAM AÐ JÓLUM**

21. - 22. DES 10:00 - 22:00
ÞORLÁKSMESSA 9:00 - 23:00
AÐFANGADAGUR 9:00 - 14:00

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Umbætur og kosningar í Úsbekistan

**Úsbekar ganga til þing- og sveitarstjórnarkosninga um helgina. Forsetinn hefur beitt sér fyrir lýðræðisumbótum í þessu langfjölmennasta ríki Mið-Asíu. En fyrrverandi einræðisstjórn skortir mikilvæga stjórnarandstöðu. Íslendingar eru í kosningaeftirliti.**

**ÚSBEKISTAN** Eftir þriggja ára stöðugar en hægar umbætur stendur ríkisstjórn Shavkat Mirziyoyev, forseta Úsbekistans, frammi fyrir því krefjandi verkefni að sannfæra alþjóðasamfélagið um að í þing- og sveitarstjórnarkosningum 22. desember séu raunverulegar lýðræðislegar breytingar.

Í áraraðir þoldu Úsbekar svipuhögg harðstjórans og alvaldsins Islams Karimov, sem var fyrst dyggur þjónn Kremlar og síðar grimmur harðstjóri eftir að landið fékk sjálfstæði, allt til dauðadags árið 2016. Eftirmaður hans, Shavkat Mirziyoyev, sem „kjörinn“ var forseti fyrir þremur árum með 89% atkvæða, hefur snúið við blaðinu og beitt sér fyrir miklum umbótum í landinu.

Tímaritið Economist segir Mirziyoyev forseta njóta lýðhylli fyrir frelsisumbætur eftir 25 ára stöðnun og kúgun landsins, en spyr hversu langt og hversu hratt forseti þori að ganga í lýðræðis- og frelsisátt. Umbætur forsetans hafa hingað til miðast við stóraukið frelsi í efnahagslífi en nú á að auka frelsi hins borgaralega samfélags og 33 milljóna íbúa þess.



Shavkat Mirziyoyev forseti nýtur lýðhylli fyrir frelsisumbætur eftir 25 ára stöðnun landsins. NORDICPHOTOS/GETTY

### Færri í fangelsi fyrir skoðanir

Helsta sýnilega stjórnmálabreytingin til þessa hefur verið að setja mun færri í fangelsi fyrir skoðanir sínar, þó að lífið sé erfitt fyrir suma blaðamenn og bloggara. Ritskoðun fjölmiðla er enn útbreidd og fjölmiðlar verða að starfa innan skýrra marka. Blaðamenn glíma við áreitni og stundum varðhald. Á síðasta ári dró Mirziyoyev forseti úr valdsviði hinnar þrúgandi þjóðaröryggisþjónustu (SNB) með því að flytja margvíslega ábyrgð SNB til innanríkis- og varnarmálaráðuneyta.

Mannréttindasamtökin Human Rights Watch segja að þrátt fyrir umbætur sé enn langt í land og SNB hafi enn mikil völd. Þúsundir pólitískra fanga séu enn í haldi. Nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum segir að notkun pyntinga og illrar meðferðar hjá lögreglu sé enn þá útbreidd.

### Þróun frekar en bylting

Embættismenn segja að Úsbekistan sé að þróast í átt til lýðræðis, en það sé frekar um að ræða hæga þróun en byltingu. Miðað við sýndarkosningar á tímum einræðis er líka rétt að þetta eru lýðræðislegustu kosningarnar til þessa.

> **Mesta gagnrýnin á yfirstandandi kosningar er vegna fjarveru raunverulegra stjórnarandstöðuflokka. Aukið tjáningarfrelsi leiðir vonandi til stjórnarandstöðu.**

Síðustu 100 árin, fyrst undir alræði kommúnisma og síðar undir hörkulegu einræði, hefur þing Úsbekistans verið mjög valdalítið. En nú á að efla völd þess.

Í landinu eru fimm skráðir stjórnmálaflokkar sem hafa fengið leyfi til að bjóða fram í þingkosningunum en allir starfa innan þeirra marka sem forsetinn og ríkisstjórn setja. Engir stjórnarandstöðuflokkar eða óháðir frambjóðendur eru samþykktir til framboðs. Það er því skiljanlegt að kjósendur hafa litla hugmynd um fyrir hvað flokkarnir standa raunverulega.

Frjálslyndi lýðræðisflokkur Úsbekistans er stærsti flokkur fráfarandi þings og kemst næst því sem kalla mætti ráðandi stjórnarflokk. Hinir fjórir flokkarnir eru lítið frábrugðnir áherslum ríkisstjórnarinnar og enginn þeirra er verulega gagnrýninn á stjórnvöld. Þeir eru Lýðræðisflokkur alþýðu Úsbekistans, Jafnaðarmenn félagslegs réttlætis („Adolat“), Flokkur lýðræðislegrar þjóðarvakningar („Milliy Tiklanish“) og Vistfræðiflokkurinn. Síðastnefndi flokkurinn, sem hefur hálfa milljón félaga, styður til að mynda opinber áform um byggingu kjarnorkuvers.

Ný kosningalöggjöf landsins kveður á um gagnsætt kosningaferli og kosningarétt fyrir hvaða frambjóðanda sem er án þrýstings frá ríkinu. Um helgina verða kosnir 150 þingmenn neðri deildar og 100 þingmenn efri deildar. Allir eru þeir kosnir með beinum hætti að 14 undanskildum.

Forsetanum, Mirziyoyev, er ætlað að vera hafinn yfir stjórnmálaátök, og segist hann hvorki styðja frambjóðendur né flokka.

### Stjórnarandstöðu skortir

Mesta gagnrýnin á yfirstandandi kosningar er vegna fjarveru raunverulegra stjórnarandstöðuflokka. En með auknu tjáningarfrelsi standa vonir til þess að það leiði að lokum til stjórnarandstöðu.

Hin nýja löggjöf kveður einnig á um meira jafnrétti kynjanna. Minnst 30 prósent þingframbjóðenda verða að vera konur. Af 750 frambjóðendum eru 310 konur eða um 41 prósent frambjóðenda.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) segir að með nýjum kosningalögum séu ýmis atriði varðandi kjörstjórn færð til betri vegar, en önnur atriði sem lúta að grundvallarréttindum séu hundsuð. Fulltrúar stofnunarinnar eru við kosningaeftirlit um helgina. Þar á meðal eru Íslendingar.

david@frettabladid.is


Dansk julegudstjeneste

holdes i domkirken tirsdag den 24. december kl. 15.00
ved pastor Ragnheiður Jónsdóttir.

Alle velkomne.

Danmarks Ambassade



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.





### Úsbekistan: fjölmennt ríki og landlukt

Úsbekistan er land í Mið-Asíu með landamæri að fimm öðrum landluktum ríkjum, Kasakstan í vestri og norðri, Kirgistan og Tadsikistan í austri og Afganistan og Túrkmenistan í suðri. Sjálfstjórnarlýðveldið Karakalpakstan er staðsett í vesturhluta þriðja landsins.

Úsbekistan var lengi hluti af stærri ríkjum eins og Tímúrveldinu. Borgirnar Búkara og Samarkand blómstruðu sem áfangastaðir Silkivegarins frá Kína. Á 19. öld hófu Rússar að leggja löndin í Mið-Asíu undir sig. Úsbekistan varð síðan að Sovétlýðveldi Úsbeka árið 1924. Landið lýsti yfir sjálfstæði við upplausn Sovétríkjanna árið 1991. Lýðveldinu Úsbekistan var þá komið á fót með nýrri stjórnarskrá sem kveður á um fjölflokkalýðræði og forsetalýðveldi.

Úsbekistan hefur verið í fréttum undanfarna áratugi vegna einræðis og víðtækra mannréttindabrota stjórnvalda.

Efnahagslíf Úsbekistan byggir að mestu á hrávöruframleiðslu eins og bómullar, gulls, úrans og jarðgass.

Úsbekar eru fjórir fimmtungar íbúanna og síðan koma Tadsjikar, Kasakar, Tatarar, Rússar og Karakalpaksar. Um 85% íbúa tala úsbekísku sem er opinbert tungumál landsins.

Um þrír fjórðu hlutar íbúanna eru súnní-múslimar og þeir eru taldir vera meðal trúuðustu múslima í Mið-Asíu. Tæplega tíundi hluti íbúanna tilheyrir Austur-Rétttrúnaðarkirkjunni og afgangurinn telur sig trúlausan eða fylgja öðrum trúarbrögðum.

Ísland og Úsbekistan stofnuðu stjórnmálasamband árið 1997.

Þess má geta að Dorrit Moussaieff, eiginkona Ólafs Ragnars Grímssonar fyrrverandi forseta, á ættir að rekja til Úsbekistan. Hún er fædd í Jerúsalem í Ísrael en Shlomo Moussaieff, faðir hennar, var úr auðugri búkískri gyðingafjölskyldu frá Búkara í Úsbekistan. Forfeður hennar í Úsbekistan eru sagðir hafa ofið skikkju Genghis Khan stórkans Mongólaveldisins.




Gildi – lífeyrissjóður
Breyttur afgreiðslutími

Frá og með áramótum breytist afgreiðslutími á skrifstofum okkar og verður eins og hér segir:

**Mánudaga til fimmtudaga**
frá 09.00 til 16.00

**Föstudaga**
frá 09.00 til 15.00

GILDI
www.gildi.is





# VINNUR ÞÚ Í MILLJÓLALEIKNUM?

28 HEPPNIR SPILARAR VINNA HEILA MILLJÓN HVER 28. DESEMBER.

ÞÚ KAUPIR 10 RAÐIR EÐA MEIRA Í LOTTÓ, VIKINGLOTTO EÐA EUROJACKPOT TIL AÐ KOMAST Í POTTINN. MÖGULEIKARNIR AUKAST MEÐ ÁSKRIFT ÞVÍ ÞÁ FERÐU Í POTTINN Í HVERRI VIKU ÞANGAÐ TIL VIÐ DRÖGUM!

NÁNAR Á LOTTO.IS

Íslensk Getspá

VALITOR



Lögreglumaður við Jamia Masjid moskuna. NORDICPHOTOS/GETTY

## Blóðugasti dagurinn

**INDLAND** Sex manns létust og tugir slösuðust í átökum mótmælenda og lögreglu á Indlandi í gær, blóðugasta degi mótmælanna í landinu til þessa. Almenningur hefur tekið nýrri löggjöf um ríkisborgararétt, sem sett var þann 11. desember, mjög illa.

Samkvæmt löggjöfinni er það skilyrði sett að innflytjendur frá Pakistan, Bangladess og Afganistan aðhyllist hindúisma, síkhisma, kristni, búddisma, jainisma eða zoroastrisma. Mikill meirihluti íbúa þessara landa er hins vegar múslimar.

**6.000 mótmælendum var bægt frá verslunarhverfi með því að sprauta á þá vatni.**

Lögreglu og mótmælendum lenti víða saman í gær, sérstaklega í Uttar Pradesh, fjölmennasta fylki landsins. Lögreglustjóri fylkisins, O.P. Singh, fullyrti að lögreglan hefði ekki skotið neinn til bana en staðfesti jafnframt að 144 mótmælendur hefðu verið handteknir.

Mótmælin hófust strax eftir að löggjöfin var staðfest en hafa stigmagnast með hverjum deginum. Alls hafa þrettán nú látið lífið.

Í einu verslunar- og fjármálahverfi höfuðborgarinnar Nýju-Delí þurfti lögreglan að dreifa sex þúsund manna hópi mótmælenda með því að sprauta á hann. Í þeirri aðgerð voru 34 jafnframt handteknir. Reynt var að fá fólkið laust úr haldi og kveikt var í bíl fyrir utan lögreglustöðina þar sem lögreglan stóð vörð í óeirðabúningum.

Reiði mótmælenda beinist einna helst að forsætisráðherranum Narendra Modi og ríkisstjórn hans, sem er einkar vilhöll hindúum. Í Jama Masjid, sögufrægri mosku í Nýju-Delí, komu múslimar saman og hrópuðu „Fjarlægjum Modi!“ – khg

## Samþykktu samninginn

**BRETLAND** Breskir þingmenn samþykktu Brexit-samning Boris Johnson í gær og því virðist sem Bretland muni ganga úr Evrópusambandinu þann 31. janúar næstkomandi. Samningurinn var samþykktur með 124 atkvæðum. BBC greinir frá.

Alls studdu 358 þingmenn samninginn en 234 voru á móti. Niðurstaðan er þó ekki endanleg því að nú verður samningurinn tekinn til frekari umræðu í bæði efri og neðri deild þingsins áður en hann verður festur í lög.

Umræðurnar munu fara fram um leið og þingmenn snúa aftur úr jólafríi og taka þrjá daga. Fara þær fram 7., 8. og 9. janúar. Johnson hefur heitið því að samningurinn verði festur í lög áður en að útgönguni kemur þann 31. janúar.

Verði samningurinn lögfestur mun ekki verða hægt að fresta útgöngunni frekar, en henni hefur verið frestað nokkrum sinnum síðan þjóðaratkvæðagreiðslan um útgönguna fór fram.

Eftir stórsigur Íhaldsflokksins í nýliðnum kosningum var talið að samningurinn færi auðveldlega í gegn, en flokkurinn er nú með 80 sæta meirihluta. – gis

## Drottningin fer í jólafrí



Elísabet II Englandsdrottning var glöð í bragði þegar hún mætti á King's Lynn lestarstöðina í Norfolk í gær. Drottningin hafði tekið lestina frá King's Cross stöðinni í London og var á leið í jólafrí í húsi sínu í Sandringham í Norfolk. Drottningin hefur síðan árið 1952 haldið jólin í húsinu ásamt nánustu fjölskyldu. Margar hefðir eru í gildi hjá fjölskyldunni og um gjafirnar gildir lögmálið „því ódýrari, því betra“. NORDICPHOTOS/GETTY

# Alþjóðleg niðurlæging Japana í jafnréttismálum versnar enn

**Japanir höfnuðu í 121. sæti af 153 þjóðum á lista Alþjóðaefnahagsráðsins um jafnrétti. Falla þeir um ellefu sæti og hafa aldrei verið jafn neðarlega. Skýrist þetta að mestu leyti af slæmri stöðu kvenna á sviði stjórnmála og í viðskiptalífinu. Af tuttugu ráðherrum í ríkisstjórn landsins eru einungis þrjár konur.**

**JAPAN** Ólíkt flestum öðrum þróuðum ríkjum fer Japönum aftur í jafnréttismálum. Á lista Alþjóðaefnahagsráðsins um jafnrétti, sem gefinn var út fyrir skemmstu, hafna Japanir í 121. sæti af 153 þjóðum. Þeir falla um ellefu sæti og hafa aldrei verið jafn neðarlega á listanum. „Bilið milli kynjanna í Japan er það langstærsta af efnahagslega vel stæðum ríkjum og hefur breikkað á þessu ári,“ segir í skýrslu ráðsins.

Ástæðurnar fyrir þessu eru margvíslegar og koma einna helst fram á sviðum stjórnmála og viðskipta. Aðeins 10 prósent japanskra þingmanna eru konur, en heimsmeðaltalið er 25 prósent. Vorið 2018 voru sett á lög um hlutföll frambjóðenda stjórnmálaflokkanna, en þau voru hins vegar ekki bindandi. Skýrist þetta að miklu leyti af því að hægriflokkur Shinzo Abe forsætisráðherra, sem er sá langstærsti í landinu, teflir fram mjög fáum konum og neðarlega á listum. Af 20 ráðherrum í ríkisstjórn hans eru aðeins þrjár konur í dag.

Launamunurinn hefur skánað örlítið frá síðasta ári en Japan kemst ekki inn á lista yfir 100 jöfnustu þjóðirnar í þeim efnum. Staða kvenna í viðskiptum er einstaklega slæm og aðeins rúm fimm prósent af stjórnarmönnum í fyrirtækjum eru konur. Til samanburðar er hlutfallið á Íslandi 43 prósent. Þá eru aðeins 15 af stjórnendum í japönskum fyrirtækjum konur og sérstaklega fáar í þeim geirum sem eru í hvað mestri sókn, svo sem tækni og tölvuiðnaðinum.

Skýrslan þykir mikil niðurlæging fyrir Japan og sérstaklega Abe sem hefur margoft sagt að hans yfirlýsta stefna sé að valdefla konur og gera



Fáar konur hafa setið í ríkisstjórnum Shinzo Abe en nú eru einungis þrjár konur ráðherrar. NORDICPHOTOS/GETTY

**Aðeins tíu prósent af þingmönnum eru konur og fimm prósent af stjórnarmönnum fyrirtækja.**

þeim kleift að komast í stjórnunarstöður. Seiko Hashimoto, jafnréttismálaráðherra landsins, brást við skýrslunni skömmu eftir að hún var birt. „Við erum að biðja alla stjórnmálaflokka að beita sér fyrir kynjajafnrétti. Við þurfum einnig að sýna fólki hvað fyrirtækin eru að reyna að gera til að valdefla konur,“ sagði hún.

Vandi Japans er ekki nýr af nálinni og á sér rætur í fastmótuðum menningarlegum hugmyndum um hlutverk kynjanna. Ákvæði um jafnrétti var sett í stjórnarskrá landsins eftir seinni heimsstyrjöldina en féll ekki í góðan jarðveg. Rétt eins og í vestrænum löndum hófu konur meiri atvinnuþátttöku á áttunda áratug síðustu aldar, en ólíkt þróuninni annars staðar tóku japanskir karlmenn ekki á sig aukna ábyrgð inni á heimilunum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

# VINSÆLUSTU JÓLAGJAFIRNAR



**APPLE AIRPODS**
- Allt að 5 klst. rafhlöðuending
- Allt að 24 klst. ending m. hleðsluhylki
- Siri raddstýring

MV7N2ZMA

**24.995**



**XIAOMI M365 HLAUPAHJÓL**
- 250W, allt að 30km drægni
- 25km/klst hámarkshraði
- Tvöfalt bremsukerfi og ljós í báðar áttir

X1003 X1004

-15%

ÁÐUR: 68.995

**58.646**



**APPLE IPAD (2019)**
- 10.2" Retina skjár
- A10 Fusion örgjörvi
- Styður 1. kynslóð af Apple penna

MW742NFA MW752NFA MW762NFA

**59.995**



**SAMSUNG GALAXY A50**
- 6,4" Super AMOLED FHD+ skjár (1080x2340)
- 3 bakmyndavélar með 4k upptöku
- 8 kjarna örgjörvi, 128GB minni, 4GB RAM

SMA505BLA SMA505PIN SMA505WHI

**49.990**



**TCL 40" SNJALLSJÓNVARP**

40ES560X1

**44.995**

## FÁÐU SKIPTIMIÐA

Við viljum að allar gjafir hitti í mark. Þess vegna má prófa gjafirnar heima og skila þeim til 24. janúar. Sjá skilmála á elko.is/skilarettur



**SENNHEISER GSP 370 ÞRÁÐLAUS LEIKJAHEYRNARTÓL**
- USB þráðlaus tenging
- Virka með PC, Mac og PS4
- Allt að 100 klst. rafhlöðuending

SEPCGSP370

**28.995**



**CHILLY'S FJÖLNOTA FLÖSKUR**
- Halda köldu í 24 klst. og heitu í 12 klst.
- Fjöldi lita og munstra í boði

VERÐ FRÁ:

**2.995**



**SODASTREAM GENESIS MEGAPAKKI**
- 4 flöskur, 2x0,5 og 2x1,0 l
- 60l kolsýruhylki fylgir
- Einfalt í notkun

S1017514776 S1017514774

**11.995**



**SMARTTHINGS HUB**
- Tengistöð fyrir snjallheimilið þitt
- Fylgstu með og stjórnaðu tengdum tækjum
- Stuðningur fyrir Amazon, Google, Philips Hue, Yale, Ring, IKEA o.fl.

GPU999HUB

**16.990**



**PHILIPS HUE E27 STARTPAKKI**
- Þrjár dimmanlegar E27 lita perur
- Hue Bridge tengir perurnar við snjalltæki

HUEWCAMBISETT

**19.995**

ELKO

# Fjölbreytt úrval af fallegum gjafavörum

**ÖLL KERTI**
**25%**
**AFSLÁTTUR**


1.

2.


3.


4.


5.


6.


7.



8.


9.


10.



12.


11.


13.


14.


**1.** Broste Salt matarstell, verðdæmi: Diskur ø22 cm 2.290 kr, krús/bolli með haldi 1.390 kr, skál ø14 cm 1.390 kr, diskur ø28 cm 3.290 kr. Broste hnífapör 4×4 stk, verð 18.990–22.990 kr. Broste smoke hvítvínsglas á fæti 1.790 kr. Broste smoke rauðvínsglas á fæti 1.990 kr. Broste smoke tumbler glas 1.790 kr • **2.** Iittala Kastehelmi mosagræn krukka 11,6×11,4mm 4.690 kr stk • **3.** Eva Solo Silhouette glervasi 18,5 cm 7.990 kr • **4.** IVV Campanelle vasi Hæð: 33 cm 10.990 kr • **5.** Nordal Woody eldhúsáhöld 35 cm úr Acacia viði 4.290 kr • **6.** Bodum kaffikanna 1,0L glær 9.900 kr. • **7.** RL Bedford Tartan ilmkerti 9.990 kr • **8.** Nordal emeleruð wok m/loki, hvít 14.990 kr • **9.** IVV Infiore vasi 25cm glær 5.990 kr • **10.** Eva Solo kaffikanna í ljósgráum jakka (margir litir fáanlegir) 1L Fullt verð 13.990 kr NÚ 10.633 kr • **11.** Nordal trébakki 23×46 dökkbrúnn 9.690 kr • DUTCH DELUXES svuntur, margar gerðir. Fullt verð tau: 11.990 kr. NÚ 9.592 Fullt verð leður: 21.990 NÚ 17.592 • **13.** Eva Solo Nordic pottur 3L 23.990 kr • **14.** Broste hnífaparasett fyrir fjóra. Full satin 18.990 kr.

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 24. desember 2019 eða á meðan birgðir endast.*






## YORK
Borðstofustóll. Svart eða koníaks-brúnt PU-leður.

**11.992 kr.** ~~14.990 kr.~~

DAN FORM
DENMARK



## CLAUD
Sterkur og stöðugur counterstóll. Svart eða ljósbrúnt PU-leður og svart eða grátt sléttflauel. Svartir málmfætur.

**25.493 kr.** ~~33.990 kr.~~

## PASSO
Fallegt borðstofuborð frá Danform með sterkri, endingargóðri keramikborðplötu og svörtum viðarfótum. Borðið er stækkanlegt úr 200 í 300 cm með tveimur 50 cm stækkunum sem fylgja. Þegar borðið er ekki í notkun geymast stækkanirnar inni í borðinu. Dönsk hönnun.
Stærð: 100 x 200/300 x 75 cm



DAN FORM
DENMARK

**149.993 kr.** ~~199.990 kr.~~



## BRAVO
Hægindastóll og skammel. Svart eða koníakslitt leður og álfætur.

Stóll
**179.990 kr.** ~~209.990 kr.~~

Skammel
**59.990 kr.** ~~69.990 kr.~~




## PASO DOBLE
Fallegur og þægilegur u-sófi með breiðri hægri eða vinstri tungu. Slitsterkt ljósgrátt áklæði. Paso Doble sófinn fæst í ótal samsetningum. Stærð: 375 × 156/258 × 80 cm

**399.992 kr.** ~~499.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Asi og einmanaleiki



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Eitt af mikilvægari verkefnum Díónu Barran, ráðherra samfélagsmála í Bretlandi, er einmanaleikinn. Fjölmiðlar voru fljótir að segja hana ráðherra einmanaleikans. Auðvitað er þetta meðal annarra verkefna ráðherrans og sagt ólaunað, en það undirstrikar mikilvægi málaflokksins hjá Bretum.

Einmanaleiki er ekki það sama og að vera einn. Við erum öll ein með sjálfum okkur. Öll finnum við fyrir einmanaleika einhvern tímann en það er ekki fyrr en okkur finnst við vera föst í einmanaleika sem hann verður að vandamáli. Einmanaleiki einkennist af depurð yfir því að vera einn og afskiptur og hefur bæði áhrif á andlega og líkamlega heilsu.

Bretar segja einmanaleikann lýðheilsufaraldur sem auki líkur á hrörnun, innlögn á hjúkrunarheimili og dánartíðni. Rannsóknir sýni að skortur á félagslegum tengslum og félagsleg einangrun hafi ekki einungis slæm áhrif á andlega heilsu heldur verri áhrif á líkamlega heilsu en tóbaksreykingar.

Það er á hátíðum eins og jólum sem við tengjum við fjölskyldu og vini sem menn finna til einmanaleikans. Bresku öldrunarlæknasamtökin minntu á mikilvægi þess nú í vikunni að einmanaleiki ætti ekki að vera óhjákvæmilegur hluti af því að eldast, sérstaklega ekki á jólum. Allt samfélagið verði að styðja betur við eldra fólk og finna leiðir til að rjúfa félagslega einangrun og hjálpa fólki að tengjast.

En þetta á ekki bara við um eldra fólk. Þegar Embætti landlæknis á Íslandi fór að mæla einmanaleikann stóðu menn í þeirri trú að elsta fólkið væri frekar einmana en hið yngra. Það væri dottið út af vinnumarkaði, jafnvel búið að missa maka og hefði einangrast. En í ljós kom að ungt fólk í aldurshópnum 18-24 ára er sá hópur sem finnur mest fyrir einmanaleika á Íslandi. Þar greina menn mun meiri tilfinningalegan einmanaleika. Strákar upplifi meiri einmanaleika en stelpur og séu jafnvel minna hamingjusamir að staðaldri. Þeir séu auk þess jafn miklar tilfinningaverur og stelpur en eigi erfitt með að sýna það og einangrist frekar tilfinningalega. Flest berum við okkur stöðugt saman við aðra, meðvitað og ómeðvitað, og á þetta ekki síst við um ungt fólk. Í gegnum samfélagsmiðla er byggð glansmynd af lífi annarra. Það getur ýtt undir einmanaleika þegar fábrotið líf er borið saman við að því er virðist skemmtilegt og ríkulegt líf annarra.

Í Fréttablaðinu í haust tengdi Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri lýðheilsusviðs Embættis landlæknis, einmanaleikann við hamingju byggða á velsæld eða farsæld. Það skýri ef til vill þann mun sem er á hamingju kynslóðanna. Mat á því hvað geri fólk hamingjusamt sé ólíkt á milli aldurshópa.

Hjá yngra fólki er hamingjan fremur byggð á velsæld sem tengist meira stundargleði og ánægju. Farsældarhamingja sem er sterkari hjá eldra fólki tengist meira þroska og tilgangi lífsins, æðruleysi og þakklæti og minni áhersla er á stundarsælu.

Hver maður dafnar við hjartayl og kærleika. Það er mikilvægt að umvefja sig og aðra hlýju og væntumþykju. Um jólin finna margir til einmanaleika. Hugum því að öðrum, fjölskyldu, vinum og nágrönnum.

> **Hver maður dafnar við hjartayl og kærleika. Það er mikilvægt að umvefja sig og aðra hlýju og væntumþykju. Um jólin finna margir til einmanaleika svo hugum að öðrum, fjölskyldu, vinum og nágrönnum.**






## Gunnar




# Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Afneitunarsinnar og geimverur

Fyrir nokkrum árum settist ég niður til að skrifa skáldsögu. Bókin sem flýtur nú um í jólabókaflóðinu og kallast Ég er svikari fjallar um það hvernig mannkynið bregst við þegar geimverur hertaka jörðina. Gjarnan er sagt að hin sundraða dýrategund, Homo sapiens, muni fyrst snúa bökum saman ef utanaðkomandi hætta steðjar að – eins og mannýgar geimverur – og ógna öllu lífi á jörðinni. Í ljós kemur hins vegar að sú ályktin er röng.

Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna lauk í vikunni. Var markmið hennar að ganga frá fyrirkomulagi Parísarsamkomulagsins um að sporna við útblæstri gróðurhúsalofttegunda svo að halda megi hnattrænni hlýnun undir tveimur gráðum. Viðræðurnar urðu þær lengstu í sögu ráðstefnunnar. En allt kom fyrir ekki. Þótt áratugurinn sem senn líður undir lok hafi verið sá heitasti síðan mælingar hófust og allt stefni í að árið 2019 verði meðal þriggja heitustu ára sem mælst hafa voru niðurstöður ráðstefnunnar vonbrigði. Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði mikilvægt tækifæri hafa glatast. Baráttukonan Greta Thunberg sakaði ráðstefnufulltrúa um að semja „undanþágur“, „snjallar bókahaldskúnstir og hugmyndaríkslagorð fyrir almannatengla“ í því skyni að láta líta út fyrir að verið væri að taka á hlutunum en í raun væri ekkert verið að gera.

**Tími skoðunarinnar**

Á sama tíma og loftslagsráðstefnan stóð sem hæst kallaði Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi, eftir því að hætt yrði að nota orðið „afneitunarsinni“ um þá sem ekki trúa á loftslagsbreytingar. Hann sagði orðið uppfullt af hroka og jaðra við skoðanakúgun.

Við lifum á tímum skoðunarinnar. Margir leggja skoðanir og staðreyndir að jöfnu. Það þýðir þó ekki að algildur sannleikur, hugmyndir sem nánast allir geta sameinast um, sé ekki til. Flest getum við verið sammála um að Hitler hafi verið ómenni, Helförin hafi verið ódæðisverk, fólk eigi að vera gott hvert við annað og koma samborgurum í nauð til hjálpar. Algildur sannleikur virðist þó oft aðeins algildur í fortíð og framtíð. Í samtímanum fylgir sannleikanum gjarnan samtengingin „en“: „Gyðingahatur er ófyrirgefanlegt en …“ – „Fordómar í garð innflytjenda eru slæmir en …“ – „Ástralía brennur en …“ Í kjölfarið kemur svo ræða um illvirki Ísraelsríkis, hvort ekki eigi að hjálpa gamla fólkinu á undan innflytjendum og að það hafi nú stundum líka verið heitt í gamla daga.

Það getur verið erfitt að leita svara við stóru spurningum tilverunnar á tímum skoðunarinnar. Sem rithöfundur og blaðamaður fæst ég bæði við skáldskap og staðreyndir í skrifum mínum. Á þessum síðustu og verstu tímum hallast ég að því að skáldskapurinn sé ef til vill betur til þess fallinn að fanga sannleikann en það sem helst er í fréttum. En hvernig getur sannleikur falist í uppspuna?

Fáránleiki þess að bregðast ekki við vá sem ógnar framtíð mannkyns og lífi á jörðinni virðist ekki öllum ljós. Ef geimverur gerðu hins vegar innrás og hæfu að útrýma mannkyninu markvisst þætti flestum fáránlegt að láta skammtímahagsmuni stjórnmálafólks og stórfyrirtækja standa í vegi fyrir því að mannfólkið ynni saman að því að bjarga tegundinni.

Í fortíð, framtíð og hliðarveruleikum skáldskaparins má skoða samtímann frjálsan undan hlekkjum hugarfars, hagsmuna, fordóma og sjálfsins. Að skrifa skáldskap er eins og að prjóna. Raunveruleikinn er óreiða, samflæktur garnhnykill. Að greiða úr flækjunni sem mannleg tilvist er og búa til úr henni sögu dregur ekki úr sannleiksgildi efnisins. Líf okkar er samflæktur garnhnykill; þótt prjónuð sé úr honum peysa er enn um að ræða garn.

Bækur eru ekki aðeins besta jólagjöfin heldur má finna í þeim stóra sannleikann. Vonandi fær Elliði Vignisson allavega einn harðan pakka frá jólasveininum í ár. Gleðileg jól, kæru lesendur.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

SÆLKERAVERSLUN

# Vínberið

EST. 1976

GOURMET DELICACIES

· GÆÐA SÚKKULAÐI OG KONFEKT ·



VÍNBERIÐ · LAUGAVEGI 43 · 101 REYKJAVÍK · S. 551-2475



Georg Fannar Þórðarson og Katla Björg Dagbjartsdóttir voru fulltrúar Íslands í æfingabúðum FIS á Ítalíu á dögunum þar sem þau tóku þátt í tveimur mótum. MYND/SKÍÐASAMBAND ÍSLANDS

# Skíðaíþróttin í blóð borin

**Katla Björg Dagbjartsdóttir náði öðru sæti á alþjóðlegu FIS-móti á dögunum og er öll að ná fyrri styrk eftir meiðsli. Katla kemur úr mikilli skíðafjölskyldu og stefnir á að komast í landsliðið og síðar að keppa á stærstu mótum heims einn daginn.**



Katla Björg, hér til hægri, ferðast reglulega í æfinga- og keppnisferðir..



Katla er yngst fjögurra systkina.

**SKÍÐI** Katla Björg Dagbjartsdóttir var ekki lengi að láta að sér kveða þegar hún lenti í öðru sæti á alþjóðlegu FIS-móti í svigi á Ítalíu á dögunum stuttu eftir að hafa náð sér af meiðslum. Hin tvítuga Katla, sem er frá Akureyri, fylgdi því eftir með því að ná níunda sæti á öðru FIS-móti viku síðar. Hún var komin aftur til Íslands þegar Fréttablaðið náði í hana eftir að hafa verið í fjögurra vikna æfingabúðum á Ítalíu þar sem hún tók þátt í mótunum tveimur og var skiljanlega stolt af árangrinum. „Þetta var ótrúlega skemmtilegt, ég átti ekki von á því að ná svona góðum árangri strax þó að maður stefni auðvitað hátt,“ segir Katla, aðspurð hvort árangurinn hafi farið fram úr væntingum.

„Þessi ferð var góð til að sýna manni hvar maður stendur en silfrið stendur upp úr í þessari ferð þó að níunda sætið viku síðar hafi skilað fleiri FIS-stigum heldur en annað sætið,“ segir Katla og heldur áfram:

„Ég var búin að eiga svolítið erfitt með að ná tökum á sviginu dagana fyrir mótið enda í raun enn þá að stíga upp úr meiðslum. Ég meiddist illa í janúar þegar ég datt á móti í Svíþjóð. Við það fékk ég beinmar í hnénu, tognaði á liðbandi og það kom erting á liðþófann. Ég finn enn þá til en þetta er mun betra. Fyrir vikið náði ég í raun lítið sem ekkert að æfa seinni hluta síðasta tímabils. Það var erfitt að fara aftur af stað í haust en það small allt þarna í Monte Croce. Auðvitað er maður alltaf með háleit markmið og keppnisskap en ég fann ekki fyrir pressu fyrir mótið. Þar voru 78 þátttakendur og ég átti ekki von á að komast á verðlaunapall strax.“

Katla leggur áherslu á svig en keppir líka í stórsvigi.

„Við kepptum bara í svigi á Ítalíu. Ég einbeiti mér að sviginu frekar en stórsvigi, það gengur ekki jafn vel í stórsviginu og það er ekkert leyndarmál að það er erfiðara að æfa stórsvig á Íslandi. Við æfum mun meira svig á Íslandi.“

Katla kemur úr mikilli skíðafjölskyldu. Systur hennar, Tinna og Hrefna, eru báðar fyrrverandi landsliðskonur í íþróttinni og stefnir Katla á að komast í landsliðið á næstu árum.

„Skíðin eru mitt líf og yndi og ég hef æft frá barnsaldri. Systur mínar, Tinna og Hrefna, voru báðar í landsliðinu og eru mér miklar fyrirmyndir og hvetja mig áfram líkt og bróðir minn sem æfði skíði. Það má því segja að þetta sé okkur í blóð borið. Foreldrar okkar æfðu ekki skíði en eru mjög áhugasöm og stunda skíðamennsku. Þau eru dugleg að koma og styðja við bakið á mér þótt það þurfi stundum að halda aftur af þeim,“ segir Katla hlæjandi.

Hún segir ekki á dagskrá að fara til Bandaríkjanna í háskóla á skíðastyrk eins og algengt er hjá íslensku skíðafólki.

„Ég hef ekkert verið að skoða það. Ég er svo heimakær að mig langar eiginlega meira að vera áfram hér heima og fara reglulega utan til að keppa. Ég er með háleit markmið um að ná langt en ég vil geta komið heim þess á milli. Fólk hefur furðað sig á því og það stendur til boða að fara til Bandaríkjanna í nám og að æfa skíði með náminu en ég vil geta verið heima,“ segir Katla sem æfir við hvert tækifæri á Akureyri.

„Það eru æfingar flesta daga vikunnar, flestar þeirra uppi í brekku en líka í ræktinni. Þegar það er opið í brekkunni er maður að æfa en þegar það er lokað er maður í styrktaræfingum að byggja sig upp en auðvitað kemur hvíld inn á milli. Ef það eru góðar aðstæður fer maður upp í fjall.“

Aðspurð segir Katla, sem fagnaði tvítugsafmæli fyrr á þessu ári, fyrsta markmiðið vera að gera atlögu að sæti í landsliðinu og vinna titla á Íslandi áður en horft er lengra.

„Fyrsta markmið er að reyna við bikar- og Íslandsmeistaratitilinn í svigi hér heima, bæta stöðuna á heimslistanum og brjóta mér leið inn í landsliðið. Svo er maður alltaf með augun opin fyrir mótum erlendis og einn daginn er markmiðið að komast á Ólympíuleikana og heimsmeistaramótið.“

kristinnpall@frettabladid.is

## Gefur henni byr undir báða vængi

„Þetta var svakalega flott afrek hjá henni en hún á þetta svo sannarlega skilið eftir að hafa verið að ná sér af meiðslunum. Að fara til Ítalíu á mót af þessari stærðargráðu og komast strax á verðlaunapall og fylgja því eftir með því að ná níunda sæti á sterkara móti viku síðar,“ sagði Grímur Rúnarsson, landsliðsþjálfari Íslands í alpagreinum, aðspurður út í afrek Kötlu.

Aðspurður tók Grímur undir það að það hefði komið honum á óvart hversu fljótt hún væri komin aftur í fremstu röð.

„Í hreinskilni átti maður ekki von á því að hún næði strax þessum árangri en þetta er viðurkenning á allri þeirri vinnu sem hún lagði á sig í endurhæfingunni. Hún var þarna að uppskera eftir allt erfiðið sem hún hefur lagt á sig undanfarið ár.“

Grímur segist fylgjast vandlega með uppgangi Kötlu.

„Hún er afar efnileg og slær ekkert slöku við. Hún æfir á fullu og er með gott bakland úr skíðafjölskyldu. Það eru engar ástæður til þess að halda annað en að hún geti náð langt í framtíðinni. Þetta gefur henni byr undir báða vængi snemma á tímabilinu,“ sagði landsliðsþjálfarinn enn fremur.


KRÓNAN
Veislumatur fyrir alla
Lambahryggur með hvítlauksfyllingu
6999 kr. kg
VERIÐ VELKOMIN
Kjötkompaní
STOFNAÐ 2009
Nautalund miðja Chateaubriand með rósmarín og trufflu marineringu
10980 kr. kg
Lambalæri með villisveppafyllingu
4999 kr. kg
Ekkert ves í des
VEGAN
vegan
Ný og endurbætt uppskrift
happ
Vegan Wellington
Vegan Wellington
2899 kr. stk.
Villisveppasósa
998 kr. stk.
OPIÐ ALLA HELGINA 9-22
Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# GLÆNÝ UPPSKERA AF VÍNBERJUM

FERSKT
MEÐ FLUGI



Jarðarber



Vínber Suður-Afríka
rauð, græn og blá

verð frá **999** kr/kg

FERSKT
MEÐ FLUGI



Hindber

FERSKT
MEÐ FLUGI



Rifsber

FERSKT
MEÐ FLUGI



Bláber

FERSKT
MEÐ FLUGI



Brómber



Blómkál

verð frá **549** kr/kg



Grænn og hvítur aspas

verð frá **999** kr/pk



Rósakál

**299** kr/pk



Ferskir villisveppir

verð frá **399** kr/pk



Kartöflur frá Frakklandi Ratte,
Jazzy, bláar og Amadine

verð frá **699** kr/kg



Rauðkál

**169** kr/kg

# Meira
# úrval




**Oumph! Wellington**

**1.599** kr/stk

VEGAN




**Vegetarian plus ham roll**
**1,2 kg**

**3.999** kr/stk

VEGAN




**Vegetarian plus Whole turkey**
**2,72 kg**

**7.999** kr/stk

VEGAN




**Vegetarian plus Turkey roll**
**825 g**

**3.999** kr/stk

VEGAN



**Móðir jörð hnetusteik**
**4 x 125 g**

**939** kr/stk

VEGAN




**Móðir náttúra hnetusteik og hátíðarhnetusteik 500 g**

verð frá **1.099** kr/stk

VEGAN




**Gló hnetusteik 500 g**

**1.799** kr/stk

**HAGKAUP**

*Meira*
svona
*alla daga*

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN



**Ekki missa af:** Sólhvörfum

Sýning **Einars Egilssonar**, **Sólhvörf,** stendur yfir til loka Þorláksmessudags í Núllinu galleríi. Einar sýnir 25 ljósmyndir og ljósaverk. Núllið er í Bankastræti 0, þar sem áður voru salerni fyrir borgarbúa.



**Arnar Ingi, Úlfur Alexander, Kári, Ólafur Daði, Dagur og Logi mynda ábreiðusveitina Bjartar sveiflur.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN PÁLSSON

# Ball að bandarískri fyrirmynd

**Hljómsveitin Bjartar sveiflur stendur fyrir balli í kvöld í anda lokaballa í bandarískum gagnfræðaskólum. Gestir klæða sig í sitt fínasta púss og dansa fram á rauðanótt.**

Ábreiðuhljómsveitin Bjartar sveiflur stendur fyrir svokölluðu „prom“ á Hressó í kvöld, en þetta er annað árið í röð sem viðburðurinn er haldinn. Gestir klæða sig upp á í anda bandarísku hefðarinnar í kringum lokaböll í gagnfræðaskólum þarlendis. Tískuspekúlantarnir Saga Sig og Erna Bergmann velja svo „Prom king“ og „Prom queen“. Strákarnir í hljómsveitinni segjast stefna á að halda hefðinni við um ókomin ár og eru nú þegar farnir að undirbúa Prom 2020. Fréttablaðið fékk þá til að svara nokkrum léttum spurningum um jólin í tilefni ballsins.

*Hver er ömurlegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?*

**Kári:** Leikfangasími frá vini mínum þegar ég var 11 ára. Ég gaf honum geggjaða gjöf.

*Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin?*

**Dagur:** Að vakna á aðfangadag og horfa á barnaefnið á RÚV.

**Arnar:** Þaulæfð skemmtiatriði til að passa að enginn í fjölskyldunni fari að rífast.

> **ÞAÐ BESTA VIÐ JÓLIN ER AÐ VERA UNDIR TEPPI.**
>
> Úlfur

**Úlfur:** Það besta við jólin er að vera undir teppi.

*Hvert er draumasamstarfið?.*

**Ólafur:** Bjartar sveiflur: The Musical, þar sem Selma Björns, Birgitta Haukdal, Svala Björgvins, Ragga Gísla, Sigga Beinteins og Sigríður Thorlacius fara með helstu hlutverk.

**Arnar:** Sinfóníuhljómsveit Íslands.

*Í ljós kemur að hin aldraða djasssveit elliheimilisins Hlífar á Ísafirði, Bjartar sveiflur, ætlar í útrás. Fyrir liggur að þeir hafa rétt á nafninu, hvað myndir þú þá nefna sveitina?*

**Dagur:** Við mundum kalla okkur Glatt á hjalla.

**Logi:** Drullunettir halar

*Hvort myndir þú borða bara jólamat eða bara pitsu það sem eftir er?*

**Ólafur:** Pitsu og Oreo-kex, ef ég mætti ráða.

*Hvernig tónlist myndu Dökkar sveiflur spila?*

**Dagur:** Tónlist sem fjallar um ástir og vonbrigði.

**Arnar:** Tónlist sem fólk í sleik á kaffibarnum getur hunsað samviskusamlega.

**Kári:** Dökkar sveiflur myndu spila leiðinlega, óvinsæla frumsamda tónlist

*Hvaða jólasveinn er versta fyrirmyndin?*

**Dagur:** Klárlega Giljagaur.

**Logi:** Gluggagægir, maður á ekki að skipta sér af hlutum sem koma manni ekki við.

*Hver er maður eða kona ársins að þínu mati?*

**Ólafur:** Kona ársins þetta ár og öll ár er Cher, verndari Bjartra sveiflna

**Logi:** Manneskjan sem tæmir pappa- og plastruslatunnurnar fyrir utan hjá mér.

*Hvert er uppáhalds jólalagið?*

**Arnar:** Senn koma jólin með Siggu Beinteins og er eina alvöru jólalagið.

*Hvert er leiðinlegasta jólalagið?*

**Arnar:** Öll jólalög sem eru ekki Senn koma jólin með Siggu Beinteins

*Hver er þín jólaósk?*

**Ólafur:** Að finna draumaprinsinn Benóný á ballinu í kvöld.

Dansið fram á rauðanótt í ykkar fínasta pússi á „prom“ í kvöld, en ballið hefst klukkan 21.00 á Hressó og það er frítt inn.

**steingerdur@frettabladid.is**

## Verður að fá hangikjöt með uppstúf og rófustöppu

Þann 26. desember frumsýnir RÚV þættina Brot (The Valhalla Murders) sem eru í leikstjórn Þórðar Pálssonar, Davíðs Óskars Ólafssonar og Þóru Hilmarsdóttur. Brot fjallar um rannsóknarlögreglumanninn Katrínu Gunnarsdóttur sem Nína Dögg Filippusdóttir leikur.

„Við vorum í miklu samstarfi við lögregluna og tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var okkur mikið innan handar. Við fengum að tala við rannsóknarlögreglumenn og fengum innsýn í starf fíkniefnadeilda. Við lærðum alls kyns brögð og það var alveg magnað að fá alla þessa innsýn í starf lögreglunnar. Ég ber ómælda virðingu fyrir lögreglunni, störf hennar eru óeigingjörn. Þetta er fólk sem gefur sig allt í starfið og mér finnst það megi kynna inntak starfs þess betur fyrir fólki. En ég sjálf, ég hefði hvorki styrk né taugar í að starfa sem lögreglumaður.“

Katrín rannsakar dularfull morð í Reykjavík, Nína segir hana vera hörkutól. „Við köllum hana okkar á milli Kötu í klandri. Hún er sterk kona, húmoristi, metnaðargjörn og með þykkan skráp. En hún er líka að glíma við ósköp hversdagslega hluti eins og við hin.“

Í tökunum reyndi Nína ýmislegt sem hún hefur ekki gert áður. „Eins og að synda í sjónum um hávetur! Ég geri það nú ekki mikið oftar.“

Jólin hjá Nínu og fjölskyldu verða óvenjuleg, hún og eiginmaður hennar Gísli Örn Garðarsson standa í miklum framkvæmdum á heimili sínu á Seltjarnarnesi. „Hefðirnar eru hvort sem er allar að beygjast. Við héldum fast í þá hefð að skreyta jólatréð á Þorláksmessu. En jólin í ár verða öðruvísi, við vitum til dæmis ekki alveg hvar við verðum



**Nína Dögg leikur eitt aðalhlutverka í þáttunum Brot.**

> **HÚN ER STERK KONA, HÚMORISTI, METNAÐARGJÖRN OG MEÐ ÞYKKAN SKRÁP.**

yfir hátíðarnar. Þurfum að biðja stórfjölskylduna að taka við okkur í mat,“ segir hún og hlær. „Annars held ég lítið í hefðir fyrir utan það að yfir hátíðarnar verð ég að fá hangikjöt með uppstúf og rófustöppu. Það finnst mér alveg toppurinn!“ – kbg

*Veislan verður betri.*

*Saumaklúbburinn verður betri.*

*Afmælið verður betra.*

*Jólaboðið verður betra.*




Carr's

**Það verður allt betra með Carr's.**

# Þögnin er ekki til góðs

**Bergrún Íris Sævarsdóttir,** rithöfundur og teiknari, settist niður með blaðamanni og ræddi um dauðann og það hvernig bókmenntir geta reynst öflugt tæki fyrir börn til að koma hugsunum sínum og tilfinningum í orð.

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn@frettabladid.is





**Bergrún hefur skrifað og myndskreytt fjölda barnabóka. Hún segist leggja mikið upp úr því að tala hreinskilið og opinskátt við börn í bókum sínum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ef við ætlum að virkilega að undirbúa börnin okkar undir lífið þá verðum við að fjalla um allar hliðar þess, segir Bergrún Íris Sævarsdóttir, rithöfundur og teiknari.

Jólin eru sá tími árs sem reynist mörgum sem hafa misst ástvin erfiður. Foreldrum hættir til þess að reyna að hlífa börnum sínum við flóknum og erfiðum tilfinningum sem tengjast missi og sorg. Bergrún Íris segir foreldra vilja hlífa börnum sínum við sársauka. En það geri þeir ekki með þögninni. Dauðinn sé jafn eðlilegur hluti af lífinu og það að fæðast.

„Vissulega er dauðinn eðlilegur hluti af lífinu og það ætti að vera auðvelt og eðlilegt að tala um hann en á sama tíma er umræðuefnið viðkvæmt. Maður vill auðvitað hlífa börnunum sínum við sársauka og þess vegna þurfum við að kenna þeim að hlífa sér,“ segir Bergrún.

„Við hlífum þeim ekki við sársauka með því að senda þau hjálmlaus út að hjóla og þetta er hjálmurinn sem við getum gefið þeim í lífinu. Sagt þeim það sem við vitum. Að líkaminn verði eftir og að allir deyi einhvern tímann en dauðanum fylgir auðvitað mikil óvissa.“

**Vandmeðfarið umræðuefni**

Dauðinn kemur við sögu í nýrri bók Bergrúnar. „Ég vissi alltaf að þetta myndi fara þannig að hann myndi deyja í þriðju bókinni,“ segir Bergrún. Hún hefur skrifað fjölda barnabóka og myndskreytt enn fleiri. Nýjasta bókin hennar, Langelstur að eilífu, er sú þriðja í röð bókanna um vinina Rögnvald og Eyju.

Bókaröðin fjallar um hina sex ára Eyju sem kynnist Rögnvaldi þegar hún byrjar í fyrsta bekk. Hann er níutíu árum eldri en Eyja en þrátt fyrir mikinn aldursmun tekst með þeim mikil og sterk vinátta. Í síðustu bókinni deyr Rögnvaldur sem þá er orðinn 97 ára gamall.

„Ég vissi alltaf að ég myndi vilja skrifa bók þar sem ég fylgi barni í gegnum það að missa besta vin sinn og þarna hafði ég svo ótrúlega gott tækifæri til þess án þess að fjalla um barn deyja,“ segir Bergrún.

„Dauðinn er vandmeðfarið umræðuefni,“ segir Bergrún. „Ég vildi vanda mig mikið og ég spurði marga álits, svo sem presta, sálfræðinga, börn og foreldra.“

Hún fékk jákvæð viðbrögð úr öllum áttum og fólk tók því fagnandi að Bergrún skyldi fjalla um dauðann í barnabók. „Þegar ég fékk svona jákvæð viðbrögð varð ég enn meira viss um að ég væri að gera rétt með því að fjalla um dauðann og tilfinningarnar sem honum fylgja og mér fannst það ekki viðkvæmt. Svo þegar bókin kom út fékk ég smá hnút í magann og hugsaði með mér hvað ég væri að gera öllum börnunum sem myndu lesa,“ segir hún.

**Lífið ekki dans á rósum**

*Ertu þá að meina að þú hafir sett börnin í þær aðstæður að upplifa sorg sem þau hefðu annars ekki þurft að upplifa?*

„Já, af því að mörg börn þekkja Eyju og Rögnvald. Svo tek ég ákvörðun um það að Rögnvaldur þurfi að deyja og að þau þurfi að þola það, en ég komst yfir þessa tilfinningu enda trúi ég því að bókin sé mikilvæg,“ segir Bergrún.

*Í bókaröðinni og í mörgum af bókunum þínum eru ýmsir þættir sem gætu talist sorglegir og jafnvel hræðilegir. Eyja á ekki vini í upphafi og stríðni kemur fyrir svo dæmi séu tekin. Finnst þér það vera allt öðruvísi harmleikur en dauðinn?*

„Nei, í rauninni ekki og ég held að það sé rauður þráður í öllum bókunum mínum að tala hreinskilnislega og opið um alla hluti því að lífið er auðvitað ekki alltaf dans á rósum,“ segir Bergrún.

**VISSULEGA ER DAUÐINN EÐLILEGUR HLUTI AF LÍFINU OG ÞAÐ ÆTTI AÐ VERA AUÐVELT OG EÐLILEGT AÐ TALA UM HANN.**

„Bækurnar eru samt gamanbækur og þrátt fyrir dauðann er mikið grín inni á milli. Rögnvaldur og Eyja gera lista yfir hluti sem hann á eftir að gera áður en hann deyr. Eins og að hoppa á trampólíni, fara í vatnsrennibraut og í fallhlífarstökk. Við fáum að fylgjast með þeim fikra sig niður listann á sama tíma og það styttist í dauðann hjá honum,“ segir hún.

Í bókinni skína tilfinningar Eyju í gegnum skrif Bergrúnar og lesandinn upplifir mikla samúð með henni. „Eyja stendur á miklum tímamótum því að á sama tíma og hún fær að vita að það styttist í annan endann hjá Rögnvaldi fær hún að vita að hún sé að verða stóra systir,“ segir Bergrún.

„Hún er ekki ánægð með þessar fréttir. Hvorki um dauðann né nýja lífið sem er að kvikna. Hún er einkabarn og finnst gott að eiga foreldra sína út af fyrir sig en líður eins og það sé ætlast til þess að hún eigi að vera ánægð með það að eignast systkini,“ segir hún.

**Ætlum börnum tilfinningar**

„Það truflar mig hvernig við sem samfélag tölum alltaf við börn eins og þau séu spegilmynd af okkur. Í staðinn fyrir að spyrja þau hvað þeim finnst eða hvernig þeim líður þá ætlum við þeim einhverjar tilfinningar. Við spyrjum þau hvort



Tekla baðsloppur, lífrænn bómull: 21.990 kr.


# Jólagjöfin er TEKLA

NORR11 er heimili TEKLA Fabrics á Íslandi. Hjá okkur færðu rúmföt, teppi, handklæði og sloppana vinsælu. Tekla vörurnar eru allar gerðar úr vandlega völdum umhverfisvænum efnum fyrir nútíma heimili og fólk. Jólagjöfin er TEKLA.

NORR11

Hverfisgata 18a
101 Reykjavík



**Bergrún missti ömmu sína þegar hún var tíu ára gömul og hafði það mikil áhrif á hana.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

þau séu ekki spennt að eignast lítið systkini í stað þess að spyrja þau hvernig þeim líði með það,“ útskýrir Bergrún.

„Þegar börnum eru tilkynntar slíkar fréttir erum við foreldrarnir oft með símann á lofti til þess að fanga augnablikið og gleðina sem því á að fylgja en þegar einhver deyr tekur enginn myndir og myndbönd. Fyrir Eyju eru það miklu stærra augnablik í hennar lífi að Rögnvaldur deyi en að mamma hennar sé ófrísk,“ heldur hún áfram.

*Dauðinn er umræðuefni sem margir forðast og fara jafnvel í kleinu þegar hann ber á góma. Hvað varð til þess að þú ákvaðst að taka dauðann fyrir í barnabók?*

„Mér finnst þetta mikilvægt umræðuefni og þegar ég hugsa um það hvaða bækur höfðu hvað mest áhrif á mig þegar ég var barn voru það bækur sem fjölluðu að einhverju leyti um dauðann. Uppáhaldsbókin mín er og verður Bróðir minn Ljónshjarta og bókin Vestur í bláinn hafði líka gríðarlega mikil áhrif á mig. Báðar fjalla þær mikið um dauðann,“ segir Bergrún.

„Þó að við viljum vera nærgætin sem fjölskyldumeðlimir eða höfundar og að dauðinn sé umræðuefni sem fáir vilja tala um þá mun allt þetta óþægilega koma fyrir börnin okkar og það er betra að þau séu undirbúin,“ segir hún.

**Ekki tipla á tánum**

„Þegar það kemur svo upp á að börn deyi, börn í grunnskóla missi foreldri eða eitthvað slíkt hlýtur það að skipta sköpum að bekkjarfélagarnir hafi einhverja reynslu af því að tala um það eða hafi kannski nýlega lesið bók sem fjallar um dauðann á einhvern hátt þannig að sá sem verður fyrir sorginni sé ekki aleinn. Að það séu ekki allir tiplandi á tánum í kringum syrgjandann og viti ekki hvað þeir eiga að segja,“ útskýrir Bergrún.

„Það er von mín að því meira sem við tökum lífið eins og það er, bæði með sorg og gleði, inn í afþreyingu fyrir börn því eðlilegra verði að tala um allt sem því fylgir,“ bætir hún við.

**Mikilvægt að gefa heiðarleg svör**

Þegar Eyja fær þær upplýsingar frá Rögnvaldi að það styttist í dauðann hjá honum bregður henni við og hún biður pabba sinn um svör. „Hann fer að tala í kringum hlutina. Segir henni að það sé farið að styttast í annan endann hjá honum og að það sé stutt eftir. Hún skilur ekki hvað hann er að segja og vill bara fá heiðarleg svör,“ segir Bergrún.

„Þegar hún svo fær hreinskilin svör gerir hún það sem svo margir gera þegar þeir lenda í erfiðleikum, bæði börn og fullorðnir. Hún snýr upplýsingunum upp í verkefni og þau útbúa listann,“ segir hún.

*Heldur þú að það sé þannig að börn hafi alla burði til að takast á við verkefni sem þessi en skorti jafnvel hreinskilnislegar upplýsingar um það sem er að eiga sér stað?*

„Já, ef þau fá að gera það á sínum eigin forsendum. Ég held að ef barn hefur vitsmunalegan þroska til að setja saman spurningu um eitthvað þá eigi það rétt á svari og hlutverk okkar fullorðna fólksins er að setja það saman. Það er krefjandi og eitt af því erfiðasta við það að vera foreldri eru þessar erfiðu spurningar,“ segir Bergrún.

**Umhverfiskvíði barna**

Bergrún á sjálf tvo syni og segir hún að viðbrögð þeirra við dauða Rögnvaldar hafi verið afar misjöfn þegar hún las fyrir þá bókina. „Ég er búin að lesa bókina tvisvar fyrir strákana mína. Í fyrra skiptið fékk ég lítil viðbrögð frá þeim eldri. Ég spurði hann hvort honum þætti bókin sorgleg. Hann sagði já, já en svona er bara lífið,“ segir hún.

„Þegar ég svo las hana fyrir þá í annað skiptið verður sá yngri virkilega sorgmæddur og ég heyri þann eldri segja honum að þetta sé allt í lagi en að hann hugsi mikið um dauðann þegar hann fari að sofa.“

Bergrúnu brá mikið við þessar upplýsingar og hún segist ekki hafa gert sér grein fyrir því að sonur hennar hugsaði mikið um dauðann. „Í ljós kemur að hann var að upplifa mikinn umhverfiskvíða og var með áhyggjur af jörðinni og afleiðingum hlýnunar jarðar,“ segir Bergrún.

„Með því að lesa bókina var auðvelt fyrir okkur að koma þessari umræðu upp á yfirborðið. Þarna vorum við með tól sem hjálpaði strákunum mínum að koma sínum tilfinningum og hugsunum um dauðann í orð og út frá því gátum við tekið á vandamálinu,“ segir hún.

„Við erum að ala upp heila kynslóð sem heyrir því reglulega kastað fram að jörðin okkar sé í hættu og hvaða afleiðingar það hafi í för með sér. Dauðinn er mjög nálægur þessari kynslóð og ég held að því meira sem við tölum um hann því betra,“ segir hún.

*Dauðinn er auðvitað þannig að innst inni eru flestir hræddir við hann og ég þekki það af eigin reynslu að þegar börn missa foreldri eða einhvern nákominn sér vekur það upp ýmsar spurningar. Þau fara að velta fyrir sér hver sé næstur, hvernig þau muni sjálf deyja og hvað tekur við eftir dauðann. Heldur þú að aukið upplýsingaflæði til barna geti jafnvel slegið á kvíða?*

„Já, hundrað prósent og ekki bara tengt dauðanum heldur bara með allt. Ef við erum að fara til útlanda þá segjum við börnunum okkar ekki bara að við séum að fara í flugvél. Við útskýrum fyrir þeim hvað sé í vændum og það verður að vera einhver áfangastaður,“ segir Bergrún.

„Hver og ein fjölskylda hefur svo sínar hugmyndir um það sem tekur við en því meira sem við tölum saman því auðveldara verður að melta þetta allt. Með þessu samtali erum við líka bara að opna á það að barnið leiti til okkar með spurningar þegar þær vakna.“

**Upplifði trúnaðarbrest**

*Hvernig er hægt að takast á við þá óvissu sem fylgir dauðanum?*

„Í jarðarför Rögnvaldar spyr Eyja að því hvað taki við hjá honum. Bókin er ekki trúarleg en jarðarförin á sér stað í kirkju og vinkona Rögnvaldar útskýrir fyrir Eyju að það sem hver og einn trúir sé það sem tekur við og að fólk geti trúað ólíkum hlutum. Svo óvissan er bara til staðar í bókinni,“ segir Bergrún.

*Það eru ekki margir sem gefa dauðanum gaum án þess að hafa kynnst honum í nærumhverfi sínu og fæstir taka upp á því að ræða hann. Við deilum þeirri reynslu að hafa misst sömu manneskjuna á sama tíma. Pabbi minn var tónlistarkennarinn þinn og þegar hann dó missti ég pabba minn og þú kennarann þinn. Hvaða upplifanir urðu til þess að þú fórst að leiða hugann að mikilvægi þess að tala um dauðann?*

„Þegar ég var tíu ára fékk amma mín hjartaáfall og lenti á spítala,“ segir Bergrún. „Ég heimsótti hana ekki á spítalann og svo eina nóttina dó hún. Morguninn eftir vaknaði ég óvenju snemma. Eldri bróðir minn var að bera út blaðið á þessum tíma svo að hann var vaknaður og þegar ég fer fram þá heyri ég mömmu segja honum hvað hafði gerst,“ bætir hún við.

„Ég fer aftur upp í rúm, reyni að sofna og óska þess að mig hafi verið að dreyma. Þegar ég er svo að fara í skólann spyr ég móður mína hvort eitthvað hafi komið fyrir. Hún segir nei og segir mér að drífa mig bara í skólann,“ segir Bergrún.

Á þessu augnabliki upplifði hún eins konar trúnaðarbrest. „Þegar ég kem heim úr skólanum segja foreldrar mínir mér að amma sé dáin og í dag skil ég vel að þau hafi gert þetta svona,“ segir hún.

„Þau vissu ekki að ég hafði heyrt til þeirra og pabbi minn þurfti að jafna sig örlítið á því að hafa misst mömmu sína áður en hann sagði okkur frá því,“ útskýrir Bergrún.

**Samkenndin mikilvæg**

„Önnur minning þessu tengd er þegar snjóflóðið féll á Flateyri. Þá er ég að gista hjá vinkonu minni og það er verið að fjalla um snjóflóðin í sjónvarpinu. Okkur þykir það afskaplega sorglegt og förum báðar að hágráta. Þá horfir mamma hennar á okkur og segir okkur að hætta þessu væli því við höfum ekkert þekkt þetta fólk,“ segir hún og lýsir því hvernig hún hafi fundið til samkenndar með fólkinu sem hafði misst ástvini í snjóflóðinu og sorgar vegna þeirra sem látið höfðu lífið. „Þarna fannst mér ég ekki fá að upplifa tilfinningar mínar og ég held að það sé einmitt mikilvægt fyrir börn að fá að gera það,“ bætir Bergrún við.

„Þegar þú misstir pabba þinn og ég trompetkennarann minn var það líka stórt og skrítið fyrir mig því að hann var svo ungur. Dauðinn hafði fram að þessu verið frátekinn fyrir gamla fólkið. Mín upplifun af dauðanum var sú að gamalt fólk deyr og ég þurfti ekki að hafa neinar áhyggjur af foreldrum mínum af því að það væri langt þangað til að þau yrðu gömul. En þarna deyr maður í blóma lífsins og hann á börn á svipuðum aldri og ég.“

*Já, við vorum svo ungar, báðar bara tólf ára og hann ekki nema 38 ára.*

„Já, og á sama tíma fannst mér ég ekki eiga rétt á þessu áfalli vegna þess að þetta var ekki mín nánasta fjölskylda og maður fer hálfpartinn að skammast sín fyrir það að vera rosalega sorgmæddur af því að einhver annar missti pabba sinn, einhver sem stendur mun nær,“ útskýrir Bergrún.

*Heldur þú að við gerum of mikið af því að leggja mælikvarða á sorg og velta því fyrir okkur hver eigi mestan rétt á því að vera sorgmæddur yfir ákveðnum atburði?*

„Já, ég held að við gerum þetta við marga hluti, bæði sorg og ýmislegt annað. Við erum einhvern veginn alltaf að segja okkur að það sé einhver sem hafi það verra en við, hafi minna á milli handanna en við og svo framvegis.“

*Og gleymum því kannski að það geti margir orðið sorgmæddir yfir einum og sama atburðinum?*

„Já, akkúrat.“

**Kafar í það sem skiptir máli**

*Hvað tekur við nú þegar Rögnvaldur er ekki lengur á lífi?*

„Ég og nokkrir góðir vinir Rögnvaldar munum halda fyrir hann minningarathöfn þar sem við kveðjum hann og gæðum okkur á brauðtertu. Svo mun ég bara halda áfram að búa til bækur,“ segir Bergrún.

„Ég hugsa að ég muni aldrei skrifa bók nema kafa í málefni sem skipta máli og ég er með ýmislegt spennandi í bígerð. Svo hvet ég börn og foreldra til þess að lesa saman eða sitt í hvoru lagi. Því að þegar kemur að lestri erum það við, fullorðna fólkið, sem erum fyrirmyndirnar. Það skiptir svo miklu máli fyrir börn að sjá fullorðið fólk lesa bækur og að það séu skrifaðar fyrir þau bækur,“ segir Bergrún.

**OKKUR ÞYKIR ÞAÐ AFSKAPLEGA SORGLEGT OG FÖRUM BÁÐAR AÐ HÁGRÁTA. ÞÁ HORFIR MAMMA HENNAR Á OKKUR OG SEGIR OKKUR AÐ HÆTTA ÞESSU VÆLI ÞVÍ VIÐ HÖFUM EKKERT ÞEKKT ÞETTA FÓLK.**


omnom
CHOCOLATE
REYKJAVÍK
Omnom Factory Shop, Hólmaslóð 4, 101 Reykjavík | www.omnomchocolate.com



Ráðgjafar Foreldrahúss hafa margsinnis heyrt frásagnir foreldra af tíðum göngutúrum ungmenna sem þau föttuðu ekki fyrr en síðar að voru notaðir til neyslu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Viðvörunarbjöllur hringja á jólum

Fíkniefnið spice hefur gert vart við sig meðal hópa ungmenna í öllum hverfum. Ráðgjafar hjá Foreldrahúsi vilja að foreldrar þekki viðvörunarmerkin og einkenni neyslu unglinga sem hægt er að bera kennsl á í samverunni sem fylgir jólunum.

Ari Brynjólfsson
arib@frettabladid.is



Fíkniefnið spice hefur gert vart við sig meðal hópa ungmenna í öllum hverfum. Ráðgjafar hjá Foreldrahúsi vilja að foreldrar þekki viðvörunarmerkin og einkenni neyslu unglinga sem hægt er að bera kennsl á í samverunni sem fylgir jólunum.

Fyrir marga unglinga eru jólin tími þar sem sólarhringnum er fullkomlega snúið á haus. Um leið er aðfanga- og jóladagur sá tími ársins sem margir foreldrar verja helst í náin samskipti við unglinginn og taka þá margir eftir merkjum sem ekki hafa verið augljós fram að því. Jólin eru erilsamur tími hjá ráðgjöfum Foreldrahúss, samtökum sem hafa aðstoðað foreldra ungmenna í neyslu síðustu þrjá áratugina. Fyrir utan hefðbundna áfengisneyslu er komin inn í myndina mikil kókaínneysla ungmenna og nýtt fíkniefni, spice, er farið að gera vart við sig meðal grunnskólanemenda.

**Spice í öllum hverfum**

„Fyrir tveimur árum kom fyrsta tilfelli spice inn til okkar. Þau voru einhver í fyrra, en það var ekki fyrr en í haust að þetta byrjaði að vera algengt. Nú getum við fullyrt að spice er komið í almenna dreifingu meðal ungmenna. Við erum að heyra af spice í öllum hverfum," segir Berglind Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Foreldrahúss. Símtölin sem berast eru iðulega á þá leið að foreldri veit ekki hvað barnið þess hefur tekið inn. Helstu einkenni ofneyslu eru krampaköst, andnauð og jafnvel geðrof. „Svarið mitt er alltaf: Farðu á bráðamóttökuna strax eða hringdu á sjúkrabíl."

Spice er eitt erfiðasta efnið sem lögreglan fæst við um þessar mundir. Síðustu ár hefur neyslan verið mest áberandi á Litla-Hrauni en nýverið hefur efnið verið að finnast í rafrettum hjá unglingum.

Spice telst til „nýmyndaðra kannabínóíða", þá er efnafræði beitt til að búa til vímugjafa. Framleiðendurnir eru sífellt að breyta efnunum sem þýðir að notendurnir geta ekki vitað hvað þeir setja ofan í sig. Hafa komið upp mörg tilfelli

**HELSTU EINKENNI OFNEYSLU ERU KRAMPAKÖST, ANDNAUÐ OG JAFNVEL GEÐROF.**

ofneyslu á Litla-Hrauni. Við krufningu á fanga sem lést síðla sumars fannst mikið af fíkniefninu.

„Fangar á Litla-Hrauni kunna ekki að umgangast efnið, hvað þá unglingar. Þótt þeir haldi að þeir viti ýmislegt um efnið, þá geta þeir sannarlega farið sér að voða," segir Berglind.



Berglind Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Foreldrahúss.

„Það sem gerir þetta verra er að þetta er svo lítið, þetta er ekki eins og poki af grasi, þetta er glær, lyktarlaus vökvi," segir Guðrún B. Ágústsdóttir ráðgjafi. „Það er erfitt að greina þetta í þvagi, krakkarnir vita það."

**Einkenni neyslu**

Ráðgjafar Foreldrahúss hafa sótt sér þekkingu víða að um spice sem bætist ofan á það sem þau heyra í viðtölum við skjólstæðinga sína. „Við erum helst að heyra af þessu í veipi," segir Berglind. Guðrún bætir við að

> **EF ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ LEYFA ÞEIM AÐ VERA Í LAUSAGANGI OG GISTA HVAR SEM ER Í EINHVERN TÍMA ÞÁ VERÐA KRAKKARNIR AUÐVITAÐ DRULLUFÚLIR ÞEGAR ÞETTA ER TEKIÐ AF ÞEIM.**

dæmi séu um að dropi af spice sé settur í drykk eða jafnvel í nammi. „Stundum er þetta ekki einu sinni viljandi, krakkar geta verið algjörir bjánar. Kannski eru foreldrarnir búnir að taka af þeim veipið, þá biðja þau um smók hjá öðrum. Þau vita ekki alltaf hvort það er kannabisvökvi eða spice í þessu sem þau eru að fá að smakka,“ segir Guðrún. „Þar sem erfitt reynist að mæla þetta í þvagi, þá þurfa foreldrar að vera á varðbergi fyrir öðrum hlutum sem gefa til kynna að ekki sé allt með felldu. Sérstaklega ef það hafa verið tengslarof á einhverjum tíma á undan, skipt um skóla, hætt í íþróttum eða skilnaður.“

Einkenni neyslu eru þó ávallt svipuð sama hvaða efni er notað. Sama á við um hver viðbrögð foreldra eiga að vera þegar þau grunar að unglingurinn á heimilinu sé kominn í ógöngur. Guðrún segir að nýir vinir í öðru hverfi séu fyrstu viðvörunarbjöllurnar. „Hvað eru þau að gera í allt öðru hverfi? Hvern eru þau að hitta? Hvað er unglingurinn að gera?“

## Foreldrasamtal

Það er aldrei of seint að koma ungmenni til hjálpar ef það fer út af sporinu. Guðrún segir að það fyrsta sem þurfi að gera sé að stöðva lausaganginn. „Þau eiga að vera í hverfinu sínu, ekki fara í annan bæjarhluta nema þú vitir nákvæmlega hvað þau eru að gera. Þau eiga að koma heim í mat,“ segir Guðrún. „Svo að taka fyrir allar þessar gistingar. Sérstaklega ef það er einhver sem þau myndu aldrei bjóða heim í mat.“

Slíkar aðgerðir geta þó skapað samskiptavanda til skamms tíma. „Ef það er búið að leyfa þeim að vera í lausagangi og gista hvar sem er í einhvern tíma þá verða krakkarnir auðvitað drullufúlir þegar þetta er tekið af þeim. Sum geta orðið alveg brjáluð. Það þarf einfaldlega að grípa inn í strax og eitthvað kemur upp,“ segir Guðrún.

Berglind segir farsælast að leyfa hlutunum ekki að fara á þann stað. „Við erum að tala um áttundu og níundu bekkinga. Það er fullsnemmt að leyfa þeim að gera hvað sem er. Og ekki leyfa þeim að veipa.“

Inn í þetta spilar líka að hvert heimili er með sérstakar reglur. „Á hinum Norðurlöndunum er þetta oft tæklað með þar til gerðum foreldrasáttmála. Þá hittast foreldrar í skólanum á haustin og leggja línurnar fyrir veturinn,“ segir Berglind. „Þá ákveða foreldrar í sameiningu hvernig gistingar eiga að ganga fyrir sig, hvernig útivistartími eigi að vera og jafnvel tölvuleikir.“

Guðrún segir slíkt fyrirkomulag geta skipt sköpum. „Það er kominn vísir að þessu í nokkrum skólum hér á landi. Það mætti alveg gera meira af þessu.“

Þær mæla með og þekkja til samvinnu milli foreldra þegar börnin hafa lent út af sporinu. Í síðustu viku heimsótti Guðrún skóla á höfuðborgarsvæðinu til að ræða við foreldra. „Ég er iðulega beðin um að koma þegar upp eru komin vandræði, sjaldan áður en vandamálin byrja. Það mættu nítján foreldrar af tvö hundruð og fimmtíu,“ segir Guðrún. „Þau sem mættu höfðu ekki neinar áhyggjur af sínum börnum. Það er algeng mýta að börn í vanda komi eitthvað frekar frá einhverjum vandræðaheimilum. Ég segi við þá foreldra: Það er hætt við smiti og þetta getur haft áhrif á ykkar börn. Það skiptir engu þó að barnið þitt hafi aldrei lent í veseni. Þið munið alltaf græða á því að vera í góðum samskiptum við aðra foreldra.“

## Göngu-Hrólfar

Annað merki um að unglingar séu komin í vafasaman félagsskap er tilhneiging þeirra til að vera lítið heima og vilja helst ekki taka þátt í neinu sem tengist fjölskyldunni. Ungmenni sem eru á byrjunarreit í neyslu skila sér oftast heim á aðfangadag, þó eru mörg tilfelli um að foreldrar þurfi að sækja börnin á ókunna staði eða viti jafnvel ekki hvar þau eru yfir hátíðarnar.

Á tímum þar sem foreldrar hafa takmarkaðan tíma til að sinna börnunum, verja kannski tveimur tímum á dag í nánum samvistum við þau, þá geta það verið viðbrigði að hafa unglinginn heima allan daginn og með fjölskyldunni allt kvöldið. Það eru ýmis merki sem foreldrar sem gruna ungmennið um neyslu geta tekið eftir.

„Ef þau eru alltaf að fara eitthvað, hverfa kannski í fimm eða tíu mínútur,“ segir Guðrún. Berglind skýtur inn: „Sum vilja fara ein í göngutúr eftir matinn og svo aftur eftir að búið er að opna pakkanna.“

Guðrún skellir upp úr: „Það er mikið um svona Göngu-Hrólfa.“

„Þetta eru hlutir sem foreldrar áttuðu sig ekki á fyrr en síðar, hvað þau voru að gera í þessum gönguferðum,“ segir Berglind.

Önnur einkennandi hegðun er þegar unglingurinn er í símanum nánast allt kvöldið. Það þarf þó ekki að vera að mikil símanotkun þurfi endilega að þýða að eitthvað vafasamt sé í gangi, það kann að vera að unglingnum einfaldlega leiðist.

## Edrú á gamlárskvöld

Unglingar geta verið duglegir að nota skólafríið milli jóla og nýárs til að lyfta sér upp. „Margir eru snemma að snúa sólarhringnum við, stundum strax fyrsta daginn í fríi. „Eftirlitslaus partý eru mjög algeng milli jóla og nýárs,“ segir Guðrún.

Gamlárskvöld eru mjög vinsæl til að skemmta sér. Á það bæði við um foreldra og ungmenni. „Þetta er kvöldið þar sem annað eða báðir foreldrar verða að vera edrú,“ segir Berglind. „Svo er alltaf gullna ráðið, að vera búin að spyrja hvort vinirnir séu að fara að hittast og ef svo er að bjóða þeim heim og hafa gamlárskvöld skemmtilegt kvöld með fjölskyldu og vinum.“


OPNUNARTÍMAR
UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðirnar höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

| | |
|---|---|
| Laugardagur 21. desember | 11.00 - 18.00 |
| Sunnudagur 22. desember | Lokað |
| Mánudagur 23. des. – Þorláksmessa | 10.00 - 22.00 |
| Þriðjudagur 24. des. – aðfangadagur | 9.00 - 13.00 |
| Miðvikudagur 25. des. – jóladagur | Lokað |
| Fimmtudagur 26. des. – annar í jólum | Lokað |
| Föstudagur 27. desember | 11.00 - 19.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |
| Laugardagur 28. desember | 11.00 - 18.00 |
| Sunnudagur 29. desember | Lokað |
| Mánudagur 30. desember | 10.00 - 19.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur 31. des. – gamlársdagur | 9.00 - 14.00 |
| Miðvikudagur 1. janúar – nýársdagur | Lokað |
| Fimmtudagur 2. janúar | 11.00 - 18.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

ENNEMM / SÍA / NM96586

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.

VÍNBÚÐIN



Aðalsteinn, Þorgerður Katrín, Kári og Ólína eru sammála um að árið 2019 hafi verið ár endurtekninga og að það sé kominn tími til að rífa samfélagið upp úr hjólförunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Afhjúpandi og stormasamt ár

**Aðalsteinn Kjartansson** blaðamaður, **Kári Stefánsson** vísindamaður, **Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir**, þjóðfræðingur og björgunarsveitarkona, og **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** alþingisþingmaður settust á rökstóla.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Á Kaffivagninum úti á Granda sitja fastakúnnar og njóta þess að horfa út á spegilsléttan hafflötinn á meðan þeir drekka kaffisopann sinn. Útsýnið breytist daglega, stundum er það úfið, stundum grátt en oft er það fegurðin sem grípur þann sem situr og horfir.

Það er kyrrlátt þar til þau fjögur sem blaðamaður fékk til þess að fara yfir atburði ársins eru mætt á Kaffivagninn. Það er viðeigandi enda hefur árið liðið með látum.

### Grætur yfir rjúpunum

*Eruð þið komin í jólaskap?*

**Aðalsteinn:** Já! Ég er ekkert sérstakt jólabarn en í ár er ég í einhverjum extra góðum jólagír. Strákarnir mínir eru líka mjög spenntir og sú stemming smitast greinilega auðveldlega til mín. Þó að óveðrið hafi náttúrulega haft alls konar vesen og leiðinlegar afleiðingar í för með sér, þá varð allt í einu mjög jólalegt með öllum þessum snjó. Þú veist, það eru björtu hliðarnar á þessu.

**Ólína:** Ég kemst í jólaskap þegar ég er búin að hamfletta rjúpurnar. Ég enda alltaf grátandi yfir þeim og missi alla matarlyst í tvo daga því mér finnst eins og ég sé að handfjatla myrt ungbörn. Þess vegna þarf ég að gera þetta tímanlega til þess að geta komist í jólaskap.

**Kári:** Ég skil þig. Þegar ég var unglingur þá vann ég þrjú sumur í laxeldisstöðinni í Kollafirði. Mitt hlutverk var meðal annars að halda fuglum frá tjörnunum.

**Ólína:** Með loftbyssum?

**Kári:** Nei, bara með haglabyssu. Ég var sendur út í fjöru til að eyða kríuvarpi. Lagðist á bakið og svo skaut maður bara. Einn daginn var ég að fara niður í fjöru að skjóta, ég var búinn að koma mér upp á lagið með að skjóta svartbak á flugi. Ég gekk niður í fjöru og lagðist niður og skaut svartbak. Gekk svo niður í fjöru til að ná í hann en þegar ég var að ganga upp fjörukambinn þá beit hann mig í hægri kálfann. Ég hef aldrei veitt síðan. Ég get ekki einu sinni veitt fisk. Ég held alltaf með laxinum!

*Eruð þið svona miklir dýravinir að þið grátið yfir jólasteikinni?*

**Þorgerður:** Ég ætlaði alltaf að verða dýralæknir. Þangað til ég flutti á stað þar sem það var ekki hægt. Ég vildi verða héraðsdýralæknir á Suðurlandi og eignast sjö börn! Svo voru aðstæður bara þannig að ég fór í lögfræðina og ég sé stundum eftir því og stundum ekki.

**Kári:** Fyrst maður getur ekki verið að lækna skepnur getur maður að minnsta kosti orðið ein. Eins og lögfræðingar eru flestir!

### Lítur illa út

*Árið 2019 – hvað einkenndi það?*

**Þorgerður:** Þetta var skrýtið ár og fullt af risamálum sem komu upp. Okkur hefur ekki farnast vel í því að taka á erfiðum málum. Það er eins og við lærum ekki að tækla málin og læra af þeim. Og auðvitað segi ég að mér finnist ríkisstjórninni ekki hafa tekist vel upp. Þau eru miklir vinir en þau eru ekki að taka á stóru málunum. Ég vil ekki horfa upp á það enn eitt árið að við getum ekki komist áfram og er svo hrædd um að árið líði án þess að við höfum gert nokkuð.

> NÚ ERUM VIÐ SEM ÞJÓÐ AÐ SÖKKVA Í SPIK, LÍKAMLEGA OG ANDLEGA.
>
> Ólína

Það er búið að samþykkja heilbrigðisáætlun til ársins 2030 og heilbrigðisráðherra er ánægð með hana. En hún er enn orðin tóm því hún er ekki fjármögnuð. Það er ömurleg staða á Landspítalanum, uppsagnir og brestir í þjónustunni. Við verðum að spyrja okkur að því hvort stjórnmálakerfið okkar sé að virka. Það hefur engin ríkisstjórn haft stærra umboð til umbóta í heilbrigðismálum en núverandi ríkisstjórn.

**Kári:** Það sem mér finnst standa upp úr á árinu er hversu pólitíkin á Íslandi er slöpp. Mér varð það á um daginn, þegar það var verið að tala um þessar niðurstöður í PISA og það að fimmtán ára unglingar geta illa lesið sér til skilnings, að spyrja: Eru þeir vitlausari en jafnaldrar þeirra í útlöndum?

Og þá veltir maður fyrir sér þeim fullorðnu. Sem kjósa yfir sig sömu stjórnmálamennina ár eftir ár. Sem hundsa vilja þjóðarinnar aftur og aftur. Ekkert af því sem Sjálfstæðisflokkurinn og Bjarni Ben hefur gert hefur komið mér á óvart. Það sem truflar mig er hegðun Vinstri grænna og skeytingarleysi Katrínar Jakobsdóttur. Það lítur út fyrir að henni sé nákvæmlega sama. Þegar henni er bent á þennan skringileika sem á sér stað í íslenskum sjávarútvegi og að það þurfi að skoða þetta. Þá heyrist ekki múkk. Það heyrist ekkert frá hennar flokki. Nú er ég ekki að segja að það sé neitt ljótt á bak við það, en þetta lítur bara illa út.

**Aðalsteinn:** Ég held að árið hafi verið afhjúpandi. Við áttuðum okkur á alls konar hlutum sem við héldum að væru bara í góðu lagi og eru það líklega ekki. Það gerðist til dæmis í óveðrinu þegar kom í ljós að innviðirnir eru ekki alveg eins og flestir héldu að þeir væru og auðvitað þetta Samherjamál.

Hjá mér persónulega einkenndist árið af mikilli vinnu aðallega. En ég flutti líka, átti fullt af góðum stundum með börnunum mínum og kærustu. Og, kannski það sem mér finnst allra merkilegast, við komumst að því að við ættum von á barni. Sem eru fréttir sem skyggja náttúrulega á allt annað fyrir mér.

**Þorgerður:** Til hamingju! Það verður einhver að borga lífeyrisskuldbindingarnar.

### Íslendingar hlaupa í spik

**Ólína:** Ég held að við sem þjóð séum að forheimskast og að hrunið hafi gert okkur meiri óleik en við trúum. Þá lækkuðum við þröskuldinn af illri nauðsyn, hættum uppbyggingu og veiktum þar með innviðina en við gleymdum að hækka þröskuldinn aftur. Nú erum við sem þjóð að sökkva í spik, líkamlega og andlega. Við gáfumst upp á mjög mikilvægum verkefnum og höfum ekki hreyfst úr stað varðandi svo margt, til dæmis auðlindanýtinguna. Ætli ég hafi ekki verið ein fyrsta manneskjan til að leggja til að makríllinn yrði settur á markað. Sú umræða skilaði engu. Við endurnýjuðum ekki stjórnarskrána. Það eru vikulegar fréttir af neyðarástandi á bráðamóttöku Landspítalans. Í nýafstöðnu fárviðri brugðust allir okkar helstu samgöngu- og fjarskiptainnviðir á ögurstundu af því við höfum hvorki nennt né tímt að byggja þá upp, hlúa að þeim og viðhalda.

Í menntamálum er staðan þannig að bókmenntaþjóðin er að verða ólæs. Íslendingar voru bláfátæk þjóð þegar þetta samfélag var byggt upp. Kynslóðin á undan okkur og sú á undan henni höfðu ekki úr neinu að moða þegar var verið að reisa hér raforkumannvirki, leggja vegi, koma á velferðarkerfi og byggja upp samfélagið. Við sem nú lifum höfum fengið þetta allt saman í arf og hvað gerum við við þetta? Við vanrækjum það allt. Hlaupum í spik!

**Kári:** Ég held að við verðum að byrja svolítið snemma á því að reyna að breyta þessu. Með því að hlúa að grunnskólanum. Sem er sá staður þar sem er hægt að jafna leikinn meira en nokkurs staðar. Grunnskólinn er að ég held sá staður þar sem við getum haft mest áhrif á þessa þjóð. Það sem skiptir mestu máli er að hlúa að börnum í íslensku samfélagi.

**Ólína:** Til þess þurfum við líka að hlúa að heimilum landsins. Við erum með tugþúsundir Íslendinga sem eiga enn erfitt uppdráttar eftir hrunið. Kannski er það að koma fram núna í vangetu barna til að lesa sér til skilnings.

**Kári:** Fólk hefur farið í gegnum erfiðleika áður. Hrunið var barnaleikur miðað við það erfiða líf sem fólk lifði á árum áður.

**Ólína:** En þá stóð fólk saman. Ég held að við hrunið hafi liðast í

nettó

# BÆTTU VIÐ ÞIG BÓK UM JÓLIN!




Verðandi
**3.959 kr.**




Úr myrkrinu
**4.619 kr.**




Útkall Tifandi tímasprengja
**4.269 kr.**




Bestu limrurnar
**2.478 kr.**




Leikskólalögin okkar
**3.779 kr.**




Léttir réttir Frikka
**4.269 kr.**




Sögur fyrir 1 árs
**1.299 kr.**




Sögur fyrir 2 ára
**1.299 kr.**




Sögur fyrir 3 ára
**1.299 kr.**




Sögur fyrir 4 ára
**1.299 kr.**

Tilboðsverð gilda 21. - 22. desember



**Afhjúpandi veður, snjallsímar sem minnka samverustundir fjölskyldunnar og skoðanaleysi sem er ógn við lýðræðið var á meðal þess sem fjórmenningarnir ræddu um.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

sundur ákveðin festa, að það hafi orðið röskun sem hafði langvarandi áhrif fyrir heimili landsins.

**Kári:** Það er svo margt sem getur leitt til þess að það er minni samvera. Elektrónísk tæki eru að tvístra fjölskyldunni.

**Glöðustu nemendurnir**

**Þorgerður:** Niðurstöðurnar í PISA eru merki um að við verðum að taka betur utan um kennara í grunnskólum. Við veitum hlutfallslega mestu fjármagni í skóla innan ríkja OECD. Mesta gróskan hér á landi er í leikskólunum og við eigum að horfa þangað, þar er verið að gera góða hluti. En í grunnskóla tekur við annar veruleiki og kennarar þurfa að eyða miklum tíma í annað en kennslu. Það vekur líka ugg að jafnrétti til náms hefur dalað. Það sem er jákvætt er að á Íslandi eru glöðustu nemendurnir, miklu glaðari en þeir finnsku sem skora hátt. Við megum ekki gleyma því.

**Kári:** Við erum fámennust. Kostnaður er hærri hér en á flestum stöðum. Við reiknum ekki inn í þetta kostnað sem fer í að búa til námsefni. Við búum til lítið af því og það er of lélegt. Ef við ætlum á einhvern hátt að hlúa að börnum sem koma úr erfiðum fjölskyldum þá eru tækifæri líka í að bæta frístundir. Það er hægt að búa þeim alls konar umhverfi, fyrir skóla og eftir skóla. Það eru alls konar möguleikar í því að hjálpa fólki að þjálfa sinn haus.

**Aðalsteinn:** Menntakerfið, ég er yngri en þið og sé þetta ekki eins og þið. Þið gætuð öll verið foreldrar mínir!

**Kári:** Þú hefur ekki mikinn skilning á líffræði ef þú heldur að við getum öll verið foreldrar þínir!

**Aðalsteinn:** Jú, Kári minn. Komdu til nútímans, nú er þetta alls konar. Bónusfjölskyldur og svona. En ég er með eitt barn í leikskóla og eitt í grunnskóla, les greinar og fylgist með þinginu. Mér finnst ég vera að upplifa sömu umræðu og ég fylgdist með sem barn við morgunverðarborðið þegar pabbi las Moggann og mamma DV. Við erum alltaf að fara í gegnum það sama, Þorgerður, þegar þú varst menntamálaráðherra, var ekki umræðan um PISA mjög svipuð?

**Þorgerður:** Jú, í rauninni.

**Aðalsteinn:** Við erum alltaf að setja meiri peninga í kerfi samfélagsins en þau virðast samt verða verri.

**Ólína:** Einmitt, því magn er ekki sama og gæði. Það vantar sýn og stefnufestu.

**Aðalsteinn:** Umræðan er samt alltaf sú sama.

**Ólína:** Það er rétt, því samfélagið er gegnsýrt af ákvarðanafælni, hugsanaleti og því að tala í hringi. Stjórnmálamenn og aðrir sem eru þáttakendur í opinberri umræðu eða í þeirri stöðu að taka ákvarðandir verða að fara að taka sér tak.

**Berum sjálf ábyrgð**

**Aðalsteinn:** Mér finnst það ódýr afsökun að stjórnmálamenn beri alla þessa ábyrgð. Þetta er ríkt í fólki. En hvað með okkur sjálf? Berum við ekki ábyrgð?

**Kári:** Ég er sekur um þetta sjálfur. Við höfum tilhneigingu til að varpa ábyrgðinni á stjórnmálamenn en horfum ekki í eigin barm.

Í hruninu vorum við til dæmis öll að dansa í kringum gullkálfinn. Við dáðumst að mönnum sem voru að búa til eitthvað úr engu.

**Aðalsteinn:** Stjórnmálaflokkar, fólk og stefnur spretta ekki úr engu. Heldur úr samfélaginu.

**Kári:** Það er þess vegna sem flokkar eins og Miðflokkurinn sanka að sér fylgi. Þeirra tal er vísir að nýfasisma og það er stór hluti þjóðarinnar á þeirra skoðun.

**Ólína:** Á þeirri skoðun?

**Kári:** Já, að það sé bara í lagi að halda því fram að hlýnun jarðar sé bara bull og vitleysa, að þetta fólk sem er að koma hingað til Íslands sé vont fólk. Það eigi helst að frysta það og senda út í gámum.

**Þorgerður:** Mesta áskorunin fyrir okkur 2020 er að gera það ekki eins og 2019.

**Að nýta frelsið**

Við verðum að fara að vanda okkur. Þegar maður lítur í eigin barm þá er mesta áskorunin að nýta frelsið. Ég hef aldrei verið frjálsari og ég er í stöðu til að ýta, þrýsta og vera rödd. Ég hefði mátt hlusta betur áður. Það sem ég óttast mest er að við lærum ekki af þeirri stöðu sem er komin upp í sjávarútveginum. Nú er komin grundvöllur til þess að krefjast svara. Ég óttast það þegar ég horfi yfir minn gamla og ágæta flokk að viðbrögðin verði að við megum ekki tala um sjávarútveginn í heild, eins og það sé algjört tabú. Einu viðbrögð Sjálfstæðismanna virðast felast í að ráðast á þá fjölmiðla sem hafa haldið uppi einhverri gagnrýni. Það má alveg gagnrýna RÚV, Stundina og Kjarnann sem eru þeir fjölmiðlar sem hafa dregið vagninn. En þeir stóðu sig. Á meðan ríkisstjórnin virðist ætla að reyna að svæfa öll mál.

**Kári:** Staðreyndin er sú að RÚV stóð sig mjög vel í Samherjamálinu. Það verður að skoða þetta.

**Ólína:** Það blasir við að veikleikarnir sem ég og fleiri höfum verið að benda á í skipulagi sjávarútvegsins og núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi eru allir að koma fram í þessu Samherjamáli. Á þá veikleika hefur verið bent árum saman. Og það er auðvitað ástæðan fyrir því að formaður Sjálfstæðisflokksins vill alls ekki að við ræðum um sjávarútveginn í tengslum við Samherjamálið. Hann vill skilja þetta að. En Samherji er langstærsta sjávarútvegsfyrirtækið og hefur ráðið mestu um starfsaðferðirnar og kúltúrinn í greininni.

**Þorgerður:** Ég er ekki að tala um að kollvarpa sjávarútveginum. En þegar fyrirtæki eru orðin svona stór þá óska ég þess að það sé gegnsæi. Það séu heilbrigðar leikreglur, þær eru ekki til staðar. Það þarf þetta auðlindaákvæði í stjórnarskrá, til að það leiki enginn vafi á því að þjóðin eigi þetta.

**Ómaklegt og aumkunarvert**

*Óveðrið um daginn reyndist afhjúpandi? Ólína, þú ert í björgunarsveit er það ekki? Varstu kölluð út?*

**Ólína:** Ég er enn þá á útkallslista með björgunarhundinn minn og var í viðbragðsstöðu að fara og leita að drengnum blessaða sem féll í Núpá. Hann fannst um svipað leyti og til stóð að hundarnir yrðu kallaðir út. Ég er þó ekki hetjan sem leggst á fjúkandi þakplötur eða hangir í reipum í gljúfurbörmum. Ég fer hins vegar í leitarútköllin hvort sem um er að ræða lífleitir eða jafnvel leit að búfé eftir fárviðri því ég er með góðan leitarhund. Annars finnst mér ómaklegt þessi umræða sem skapaðist gegn hrossabændum eftir óveðrið.

> **ÉG MÓTMÆLI ÞVÍ AÐ ÞÚ SÉRT AÐ VEITAST AÐ STAURUM BARA VEGNA ALDURS ÞEIRRA.**
>
> Kári

**Þorgerður:** Hún var ómakleg, já! Og mér fannst aumkunarvert hvernig ráðherrar komu fram og öttu saman landeigendum og Landvernd. Nákvæmlega sömu flokkar og hafa farið með byggða- og orkumálin í gegnum tíðina. Fólk er reitt yfir því að rafmagnsstaurarnir sem voru frá árinu 1982 hentust bara niður eins og fúnar eldspýtur. Það á ekki að gerast! Þarna hefðu stjórnmálamenn frekar átt að þegja og reyna að þjappa þjóðinni saman. Þetta var virkilega óviðeigandi!

**Kári:** Ég mótmæli því að þú sért að veitast að staurum bara vegna aldurs þeirra.

**Minni efnishyggja, meiri kærleikur**

*Við töluðum áðan um ábyrgð. Hvað ætlið þið að gera sjálf til að gera árið 2020 farsælt?*

**Kári:** Að draga úr efnishyggju. Mér finnst efnishyggjan hafa verið svo ríkjandi á síðustu tveimur árum. Vandamálið er að þó að mönnum gangi vel í henni þá veitir hún enga hamingju. Við verðum að finna leið til að þykja vænna um hvert annað. Með kærleikann í fyrirrúmi myndum við ekki leyfa samfélaginu að drabbast niður.

**Ólína:** Ég hef þá kenningu að maður verði að byrja á sjálfum sér ef maður ætlar að bæta heiminn. Það verður að vera sýn og stefna. Það sem ég ætla að gera er að tala alltaf skýrri röddu, vera sjálfri mér samkvæm og vinna með eigin breytni gegn þeirri ákvarðanafælni sem mér finnst einkenna þjóðmálaumræðuna og menningu okkar gegnumsneitt. Það er skylda hvers manns að tala skýrt um það sem skiptir máli. Það þarf að breyta umræðukúltúrnum á Íslandi, þessari lekandi umræðu sem gusast reglulega upp í illmælum. Virkja hana í uppbyggilegan farveg.

**Kári:** Fólk lærir samskipti á samfélagsmiðlum þar sem það talar saman á óábyrgan og hvassan hátt.

**Aðalsteinn:** Ég vil meiri kærleika. Í því felst að vera heill. Ekki gefa órökstuddum skoðunum of mikið vægi í þínu persónulega lífi. Ég get aðeins reynt að bæta sjálfan mig og hafa góð áhrif á mína nánustu.

**Þorgerður:** Skoðanaleysi getur af sér afskiptaleysi og það er ógn við lýðræðið. Órökstuddar skoðanir mega ekki fá að lifa vegna þess að það nennir enginn að taka slaginn. Það er það sem ég óttast og ætla að taka slaginn í. Við verðum að þora að takast á við kerfisbreytingar, jafnvel þótt það þýði að við verðum að ganga í gegnum svipugöng. Ég ætla líka að taka persónulega slagi varðandi síma- og samfélagsmiðlanotkun.

**Kjarkur, dugur og sigrar**

*Hver er maður ársins að ykkar mati?*

**Aðalsteinn:** Það er eiginlega ekki hægt annað en að útnefna Jóhannes Stefánsson uppljóstrara. Og alla aðra uppljóstrara í rauninni líka. En það að Jóhannes hafi stigið fram og ljóstrað upp um Samherjaskjölin er eiginlega einstakt. Á heimsvísu. Það hefur aldrei áður verið uppljóstrari í þessum geira, sjávarútveginum, sem er samt ein af þessum stóru greinum bara í heiminum. Það er ómurlegt djobb að vera uppljóstrari. Til að geta ljóstrað upp um eitthvað þarf maður oftar en ekki að gangast við að hafa verið þátttakandi í einhverju vafasömu, og svo hafa þeir sem flett er ofan af yfirleitt mjög ríkra hagsmuna að gæta og eru tilbúnir að ganga mjög langt í að verja sig.

**Ólína:** Menn ársins að mínu mati eru hann Aðalsteinn, Helgi Seljan og Jóhannes Stefánsson. Það þarf kjark í það sem þeir gerðu.

**Kári:** Víkingur Heiðar er að mínu mati maður ársins fyrir stórkostlega sigra í tónlistarlífinu hér heima og erlendis.

**Þorgerður:** Björgunarsveitirnar eru menn og konur ársins.

# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 21. DESEMBER 2019

Mozart
við kertaljós

Garðakirkju
í kvöld kl. 21.00

Dómkirkjunni
sunnudagskvöld kl. 21.00

Camerarctica
Miðaverð 3500/2500
TIX.IS eða við innganginn

VEGAN
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ




Fæst í betri apótekum, heilsubúðum
og www.heilsanheim.is



Brynjólfur nýtur sín innan um bækurnarnar Hjá Máli og menningu. Í frístundum skrifar hann ljóð og þetta tvennt fer vel saman. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Það jafnast ekkert á við góða jólabók

Bókabúð Máls og menningar heillar marga vegfarendur á Laugaveginum enda á búðin sér langa og merkilega sögu. Erlenda bókadeildin á fjölda aðdáenda sem ætla ekki að fara í jólaköttinn um jólin heldur lesa góðar bækur. ➜2

**Framhald af forsíðu ➪**

Brynjólfur Þorsteinsson, innkaupastjóri erlendra bóka, segir að fólk leiti eftir öllu mögulegu í erlendu deildinni. „Hingað kemur fólk í leit að öllu á milli himins og jarðar, skáldskap eða fræðum, hverju sem er. Maður fær eiginlega aldrei sömu spurninguna tvisvar, sem er skemmtilegt, og það er gaman að heyra í hverju fólk er að pæla. Við erum líka með gott úrval af þýddum skáldskap hvaðanæva, eitthvað sem er kannski ekki til annars staðar hér á landi,“ greinir Brynjólfur frá þegar hann er spurður hverju viðskiptavinir séu helst að leita eftir. Hann bætir því við að áhersla sé lögð á að eiga nóg af titlum og fjölbreyttum.

„Við erum auðvitað líka með stóru titla ársins, til dæmis The Testaments eftir Margaret Atwood, framhaldið af Handmaid‘s Tale, Catch and Kill eftir Ronan Farrow, blaðamanninn sem fletti ofan af Harvey Weinstein, The Year of the Monkey eftir Patti Smith, og ýmislegt annað sem er í deiglunni þessa dagana,“ segir hann.

## Erlendu bækurnar ódýrari

Brynjólfur segir að það sé nokkuð algengt að fólk gefi fallegar gjafabækur, einhverja skemmtilega klassík, eða fræðibækur um efni sem er kannski ekki til á íslensku í jólagjöf. „Erlendu bækurnar eru líka yfirleitt ódýrari en þær íslensku, þannig að þær henta vel þegar fólk ætlar að fara varlega í spreðinu. Klassíkin er mjög vinsæl og einnig ferðabækur. Þessa dagana fara bækur um loftslagsmál líka hratt og svo náttúrulega íslenskar bækur á ensku, sem er skemmtilegt, það er gaman að selja útlendingum Kristnihald undir jökli eða Sjón, til dæmis,“ segir Brynjólfur en boðið er upp á sjö þúsund titla í hillunum í erlendu deildinni.

„Flestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, hvort sem það er um tónlist, ljósmyndun, landkönnun eða bara hvað sem er. Það hefur aukist að fólk lesi bækur á ensku, kannski sérstaklega með auknum vinsældum hljóðbóka og aðgengi í gegnum internetið. Það jafnast þó ekkert á við að fá góða bók í jólagjöf,“ segir Brynjólfur. „Barnabókadeildin er ekki stór, en ég á nokkra titla til, Múmínálfana og Lísu í Undralandi og þess háttar, í fallegum útgáfum sem væru flottar í pakka.“

## Reddar óvenjulegum bókum

Mikill fjöldi Íslendinga leggur leið sína á Laugaveginn á aðventunni og kíkir í Bókabúð Máls og menningar í leiðinni. Brynjólfur segir að Íslendingar komi mikið á veturna en meira sé um erlenda ferðamenn á sumrin. „Það er svo gott fyrir Íslendinga að lesa á veturna, það virkar fínt gegn skammdegisþunglyndinu,“ segir Brynjólfur og nefnir að margir fastakúnnar sérpanti bækur. „Þeir eru kannski að leita að bókum um efni sem erfitt er að nálgast en við getum yfirleitt reddað því eftir einhverjum leiðum,“ segir Brynjólfur sem hefur starfað hjá BMM í þrjú ár, fyrst í hlutastarfi með skóla en síðan í föstu starfi hjá erlendu deildinni. „Blessunarlega,“ segir hann. „Það er ekkert skemmtilegra en að grúska í bókum og forréttindi að fá að starfa við það. Þetta hefur alltaf verið draumadjobbið, að fá að haga heilli hæð af bókabúð eftir mínu höfði, og ég vona að það sjáist á deildinni. Það er líka gaman að hafa áhrif á hvað aðrir lesa og hlutverk sem ég tek alvarlega, bókmenntir eru ekkert grín,“




**Það er fjölbreytt úrval bókatitla í erlendu deildinni og margar fallegar gjafabækur. Brynjólfur aðstoðar viðskiptavini við valið.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Þetta er náttúrlega algjört metár í bókaútgáfu og verður spennandi að sjá hvort allar þessar bækur skili sér undir jólatréð.**

segir Brynjólfur sem er einnig að fást við skáldskap. „Jú, ég er meira að segja með í jólabókaflóðinu í ár, með ljóðabókina Þetta er ekki bílastæði sem Una útgáfuhús gefur út. Ég hugsa að það verði svolítil bið á að hún verði til hérna hjá mér á ensku, enskumælandi verða bara að vera þolinmóðir,“ segir Brynjólfur sem hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör fyrr á árinu.

Hann segir að vinnan í bókabúðinni og skáldskapur fari mjög vel saman. „Ég skrifaði meira að segja 2-3 ljóð þegar það var rólegt að gera í vinnunni, en fyrir alla muni ekki segja verslunarstjóranum,“ segir hann brosandi.

## Góð jólasala

Brynjólfur hefur gaman af að aðstoða fólk við val á bókum og segir að það sé ánægjulegt að finna réttu bókina. „Við leggjum mikið upp úr því hér í bókabúðinni að þjónusta fólk vel. Jólasalan hefur verið góð og það verður spennandi að sjá hvernig staðan verður eftir lokun á Þorláksmessu. Þetta er náttúrlega algjört metár í bókaútgáfu og verður spennandi að sjá hvort allar þessar bækur skili sér undir jólatréð.“

Á efri hæð bókabúðar Máls og menningar er skemmtilegt kaffihús sem selur alls konar drykki og veitingar. „Það er virkilega notalegt í jólaösinni að koma og kaupa jólagjafir og setjast svo upp á kaffihús og fá sér eitthvað gott í gogginn og slaka aðeins á.“

Bókabúð Máls og menningar er á Laugavegi 18. Opið er frá 9-22 á virkum dögum og 10-22 um helgar allan ársins hring. Á Þorláksmessu verður opið til 23.



**Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi hefur fjölda fastra viðskiptavina en þar er hægt að sérpanta erlendar bækur.**




**Erlenda deildin er stór enda úrvalið mikið og fjölbreytt.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,






Moody borðlampi
kr. 18.300



Xmas Mini bíll
kr. 2.300



Xmas bíll
kr. 3.400



ÆVINTÝRALEGT ÚRVAL AF
FLOTTUM PÚÐUM

**3 FYRIR 2 TILBOÐ
AF PÚÐUM**




ALDREI MEIRA ÚRVAL AF
VOLUSPA



Gyro stóll á snúningsfæti
kr. 154.300



Ebba bakki 30 cm
kr. 7.900

Ebba bakki 20 cm
kr. 6.500



Pico vínrekki
kr. 14.900



Smile sófi 217 cm
kr. 206.000
**JÓLATILBOÐ KR. 175.100**

Rugged motta
170x240 kr. 52.700



Keramik vasi
kr. 8.600



Lush velvet klukka
kr. 8.900



Skye oval sófaborð 120x60 cm
kr. 52.400



Tripod gólflampi kr. 37.900

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS f / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16



Tió de Nadal, eða jóladrumburinn káti, sem kúkar gjöfum og sætindum handa börnum í Katalóníu fyrir jólin.



Í Mexíkó tíðkast að berja burt syndir sínar vikuna fyrir jól með því að slá í sjö geisla pinjötu. Hér er ein slík svífandi yfir Mexíkóborg. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ég fæ jólagjöf

**Frá því að vitringarnir þrír gáfu Jesúbarninu gull, reykelsi og mirru á fyrsta þrettándanum hafa jólagjafir tengst siðum og venjum í flestum löndum þar sem haldin eru jól.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Við Íslendingar eigum marga, skemmtilega gjafasiði kringum jólin. Jólasveinar gefa þægum börnum gjafir í skóinn í þrettán daga fyrir jól en kartöflur ef þau eru ekki eins þæg, mjúkur pakki þýðir að gjafþegi fer ekki í jólaköttinn og svo fá nánast allir einhverja bók í jólagjöf. Aðrar þjóðir eru síður en svo eftirbátar okkar í gjafasiðum, sumir finnst okkur skrýtnir en þá er bara að rifja upp karlana sem koma inn til barnanna okkar daglega á dimmasta tíma ársins og fella dóma um hegðun þeirra.

Börn í Mið- og Suður-Evrópu setja reyndar líka skóna sína út í glugga en bara einu sinni og þá er það skjalfestur dýrlingur, heilagur Nikulás, sem kemur 6. desember og setur eitthvert góðgæti í skóna þeirra. Með honum eru stundum óvættir sem stela börnum, til dæmis hinn óhugnanlegi Krampus sem er hálfur maður og hálf geit og minnir um margt á Grýlu og en einnig á Pan, hinn gríska hjarðguð.

Í Katalóníu er það trjádrumburinn brosmildi Tió de Nadal, með sokk á hausnum og mjóa tréfætur sem börnin lemja þangað til hann gefst upp og kúkar gjöfum og nammi um alla stofu. Síðasti kúkurinn er ýmist laukbiti, hvítlauksrif eða síld og þá er drumbnum stungið í eldinn þar sem hann hlýjar fjölskyldunni meðan hún snæðir jólamatinn.

Í Púertó Ríkó hlakka börnin mikið til 5. janúar þegar þau fara út og fylla skókassa af grasi. Þeir eru svo settir undir rúmin hjá foreldrum og öfum og ömmum og morguninn eftir eru kassarnir fullir af sælgæti og gjöfum frá vitringunum þremur sem fylltu þá þegar úlfaldar þeirra höfðu rifið glaðir í sig grasið úr kössunum.

Í Kína, þar sem það er frekar nýleg hefð að halda jól, hefur yngri kynslóðin þróað þann sið að gefa hvert öðru epli sem er pakkað inn í litríkan og fallegan pappír. Orðið yfir epli og aðfangadag eru svipuð á kínversku og epli tákna frið og lukku. Þetta leiðir hugann óneitanlega að jólaeplunum sem komu með jólin til Íslendinga langt fram eftir síðustu öld.

Það er misjafnt hver kemur með jólagjafirnar, jólasveinninn eða einhver útgáfa af honum kemur með þær í Vestur-Evrópu, í Suður-Evrópu eru það gjarna vitringarnir sem geta bara ekki hætt að gefa gjafir eftir að þeir gáfu Jesú gullið, reykelsið og mirruna. Í Kosta Ríka er það Jesúbarnið sjálft sem kemur með gjafirnar. Í Brasilíu eiga allir leynivin sem gleður þá á ýmsa lund á jólaföstunni og lætur ekki uppi hver hann er fyrr en á aðfangadagskvöld.

Í Mexíkó rignir sælgæti frá sjö geisla pappastjörnu á hverju kvöldi frá 16.-24. desember. Armarnir tákna dauðasyndirnar sjö og með því að lemja sundur einn arm á hverju kvöldi á þessu tímabili hreinsast fólk af syndum sínum og afneitar þeim. Þetta er upphaflegi tilgangurinn með því að lemja stundur pinjötu eða pappaform svo sælgæti og gjafir leki út sem síðan hefur náð útbreiðslu í tengslum við afmæli og öskudaga.

Í ýmsum löndum á Balkanskaga taka börnin gjafamálin í sínar hendur! Á þriðja sunnudegi í aðventu þá binda þau fætur móður sinnar saman um ökklana svo hún á erfitt um gang og neita að leysa hana nema hún gefi þeim jólagjafir. Sunnudaginn eftir gera þau föður sínum sama grikk sem er alveg jafn hissa á atganginum þó móðirin hafi gengið í gegnum sömu raun viku áður.

> Í Kína hefur yngri kynslóðin þróað þann sið að gefa hvert öðru epli sem er pakkað inn í litríkan og fallegan pappír



Krampusinn ógurlegi heimsækir borgir og bæi í þýskumælandi Evrópu í föruneyti heilags Nikulásar sem gefur börnum gjafir 6. desember.

## Gleðilega meltingu

Meltingarónot, uppþemba, vanlíðan, röskun á svefni og húðvandamál eru algengir fylgifiskar þegar gert er vel við sig í mat og drykk.

**Enzymedica býður uppá öflugustu meltingarensímin á markaðnum en einungis eitt hylki með máltíð getur öllu breytt.**




- Ensím eru nauðsynleg fyrir meltingu og öll efnaskipti líkamans.
- Betri melting, meiri orka, betri líðan!
- 100% vegan hylki.
- Digest Basic hentar fyrir börn

**Útsölustaðir: Flest apótek, heilsuhillur stórmarkaða.**

# Guðsþjónustur um jól og áramót

LAUGARDAGUR 21. DESEMBER 2019



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Messuhaldið stjórnar borðhaldinu

**Bylgja Dís Gunnarsdóttir, söngkona og fræðslu- og æskulýðsfulltrúi, leggur mikið upp úr íhugun og kyrrð á aðventunni. Hún syngur við messu á jóladag en ætlar að verja áramótunum í útlöndum.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Bylgja Dís Gunnarsdóttir er fræðslu- og æskulýðsfulltrúi í Hafnarfjarðarkirkju og segir starfið gefandi og skemmtilegt. Hún sér um sunnudagaskólann, starf fyrir tíu til tólf ára krakka, fermingarfræðslu, Facebook-síðu kirkjunnar og ýmis tilfallandi verkefni. „Kirkjan gengur út á tengsl og fólk og í vinnunni fæ ég að syngja, segja sögur og íhuga. Í starfi mínu með börnum legg ég mikið upp úr því að þau upplifi kyrrð og ró, frið og helgi, í bland við leiki og fjör, en á þeirra forsendum. Mér finnst mikilvægt að börnin hugsi sjálfstætt og byggi upp sína eigin trú,“ segir Bylgja Dís, sem einnig hefur kennt söng og stjórnað barnakórum. „Þegar ég hóf störf hjá Hafnarfjarðarkirkju hélt ég að það yrði erfiðast að sinna fermingarfræðslunni en það kom mér ánægjulega á óvart hvað það er rosalega skemmtilegt. Það er svo gaman að vera með unglingunum og kenna þeim ýmislegt um gildi, styrkleika og tilfinningar og heyra um leið hvað þau eru að hugsa og hvað þetta kallar fram hjá þeim,“ segir Bylgja Dís, sem á tvö börn, sem bæði eru uppkomin.

Bylgja Dís segir aðventuna vissulega hafa verið annasama en um leið afar ánægjulega. „Ég er mikil rólegheitakona. Auðvitað finn ég stundum fyrir stressi og kvíða fyrir jólin líkt og margir aðrir en ég fæ líka rosalega mikið út úr því að vera með fólki og þess vegna er ég svo ánægð í minni vinnu. Börn eru svo skemmtilegur félagsskapur. Ég held að börn þurfi á því að halda að fullorðnir gefi sér tíma fyrir þau, hlusti á þau og heyri hvað þau vilja gera. Þau þurfa að finna að fólk taki þeim eins og þau eru. Mér finnst mikilvægt að börn upplifi kirkjuna sem stað þar sem þau mega vera þau sjálf, þar sem þau þurfa ekki að ganga í augun á einhverjum, eða einhver sé að dæma eða meta þau,“ segir Bylgja Dís og bætir við að það sama gildi um hina fullorðnu og kirkjuna.

Þegar Bylgja Dís er innt eftir því hvort hún hafi alltaf verið trúuð segist hún sennilega hafa fæðst trúuð. „Ég held ég hafi það í genunum. Ég man bara eftir mér sem lítilli stelpu að syngja sálma og biðja bænir. Ég tók mikinn þátt í starfi KFUK þegar ég var að alast upp í Keflavík og ólst upp í því að heyra sögur, syngja, búa til leikrit og fleira í þeim anda sem barnastarf kirkjunnar byggir á.“

### Syngur í messu hjá eiginmanninum

Bylgja Dís er gift sr. Henning Emil Magnússyni, presti í Garðabæ. Þau hjónin fara alltaf til foreldra hennar í Njarðvíkum og verja aðfangadagskvöldi með þeim og systkinum Bylgju Dísar. „Messuhaldið stjórnar borðhaldinu. Oft þarf fjölskyldan að bíða eftir okkur því ýmist er Henning að messa á aðfangadag eða ég að syngja við messu, nema hvort tveggja sé. Í fyrra var Henning t.d. með miðnæturmessu og þá borðuðum við jólamatinn fyrr en vanalega. Í ár fer ég í jólamessu í Vídalínskirkju hjá Henning á aðfangadag. Svo skemmtilega vill til að á jóladag syng ég í messu hjá honum og síðan messar hann á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ og ég syng. Á jóladag förum við til móðurfjölskyldu Hennings en um áramótin ætlum við hjónin að breyta til og verja áramótunum í Amsterdam,“ segir Bylgja Dís þegar hún er spurð hvort hún hafi fastar jólahefðir. „Síðan hefur myndast sú hefð að við Henning og nokkrir vinir okkar, sem eru með okkur í íhugunarstarfi og kyrrðarbæn, hittumst á milli jóla og nýárs til að sitja saman í þögninni og íhuga saman. Það er sérlega gefandi og dásamlegt. Við höfum verið með íhugunarguðsþjónustur síðustu vetur, ásamt sr. Hjalta Jóni Sverrissyni, presti í Laugarneskirkju, þar sem íhugun og kyrrð er megininntakið. Þessi guðsþjónusta er á sunnudagskvöldum í hinum ýmsu kirkjum, þó aðallega í Laugarneskirkju og Vídalínskirkju,“ segir Bylgja Dís að lokum.



Bylgja Dís segist leggja mikið upp úr því með börnunum að þau upplifi kyrrð og ró, í bland við leiki, en á þeirra forsendum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


## Hallgrímskirkja jól og áramót

**24. desember, aðfangadagur**
**Kl. 18.00 aftansöngur**
*Sr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari.*
Mótettukór Hallgrímskirkju, stjórnandi Hörður Áskelsson.
Organisti er Björn Steinar Sólbergsson sem einnig leikur jólatónlist á undan athöfn.
Jólabarnakór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Ragnheiðar Bjarnadóttur.

**24. desember, aðfangadagur**
**Kl. 23.30 hátíðarguðsþjónusta á jólanótt**
*Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari.*
Schola cantorum syngur, stjórnandi Hörður Áskelsson.
Forsöngvari Helgi Steinar Helgason.
Organisti er Björn Steinar Sólbergsson sem einnig leikur jólatónlist á undan athöfn.

**25. desember, jóladagur**
**Kl. 14.00 hátíðarguðsþjónusta**
*Sr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari.*
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.
Einsöngur, Snæfríður Björnsdóttir.

**26. desember, annar í jólum**
**Kl. 14.00 jólasöngvar og lestrar**
*Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari.*
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Organisti er Sólveig Anna Aradóttir.
Stjórnandi Hörður Áskelsson.
Lesarar úr hópi kórfélaga og messuþjóna.

**29. desember**
**Kl. 11.00 messa**
*Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari.* Messuþjónar aðstoða.
Félagar úr Mótettukór Hallgrímskirkju syngja.
Organisti er Sólveig Anna Aradóttir..

**29. desember**
**Kl. 14.00 guðsþjónusta á ensku**
*Sr. Bjarni Þór Bjarnason prédikar og þjónar fyrir altari.*
Organisti er Sólveig Anna Aradóttir.

**31. desember, gamlársdagur**
**Kl. 18.00 aftansöngur**
*Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og dr. Sigurður Árni Þórðarson þjóna.* Messuþjónar aðstoða.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar.
Einsöngur Ásta Marý Stefánsdóttir.
Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

**1. janúar, nýársdagur**
*Kl. 14.00 hátíðarguðsþjónusta*
*Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari.* Messuþjónar aðstoða.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

**Allir velkomnir**
www.hallgrimskirkja.is

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job


Hringbrautar verkefnið



## Byggjum saman nýjan Landspítala

### Nú eflum við liðsheild Hringbrautarverkefnisins

**Nýr Landspítali ohf. eflir verkefnastjórn Hringbrautarverkefnisins og leitar að öflugum fagmenntuðum starfsmönnum á ýmsum sviðum.**

Við leitum að starfsmönnum til að annast m.a.:

- Aðalverkefnastjórn
- Áætlunar- og kostnaðareftirlit
- Stjórnunarverkfræði á verkstað
- Fjármálagreiningar
- Samræmingarstjórnun
- Tæknivinnslu á sviði Procore
- Sérfræðiþjónustu í WBS
- Öryggis- og umhverfisstjórnun
- BIM sérfræðivinnslu
- Verkefni vegna Breeam
- Fag- og verkeftirlit
- Verkefnastjórn hönnunarstarfa
- Hönnunareftirlit og hönnunarrýni

Leitað er að starfsmönnum sem eru menntaðir í verk- eða tæknifræði, arkitektúr, viðskiptafræði, verkefnastjórn eða hafa aðra sambærilega menntun. Krafist er minnst fimm ára reynslu á sviði verkefnastjórnunar verklegra framkvæmda, eftirlits-, hönnunar- eða fjármála eða sambærilegra verkefna sem NLSH vinnur að.

**Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega.**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf og annað sem umsækjandi telur skipta máli. Ítrekað er að farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál, í samræmi við persónuverndarstefnu NLSH, og þeim svarað formlega.

NÝR LANDSPÍTALI

Nýr Landspítali ohf. (NLSH) hefur með höndum stjórnun á Hringbrautarverkefninu sem m.a. felur í sér uppbyggingu gatnagerðar og bygginga-framkvæmda á nýjum Landspítala við Hringbraut. Félagið, sem er að fullu í eigu ríkisins, er í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila m.a. stjórnvöld, Landspítalann, Framkvæmdasýslu ríkisins, Háskóla Íslands, sjúklinga-samtök, Reykjavíkurborg og Ríkiskaup. Fjöldi ráðgjafa starfar fyrir og með NLSH. Nú starfa tíu starfsmenn hjá NLSH. **Nánari upplýsingar um NLSH má finna á www.nlsh.is**

Nánari upplýsingar:
Ari Eyberg (ari@intellecta.is)
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)

Umsóknarfrestur: 10. janúar 2020.
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

## Heilbrigðisfulltrúi á sviði matvæla og hollustuhátta

**Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis** óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna verkefnum á sviði matvæla- og hollustuhátta. Leitað er að áhugasömum og drífandi einstaklingi sem hefur áhuga á þjónustu við nærsamfélagið. Viðkomandi þarf að hafa eða vera tilbúin að afla sér réttinda sem heilbrigðisfulltrúi.

### Helstu verkefni:

- Eftirlit, sýnatökur og skýrslugerð.
- Móttaka erinda og undirbúningur afgreiðslu.
- Móttaka ábendinga og samskipti við almenning.
- Fræðsla og upplýsingamiðlun við fyrirtæki á sviði heilbrigðiseftirlits.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði matvælafræði, heilbrigðisvísinda, líffræði eða önnur sambærileg menntun.
- Reynsla af sambærilegum verkefnum er kostur.
- Góðir samskiptahæfleikar og jákvætt viðhorf.
- Frumkvæði og metnaður.

Heilbrigðiseftirlitið starfar samkvæmt lögum um matvæli og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Það hefur m.a. eftirlit með framleiðslu, dreifingu og sölu matvæla, og sinnir almennu hollustuhátta- og umhverfiseftirliti.

**Umsóknarfrestur og upplýsingar:**

Til og með 6. janúar 2020. Berist til hordur@heilbrigdiseftirlit.is sem jafnframt veitir upplýsingar um starfið.







Starfsfólk
Intellecta
óskar þér
og þínum
gleðilegra jóla,
árs og friðar.
Með kærri þökk
fyrir samskiptin
á árinu sem er að líða.
intellecta

# Þyrluflugmaður

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu flugmanns á þyrlu. Landhelgisgæslan er með í rekstri og viðhaldi Airbus AS332 & H225 þyrlur og DeHavilland Dash 8 300 flugvél. Starfsemin fer að mestu fram á Íslandi en einnig að hluta til erlendis.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Gilt EASA Part FCL atvinnuflugmannsskírteini á þyrlu með blindflugsáritun (blindflugsáritun verður að vera í gildi út maí 2020)
- Bóklegu ATPL námi lokið. Tegundaréttindi á Eurocopter/Airbus þyrlur kostur
- Bóklegu námskeiði í áhafnarsamstarfi (MCC) lokið
- Afburða samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta, hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Mikið álags- og streituþol
- Áhugi á starfsumhverfi og verkefnum Landhelgisgæslunnar
- Stúdentspróf skilyrði. Staðfesting á sambærilegri menntun þarf að liggja fyrir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem samkvæmt lögum er falið að gæta ytri landamæra og standa vörð um fullveldisrétt Íslands á hafsvæðinu kringum landið.

Landhelgisgæslan sinnir meðal annars löggæslu, eftirliti, leit og björgun á hafi auk þess að annast daglega framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna hér á landi samanber heimild í varnarmálalögum.

Hjá Landhelgisgæslunni starfar tæplega 200 manna samhentur hópur sem hefur að leiðarljósi slagorðið: **Við erum til taks.**

Gildi Landhelgisgæslunnar eru:

**Öryggi – Þjónusta - Fagmennska**

Nánari upplýsingar um Landhelgisgæslu Íslands má finna á: **www.lhg.is**

Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsækjendur skulu einnig skila inn sakavottorði, afriti af vegabréfi, afriti af ökuskírteini, afriti af flugskírteini og gildu læknisvottorði, ásamt afriti af síðustu tveimur blaðsíðum í flugdagbók. Fylgiskjölum skal skilað rafrænt með umsókn eða útprentuðum á skrifstofu Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, í umslagi merktu viðeigandi starfi.

Umsækjendur þurfa að standast kröfur Landhelgisgæslunnar um líkamlegt og andlegt atgervi. Landhelgisgæslan áskilur sér rétt til að láta umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu auglýsingar. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra atvinnuflugmanna vegna starfa flugmanna hjá Landhelgisgæslu Íslands. Um er að ræða fullt starf. Allir, sem réttindi og áhuga hafa, eru hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar:
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)
Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is)

Umsóknarfrestur: 6. janúar 2020
Umsókn óskast fyllt út á: www.intellecta.is.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir






# STÖRF HJÁ ORF LÍFTÆKNI

## á rannsókna- og nýsköpunarsviði

ORF Líftækni er íslenskt þekkingarfyrirtæki sem framleiðir vörur sem byggja á lífvísindum, m.a. BIOEFFECT húvörur sem seldar eru á Íslandi og erlendis og hafa fengið ýmsar viðurkenningar fyrir virkni sína og hreinleika. Hjá ORF Líftækni starfar breið flóra fólks, með fjölbreyttan bakgrunn, reynslu og þekkingu. ORF Líftækni leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir konur jafnt sem karla. Nánari upplýsingar um félagið og vörumerkin BIOEFFECT og ISOKINE má finna á heimasíðu félagsins, **orf.is.**

### SÉRFRÆÐINGUR Í PRÓTEINTÆKNI

ORF Líftækni hf. auglýsir nýtt starf sérfræðings í próteintækni, sem vinnur fyrst og fremst á sviði próteinlífefnafræði og hreinsunar. Leitað er að hæfileikaríkum einstaklingi sem mun vinna að áframhaldandi þróun afkastamikilla aðferða í útdrætti og hreinsun próteina úr erfðatækniplöntum félagsins, sem og að öðrum viðfangsefnum á sviði próteinlífefnafræði. Umsækjandinn þarf að vera áhugasamur varðandi starfið og verkefnin sem því fylgja og geta unnið í góðu samstarfi við aðra sérfræðinga og stjórnendur félagsins.

**MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Ph.D. á sviði próteinlífefnafræði / M.Sc. á sviði próteinlífefnafræði ef reynsla er nægileg
- Reynsla á sviði próteinhreinsunar og þróun hreinsiferla
- Reynsla á sviði almennrar próteingreiningar:
  – SDS-PAGE electrophoresis, ELISA, Bradford Assay, 2D-Gel electrophoresis
- Reynsla við að vinna sjálfstætt og með teymi
- Reynsla á AKTA tæki, UNICORN og DoE er kostur

### SÉRFRÆÐINGUR Í FORMÚLERINGUM OG EFNAGREININGUM

Leitað er að sérfræðingi í vöruþróun á efnablöndum fyrir BIOEFFECT húðvörur félagsins. Starfsmaðurinn tekur þátt í hugmyndavinnu sem tengist vöruþróun húðvaranna, en megin verkefni starfsins fela í sér einangrun virkra smásmeinda/smásameindahópa úr byggi fyrir vöruþróun BIOEFFECT sem og samstarf við innlenda/erlenda samstarfsaðila sem koma að greiningarvinnu fyrir fyrirtækið. Starfsmaðurinn kemur einnig að uppskölun á einstökum afurðum félagsins.

**MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR:**

- M.Sc. á sviði lífefnafræði/efnafræði/lífrænni efnafræði/lyfjafræði eða skyldum greinum
- Menntun eða reynsla af því að vinna með plöntu-útdrætti og einangrun smásameinda úr plöntu-útdráttum eða sambærilegum efnivið.
- Reynsla af vinnu með vökvaskilju/massagreini
- Reynsla af því að nýta vísindaþekkingu í vöruþróun/iðnaði æskileg

### SAMEINDALÍFFRÆÐINGUR Á SVIÐI ERFÐATÆKNI

Leitað er að sameindalíffræðingi á sviði erfðatækni. Starfið felst fyrst og fremst í vinnu á rannsóknarstofu félagsins og meðal helstu verkefna er klónun, PCR, vefjarækun, próteinskimun (ELISA, Western Blot), móttaka og skráning fræja og skýrslugerð. Einnig falla til rannsóknarstörf er tengjast sérhæfðri plönturæktun í gróðurhúsi félagsins í Grindavík.

**MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun í sameindalíffræði
- Reynsla af rannsóknastofuvinnu er nauðsynleg
- Reynsla af klónunarvinnu er nauðsynleg
- Reynsla af plönturæktun er æskileg

Önnur hæfniviðmið sem eiga við um öll störfin eru að umsækjandinn búi yfir góðri enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli, frumkvæði og metnaði, nákvæmni og öguðum vinnubrögðum, færni í mannlegum samskiptum og góðri aðlögunarhæfni, sjálfstæði í vinnubrögðum og lausnamiðaðri hugsun. Æskilegt er að viðkomandi umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

**Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast send í gegnum heimasíðuna Alfreð (alfred.is) fyrir dagslok 18. janúar 2020.**
**Nánari upplýsingar um starfið veitir mannauðsstjóri, Harpa Magnúsdóttir, í síma 591-1590.**
**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2019

Framúrskarandi fyrirtæki 2017 2019

ORF LÍFTÆKNI

# **Tvö embætti dómara** við Landsrétt laus til setningar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laus til umsóknar tvö embætti dómara til setningar við Landsrétt. Stefnt er að því að setja í embættin hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið störfum til með 30. júní 2020. Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016, sbr. lög nr. 79/2019.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 21. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010, um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf landsréttardómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem landsréttardómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 6. janúar 2020. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningar liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
20. desember 2019

**Stjórnarráð Íslands**
Dómsmálaráðuneytið

## Barnaverndarstofa
### Tvær stöður sálfræðinga við Barnahús

Barnaverndarstofa óskar eftir öflugum sálfræðingum til starfa í Barnahúsi. Barnahús tekur rannsóknarviðtöl af börnum þar sem grunur leikur á að börn hafi orðið fyrir eða orðið vitni að ofbeldi, bæði fyrir dómstóla og barnaverndarnefndir, og veitir barnungum þolendum ofbeldis meðferð. Megináhersla í meðferðarstarfi Barnahúss er áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð en þjálfa þarf sérstaklega í yfirheyrslutækni.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Meðferðarviðtöl við börn sem eru þolendur kynferðis-/líkamlegs ofbeldis.
- Ráðgjöf við barnaverndarnefndir vegna meintra ofbeldisbrota.
- Rannsóknarviðtöl við börn sem þolendur.
- Skýrslu- og vottorðaskrif.
- Önnur verkefni sem forstöðumaður Barnahúss ákveður.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Krafa um sálfræðing með löggildingu á Íslandi.
- Reynsla á sviði meðferðar barna, af vinnu með þolendum ofbeldis, vinnu með foreldrum og af barnaverndarstarfi æskileg.
- Krafa um mjög góða íslenskukunnáttu í ræðu og riti.
- Krafa um enskukunnáttu, kunnátta í einu norðurlandamáli æskileg.

**Persónulegir eiginleikar:**
- Mikilvægt að búa yfir góðri samstarfshæfni, sveigjanleika og jákvæðu viðhorfi til skjólstæðinga og samstarfsaðila.
- Mikilvægt er að búa yfir hæfni til að vinna skipulega, markmiðatengt og lausnamiðað.
- Mikilvægt er að geta starfað vel undir álagi í lengri eða skemmri tíma.

Um 100% starfshlutfall er að ræða. Frekari upplýsingar veitir forstöðumaður Barnahúss, Ólöf Ásta Farestveit, í síma 530 2500 eða olof@barnahus.is. Við úrvinnslu umsókna um starfið gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Sálfræðingafélags Íslands og ríkisins. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningar á stofuna.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar 2020.**
Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu á netfangið bvs@bvs.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá birtingu ef starf losnar að nýju innan þess tíma.

Við erum alltaf með bókara á skrá



HAGVANGUR
hagvangur.is

job Finnum draumastarfið saman

Ístak var stofnað árið 1970 og hefur síðan verið öflugur verktaki á sviði mannvirkjagerðar og bygginga á Íslandi. Fyrirtækið hlaut jafnlaunavottun haustið 2019. Ístak er dótturfélag Aarsleff Group sem er leiðandi verktaki með yfir 4.500 starfsmenn í ýmsum heimsálfum.




# MÆLINGAMAÐUR
## VILTU STARFA HJÁ FRAMSÆKNU VERKTAKAFYRIRTÆKI?

Við leitum að mælingamanni til starfa á verkum Ístaks.
Helstu verkefni snúa að mælingum á framkvæmdasvæðum, skýrslugerð, tæknilegri aðstoð og ráðgjöf.

HÆFNISKRÖFUR
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Umtalsverð reynsla af mælingum, úrvinnslu gagna og magntöku.
- Góð ensku- og íslenskukunnátta.
- Góð samskiptahæfni og sjálfstæð vinnubrögð.

ÍSTAK BÝÐUR UPP Á
- Góðan aðbúnað á vinnustað og öruggt vinnuumhverfi.
- Reynslumikla og trausta stjórnendur.
- Áhugaverð og síbreytileg verkefni.
- Samkeppnishæf laun.

Sótt er um starfið á www.istak.is undir *Starfsumsókn*
Nánari upplýsingar fást hjá mannauðsdeild Ístaks í síma 530 2700

ÍSTAK

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Hofsstaðaskóli**
- Deildarstjóri stoðþjónustu
- Skólaliði
- Umsjónarkennari vegna forfalla

**Urriðaholtsskóli**
- Þroskaþjálfi

**Leikskólinn Holtakot**
- Leikskólakennari eða háskólamenntaður starfsmaður

**Leikskólinn Krakkakot**
- Deildarstjóri

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# Framkvæmdastjóri þróunarsviðs

VEGAGERÐIN

ÖRYGGI
FRAMSÝNI
ÞJÓNUSTA
FAGMENNSKA

Við leitum að framkvæmdastjóra til að leiða öflugt starf þróunarsviðs Vegagerðarinnar á starfsstöðinni í Reykjavík. Starfið heyrir beint undir forstjóra og framkvæmdastjórinn situr í yfirstjórn Vegagerðarinnar.

Þróunarsvið skiptist í fimm deildir, áætlana-, umferðar-, skipulags-, almenningssamgangna- og rannsóknadeild. Áætlanadeild annast undirbúning endurskoðunar samgönguáætlunar, þar á meðal gerð frumdraga fyrir nýjar framkvæmdir. Umferðardeild sér um gagnasöfnun og rannsóknir á sviði umferðar og umferðaröryggis. Skipulagsdeild veitir svæðum og deildum ráðgjöf varðandi skipulagsmál sveitarfélaga. Almenningssamgangnadeild annast rekstur almenningssamgangna á vegum ríkisins á landi, á sjó og í lofti. Rannsóknadeild hefur umsjón með úthlutun styrkja úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Auk þessa skal þróunarsvið sjá um reglulega endurskoðun veghönnunarreglna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verkfræðingur með meistaragráðu.
- Marktæk reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Reynsla af fjármálum, áætlanagerð og verkefnastjórnun.
- Víðtæk þekking og reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Góð þekking á hlutverki og starfsemi Vegagerðarinnar.
- Framúrskarandi samskiptafærni og rík þjónustulund.
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrifni.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku.



**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar 2020. Nánari upplýsingar um starfið veita Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar, netfang: bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is,
og Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir mannauðsstjóri Vegagerðarinnar netfang: sigurbjorg.helgadottir@vegagerdin.is, sími 522 1000.
Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi. Sækja skal um starfið á netfangið: starf@vegagerdin.is. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

# Forstöðumaður tæknideildar Faxaflóahafna sf.

- **Auglýst er laust til umsóknar starf forstöðumanns tæknideildar Faxaflóahafna sf.**

**Leitað er eftir tækni- eða verfræðimenntaðri manneskju sem hefur eftirfarandi til að bera:**
- Háskólamenntun í tækni- eða verkfræði sem nýtist í starfi.
- Reynslu af verklegum framkvæmdum og mannvirkjagerð, sem jafna má til verkefna á sviði hafnarmála.
- Skipulagshæfni og hagnýtri reynslu af áætlanagerð.
- Færni í samskiptum við fólk og fyrirtæki.
- Góða tölvukunnáttu og færni í ensku.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Í starfinu felst m.a.:**
- Umsjón og eftirlit hönnunar og hafnarframkvæmda
- Eftirlit með hafnarmannvirkjum Faxaflóahafna sf.
- Áætlanagerð um skilgreindar viðhalds- og nýframkvæmdir
Eitt best heppnaða jólagjafaæði landans var kanadíska spurningaspilið Trivial Pursuit. Spilið var mjög snemma þýtt á íslensku, fyrr en á til dæmis dönsku og norsku, en margir Íslendingar höfðu þegar keypt sér ensku útgáfuna á ferðalögum.

Enn í dag þekkja allir Trivial Pursuit, og eiga sér sinn uppáhaldslit eða spurningaflokka, og Íslendingar fengu viðurkenningu frá framleiðandanum árið 1998 fyrir flest seld spil miðað við höfðatölu. Spilið var þá til á 33 prósentum heimila en í öðru sæti voru Bandaríkin með 17 prósent. Engu að síður hefur spilið ekki komið út á íslensku í rúman áratug því að þá keypti leikfangarisinn Hasbro réttindin og taldi það ekki svara kostnaði.




**Bumbubaninn** 1991

Í upphafi tíunda áratugarins ætlaði landinn að koma sér í form og ýmis þrektæki urðu vinsæl. Vinsælastur var hinn svokallaði bumbubani, Gym Trim, sem seldur var í Trimmbúðinni í Faxafeni. Til voru tvær útgáfur af bananum, önnur sem leit út eins og geimskip en hin ílöng sem einnig var hægt að spenna eins og langboga. Bæði tækin voru stórhættuleg og gátu skotist af miklu afli fram ef sveittir lófar misstu gripið.

**Furby** 1998

Þegar bandaríski leikfangaframleiðandinn Tiger Electronics setti armalausu loðkvikindin Furby á markað seldust þau í milljónatuga vís um heim allan. Furby talaði sitt eigið tungumál en gat einnig lært af börnunum. Foreldrar sáu fljótlega eftir því að hafa valið þessa gjöf fyrir börnin því að Furby gjammaði allan sólarhringinn og verst var ef hann týndist á heimilinu.

Furby er enn þá seldur í ýmsum útgáfum, bæði með tali og án, og hafa vinsældir hans rokkað mikið á 20 árum.



**Ávaxta- og grænmetispressa** 2006

Þetta ár valdi Rannsóknasetur verslunarinnar jólagjöf ársins í fyrsta sinn og fyrir valinu varð ávaxta- og grænmetispressa. Valið var úr 50 tillögum og pressan valin af því að hún félli vel að tíðarandanum, höfðaði til breiðs hóps og seldist vel. En á þessum árum var mikil áhersla á heilbrigðan lífsstíl og hið svokallaða boozt-æði að hefjast. Keppnin var hörð en í öðru sæti var tónlistargræjan iPod frá Apple, sem Árni Johnsen snaraði upp á íslensku sem tónhlöðu.



**GPS-staðsetningartæki/ Ryksuguvélmenni** 2007

Á ári ofneyslunnar og hnignunar vestræns siðferðis er við hæfi að velja tvær gjafir sem settu mark sitt á jólavertíðina. Rannsóknasetrið valdi GPS-staðsetningartæki sem jólagjöf ársins en það var gripur sem sameinaði landakort og áttavita, og hentaði bæði til ferðalaga upp á firnindi sem og í morgunskokkið.

Jólagjöfin sem var þó jafnvel meira áberandi þetta árið var ryksuguvélmennið frá iRobot. Mörgum þótti það bara meira vesen að nota vélmennið en hefðbundna ryksugu en þetta var flott og dýrt og smellpassaði við flottræfilshátt þessa árs.



**Spjaldtölva/Kerti og spil** 2011

Á eftirhrunsárunum var ekki mikil stemning fyrir stórum og dýrum jólagjöfum enda landinn illa brenndur og gengið óhagstætt. Fyrstu árin eftir hrun valdi Rannsóknasetrið til að mynda jákvæða upplifun og lopapeysu sem gjöf ársins.

Árið 2011 var Mammon búinn að fá nóg af vosbúðinni og ákveðið var að velja hvorki meira né minna en spjaldtölvu sem jólagjöf ársins. En hann var of fljótur á sér og fékk holskeflu af gagnrýni yfir sig. Bent var á að sambýliskona eiganda Epli.is væri í dómnefndinni og einnig þótti landsmönnum fráleitt að velja svo dýra gjöf í ljósi stöðu heimilanna. Kerti og spil voru meira í ætt við greiðslugetu þeirra. Þurfti Rannsóknasetrið að biðjast afsökunar á þessari framkomu.



**Sous vide** 2016

Sous vide aðferðin er ekki ný af nálinni. Fólk hefur pakkað inn kjöti og eldað á lágum hita síðan á átjándu öld. En árið 2016 var sous vide skyndilega orðið lífsnauðsynlegt ef marka má hegðun íslenskra neytenda.

Líkt og fótanuddtækin forðum hefur notkunin á græjunum verið mismikil en ólíkt þeim tíma eru þeir margir sem neita að horfast í augu við þetta og rífa græjuna fram af og til til þess að réttlæta tilvist hennar.

# UNDIRBÚÐU JÓLIN Í NETTÓ!

**Heill kalkúnn**
Erlendur
**1.198** KR/KG
LÆGSTA VERÐIÐ!





-30%
**Lamba helgarsteik**
Bláberja – Kjötsel
**1.889** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.699 KR/KG



-200 KRÓNUR
**Coca Cola**
Coca Cola, light og zero 2l x 4
**999** KR/PK



-30%
**Lambalæri**
Bláberja – Kjötsel
**1.399** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.999 KR/KG



-21%
**Hangilæri**
Úrbeinað – Kjötsel
**2.290** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.899 KR/KG

**Rauð jólaepli**
**199** KR/KG





-30%
**Humar**
800 gr – Án skeljar
**3.499** KR/PK
**ÁÐUR:** 4.999 KR/PK

**Nautalundir**
Danish Crown
-40%
**2.999** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.999 KR/KG





-25%
**Hamborgarhryggur**
Kjötsel
**1.199** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.598 KR/KG



-40%
**Bayonne skinka**
Kjötsel
**1.199** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.999 KR/KG

nettó
*í jólaskapi*



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 21. – 22. desember**

*Tilboðin gilda meðan birgðir endast.*
*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.*
*Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.*

**ÓDÝRAST Á NETINU**
**Í VEFVERSLUN NETTÓ***

*Skv. könnun Fréttablaðsins



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Jóna Kr. Eiríksdóttir**

áður til heimilis að Hjallabraut 33,
Hafnarfirði,

andaðist á Sólvangi þann 16. desember.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
mánudaginn 30. desember kl. 13.00.

**Margrét Pétursdóttir** **Guðmundur Frímannsson**
**Sigrún Pétursdóttir** **Jón Sveinsson**
**Daníel Pétursson** **Oddgerður Oddgeirsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð og hlýju vegna andláts
og útfarar

**Ólafs Einars Magnússonar**

Safamýri 45.

**Hlíf Kristjánsdóttir**
**Sylvía Bryndís Ólafsdóttir**
**Jón Þór Ólafsson** **Janis Ramos**
**Anna Kristín Sigurbjörnsdóttir** **Reynir Áslaugsson**
**Bjarni Þór Sigurbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð
við andlát og útför okkar ástkæru

**Gyðu Hjaltalín Jónsdóttur**

hjúkrunarheimilinu Eir.

Kærar þakkir fær starfsfólk á
hjúkrunarheimilinu Eir fyrir einlæga
umhyggju og aðstoð.
Sendum vinum og ættingjum bestu óskir um gleðileg jól
og farsæld á komandi ári.

**Kristín Ólafsdóttir** **Magnús Halldórsson**
**Jón Hjaltalín Ólafsson**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag?
Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur
í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð
erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 2**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Örlygur notaði Hraundranga sem vörumerki í útgáfunni sinni enda voru markmiðin jafnan háleit.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þetta var allt nokkuð gott

**Bókaútgefandinn Örlygur Hálfdánarson er níræður. Hann gaf út vegleg rit og vönduð enda valdi Vigdís forseti bækur hjá honum handa leiðtogunum Gorbatsjov og Regan.**

Örlygur Hálfdánarson segist hafa verið sílesandi framan af ævinni en gera minna af því í dag, þó talsvert sé af bókum í kringum hann. Hann stendur á níræðu en kveðst ekki vera maður til að halda upp á afmælið, þó líði honum ágætlega. Heyrnin er góð, því tek ég eftir er við spjöllum saman í síma.

Hann er sáttur við ævistarfið. „Ég var bókaútgefandi, Örn og Örlygur hét fyrirtækið og var nokkuð stórt á sínum tíma,“ segir hann. Kveðst hafa stofnað útgáfuna með Erni Marinóssyni, svila sínum, og rekið hana í hátt í þrjá áratugi. Hann vill ekki gera upp á milli bókanna sem hann gaf út, spurningu um hvaða ritverki hann sé þar stoltastur af svarar hann: „Ja, þetta var allt nokkuð gott.“ Getur þess að Vigdís forseti hafi haft samband við hann þegar þeir kumpánar Ronald Regan og Míkhaíl Gorbatsjov voru staddir hér á landi árið 1986 og pantað hjá honum bækurnar Dýraríki Íslands eftir Benedikt Gröndal, til að gefa þeim. „Ég fór með þær á forsetaskrifstofuna.“

Barnsskónum sleit Örlygur í Viðey, þar til hann var á tólfta ári. „Viðey var einu sinni mikill athafnastaður, þá var ég barn að aldri og man ekki þá tíð að neinu ráði. En ég hef sterkar taugar til hennar og hef kynnt mér sögu hennar, hef oft sagt hana þegar ég hef farið þangað með fólki. Ég var í barnaskóla í eyjunni en flutti upp á land þegar hætt var að kenna þar vorið 1941. Það var allt í lagi fyrir mína parta. Við fluttum vestur á Seltjarnarnes, þar var frjálslegt umhverfi. Ég fór í Mýrarhúsaskóla, Viðeyjarskóli var útibú frá honum og skólastjóri Mýrarhúsaskóla hafði komið út í Viðey að fylgjast með og prófa okkur á vorin.“

Örlygur kveðst hafa verið lánsamur í einkalífinu, hann hafi eignast fjóra syni en misst einn þeirra, Matthías árið 2014. „Hinir heita Þorgeir, Hálfdan og Arnþór. Konan mín er Þóra Þorgeirsdóttir úr Gufunesi. Við kynntumst í Viðey þegar við vorum börn, hún átti heima þar þá.“

**gun@frettabladid.is**

## Meðal verka sem Örlygur gaf út:

- Landið þitt Ísland - 6 bindi
- Íslandshandbókin - 2 bindi
- Reykjavík: sögustaður við Sund+ - 4 bindi
- Stóra ensk-íslenska orðabókin
- Ensk-íslensk skólaorðabók
- Íslenska alfræðiorðabókin - 3 bindi
- Skútuöldin - 5 bindi
- Togaraöldin - 2 bindi
- Landið og Landnáma - 2 bindi
- Úr torfbæjum inn í tækniöld
- Sjósókn og sjávarfang
- Alfræði unga fólksins
- Íslandsleiðangur Stanleys
- Fornir sögustaðir
- Ferðabók Eggerts og Bjarna

**Viðey var einu sinni mikill athafnastaður, þá var ég barn að aldri og man ekki þá tíð að neinu ráði. En ég hef sterkar taugar til hennar og hef kynnt mér sögu hennar.**



†

Ástkæri maðurinn minn,
pabbi, tengdapabbi, afi og langafi,

**Þormóður Helgason**

frá Kristnesi í Eyjafjarðarsveit,

lést 1. desember sl. á
hjúkrunarheimilinu Sóltúni.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins
látna. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sóltúns.

**Rannveig H. Karlsdóttir**
**Þorgerður Þormóðsdóttir** **Guðmundur Ó. Ingvarsson**
**Karl Þormóðsson** **Irina Sukhanova**
**Halldóra Þormóðsdóttir** **Guðbjartur Halldórsson**
**Þormóður Þormóðsson** **Kolbrún Kristleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir hlýhuginn,
vináttuna og stuðninginn vegna
andláts og útfarar okkar ástkæra
eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Einars Ármannssonar**

Básahrauni 3, Þorlákshöfn.

Sérstakar þakkir færum við
Körfuknattleiksdeild Þórs Þorlákshafnar, þið eruð einstök.

**Ásdís Garðarsdóttir**
**Una Björg Einarsdóttir** **Hallgrímur Stefánsson**
**Ármann Einarsson** **Þórhalla Sólveig Jónsdóttir**
**Emil Karel Einarsson**
**og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar,

**Ingibjörg S. Egilsdóttir**

Blómsturvöllum,
Súðavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða mánudaginn 16. desember. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Frosti, Steinunn, Fjalar, Kolbrún, Hulda, Dagný og fjölskyldur.**

---



Sú væntumþykja og hlýja sem við nutum við fráfall

**Rögnu H. Hjartar**

Sléttuvegi 11,

sem lést hinn 11. nóvember sl. gladdi okkur mjög. Bestu þakkir og óskir um heilaga hátíð.

**Jakobína Sigtryggsdóttir**
**Friðrik J. Hjartar** **Anna Nilsdóttir**
**Rúnar J. Hjartar** **Áslaug Arndal**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Álfheiður Jónsdóttir**
**Lilla**

andaðist á Grund 1. desember. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu föstudaginn 13. desember.

**Anna Friðrika Vilhjálmsdóttir** **Reynir Þór Friðþjófsson**
**Álfheiður Vilhjálmsdóttir** **Gísli Ágúst Friðgeirsson**
**Ásgeir Vilhjálmsson** **Soffía Pálsdóttir**
**Guðrún Jóna Þorbjarnardóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Jónas Ragnar Guðmundsson**

prentari,
Hraunteigi 11, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík, þann 18. desember sl. Útförin fer frá Áskirkju föstudaginn 27. desember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hins látna er bent á að styrkja Einstök börn.

**Margrét Jónsdóttir**
**Guðmundur Jónasson** **Hanna Ingibjörg Birgisdóttir**
**Martha Jónasdóttir** **Ástvaldur Óskarsson**
**Grétar Jónasson**
**og barnabörn.**

---



Kæru vinir, innilegar þakkir fyrir vináttu, hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu,

**Eiríku Dagbjartar Haraldsdóttur**

hárgreiðslumeistara,
Norðurbrú 3,
210 Garðabæ.

**Margrét Líndal Steinþórsdóttir** **Mogens Gunnar Mogensen**
**Þórarinn Líndal Steinþórsson** **Rut Erla Magnúsdóttir**
**Eiríkur Líndal Steinþórsson** **Telma Dögg Sigurbjartsdóttir**
**Steinþór, Helena, Magnús, Eyþór, Gunnar, Gabríella, Sigurbjartur, Leona**

---



Sonur minn, faðir okkar og bróðir,

**Stefán Jóhann Þórarinsson**

lést í Den Haag í Hollandi þann 21. nóvember sl.

**Anna Maria Scheffelaar**
**Axel, Dagmar og Sunna Stefánsbörn**
**Linda Þórarinsdóttir, Mozartlaan 145, 2555 JJ Den Haag**

---



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Anna G. Gunnarsdóttir Ross**

og faðir, tengdafaðir og afi,



**Robert C. Ross**

eru látin. Kveðjustundin fór fram miðvikudaginn 18. desember í Dómkirkjunni.

**Daníel Daníelsson, Nína Á. Stefánsdóttir og fjölskylda.**
**Sigurbjörg Lilja Furrow, Robert John og Gunnar A. Jónsson**

---



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björn B. Ingvarsson**

Lækjasmára 2,

lést á Landspítalanum Landakoti 23. nóvember. Útför hefur farið fram.

**Kristín Jónsdóttir**
**Sigríður Björnsdóttir** **Kjartan Svavarsson**
**Thelma Jóna Björnsdóttir**
**Jón Björn Björnsson** **Guðrún Elín Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðmunda Nielsen**
**Gógó**

Lækjasmára 2,
Kópavogi,

lést 15. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 23. desember kl. 11.00.

**Kristín Halldórsdóttir** **Ferdinand Schmitt**
**Stefán Halldórsson** **Kolbrún Linda Sveinbjörnsdóttir**
**og ömmubörn.**

---



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Eyjólfur Helgason**

Tunguvegi 2, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þriðjudaginn 17. desember. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ingibjörg Eyjólfsdóttir**
**Anna E. Knudsen** **Elías Þórmarsson**
**Agatha Ásta Erludóttir**
**Helgi Gísli Eyjólfsson** **Sigríður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

---



Ástkær bróðir minn,

**Bjarni Bjarnason**

rennismiður,
Veghúsum 31,

er látinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðlaug Bjarnadóttir**

---



Okkar ástkæri,

**Karl Einarsson**

stýrimaður,
Suðurgötu 94,
Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 14. desember síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þann 27. desember kl. 15.00.

**Már Karlsson, Sigríður Karlsdóttir,**
**Sigurdís Þórarinsdóttir, Erna Einarsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkæru eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Þórdísar S. Rafnsdóttur**

Sléttuvegi 31, Reykjavík,

sem lést þann 27. nóvember. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Droplaugarstaða fyrir góða umönnun.

**Friðgeir Eiríksson**
**Lára Erlingsdóttir** **Guðmundur Ólafsson**
**Gunnar Erlingsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elsku pabbi minn, fóstri og afi,

**Halldór Sigurður Guðmundsson**

Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 13. desember. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 23. desember kl. 13.00.

**Halla Ósk Halldórsdóttir og synir**
**Jónas H. Bragason og fjölskylda**
**Elín Hulda Halldórsdóttir og fjölskylda**
**Stefán Halldórsson**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda hlýju og væntumþykju við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Sigurðar Valdimars Gunnarssonar**

múrara.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heru-líknarþjónustu og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Guðrún Stefanía Guðjónsdóttir**
**Guðrún Berglind Sigurðardóttir** **Guðmundur M. Sigurðsson**
**Gunnar Heimir Kristjánsson** **Selma Gísladóttir**
**Ragnar Steinn Ragnarsson** **María Lísa Benediktsdóttir**
**Rúnar Steinn Ragnarsson** **Helga Kristrún Hjálmarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýju og stuðning vegna andláts og útfarar elsku eiginmanns míns, föður og tengdasonar,

**Þorvalds Kristjáns Sverrissonar**

Staðarhrauni 36, Grindavík.

Sérstakar þakkir til Sjómannafélags Íslands.

**Helga Eysteinsdóttir** **Baldur Jóhann Þorvaldsson**
**Sverrir Kristján Þorvaldsson** **Valgerður María Guðjónsdóttir**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



**LAUSNARORÐ** Vísbending f. lausnarorð: Ef bókstöfunum í rauðu reitunum er raðað rétt saman birtist lína úr sígildu kvæði sem á vel við í dag (6, 3, 11). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 27. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „Jólakrossgáta“.

**LÁRÉTT**
**1** Lafi hold í kófi geymist það von úr viti (9)
**10** Ilmjurt angistar þarf blómlega grímu (7)
**14** Í hverri úrvalssveit skal aðeins vera einn Steinn og/eða jafnoki hans úr hópi kvenna (11)
**15** Vorrar nefndar Níels sýnir mikið snarræði (9)
**16** Í svona rými þarf að vera stútur fyrir saltan sudda (7)
**17** Goggagræja kemur upp um slúðurbera (9)
**18** Þessi jötnaætt er víst afar stór (7)
**19** Næ góðu upphafshöggi í Vallarhjáleigu (9)
**20** Válegs vissi ég skil, og líka á vonsku mannanna (9)
**21** Enn einu sinni tók ég þátt í að móta rump (9)
**22** Afhendi skot áður en ég tek æði (9)
**23** Hér má sjá jökul kringdan klakabunkum (8)
**25** Alltaf verið hrifinn af léttum mönnum og lötum (9)
**30** Kóngurinn á góð börn, ef marka má kvittinn (10)
**35** Eilítil ró er allt sem argur jór þarf til að verða þægilegur til reiðar (9)
**38** Ku það voldug fjölskylda og fjölmenn (8)
**39** Víkjum þá að votti af lögmáli (10)
**40** Hún er fær um að fást við karla og jafnvel fella (7)
**42** Loftljós sem ekki þarf rafmagn og ekki er í loftinu? (8)
**43** Leysir vind vegna kvöldgolu (9)
**44** Dáður er dottinn í hús, það er góður bónus (9)
**46** Þegar ég var krakki var ég á barnsaldri (9)
**47** Lagðir lund við alla sem ljúfir virtust (10)
**49** Ringluð geispan mun launa starf snyrtimenna (9)
**53** Má bjóða yður formlegri fornöfn? (7)
**56** Tel minn afla úr næsta nágrenni meiri en það sem aflalítil ætt veiðir á landsvísu (9)
**61** Jarðvist líður ljót og grimm og allt sem fékk ég gert (9)
**62** Núna er hann b-týpa, öfugt við það sem áður var, enda alltaf á bakvakt (9)
**63** Má ég kynna: Hin 300 ára Unnur Ægis (9)
**64** Saga af því sem sem verður til og verður svo að einhverju öðru (9)
**65** Brókaði jurt svo mjúka að aldrei þarf að vökva (9)
**68** Sá gutta ekki hressa, en þannig eru þeir alltaf (9)
**69** Duga stingandi strá í gullpunt með græn öx? (8)
**70** Fetti löpp á fótafjöl (9)
**71** Skellti skákborði á borðið með öllu tilheyrandi (9)
**72** Skera skvap í tólgartuggur (8)
**73** Sterks manns hey gleður þrjóska klára (9)
**74** Fræg Akureyrarfrauka fer suður (9)

**LÓÐRÉTT**
**1** Það þarf harðan nagla í svona bál (9)
**2** Rósemdarfjör veit á banahögg (9)
**3** Ég spyr: Syrpa eða jólaljós í stofuna? (9)
**4** Hvort viltu blómsveig eða kengruglaða snjókarla á hurðina núna? (9)
**5** Í þessari kennslustund er ætlast til að maður dragi upp mynd af líðandi stund (10)
**6** Sáravatn? Nei, sársvötn! Skrýtnir eru okkar tímar! (10)
**7** Fylgjast með skipulagi gæslu (10)
**8** Hélt á hríslu milli hinna hærðu vanga (8)
**9** Hví blekktir þú þá sem þegar voru á rangri braut? (7)
**10** Ofanverður fótur og neðanverður líka komast í langann (9)
**11** Læt tréð fyrir brimlabjór (9)
**12** Einlæg hét öðrum tryggð til æviloka (9)
**13** Varð skítug er hún stritaði mest (7)
**24** Sé svanga vaða milli sinna ganga (9)
**26** Í klúbbi brottfluttra móta menn stefnu eftir lögun búpenings, vinur minn (13)
**27** Brytja reglulega háa og renglulega (9)
**28** Af einni sem mætti aðeins innanhúss og hafði til þess fullan rétt (9)
**29** Taut um tré er alltumvefjandi (8)
**31** Þessi verk voru alltaf unnin aftur við hekk á mínum unglingsárum (7)
**32** Förum ekki út í mínar þjáningar og þarmaþrautir (9)
**33** Ljómandi dóp fyrir krabbasjúklinga, en aukaverkanir eru miklar (9)
**34** Tekst að fanga líklegan og bitran vindinn (9)
**36** Hvað er að marka þarfaskála í rangri röð? (5)
**37** Ólofuð álkustelpa fer dult með sitt (7)
**41** Er Solla neytir áfengis fær hún annað gælunafn (5)
**45** Klögum þau klikkuðu til verndar heiðvirðum borgurum (8)
**48** Þessi passar mun betur við jólin en Djöflatertan (11)
**50** Versnaði sagan við að forystan brást? (10)
**51** Plötuþykkni veit á snjóflóð (10)
**52** Úr steinaketi má gera gott grillspjót (10)
**54** Þessi grislingur var heppinn með möndlumassa (9)
**55** Er sjávarlöður ber við sól riðlast röð (5)
**57** Til að afla súrefnis er þessi kirtill einskis nýtur, en hann er fínn í kæfu (9)
**58** Ég get fest nagla sem halda ef hald er (9)
**59** Nú lærir þú um gufu sem við fermum og flytjum í fornfálegum farartækjum (9)
**60** Segist skapa skýringarmyndir og stunda útfaraþjónustu en er bara á skóflunni (7)
**65** Rámar í farsa þar sem kraftar ganga úr skorðum (5)
**66** Fylgjum gígjum í einu og öllu (5)
**67** Kjaftur og röfl og leiðindi og rugl (5

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og í þetta sinn fær vinningshafi eintak af **Síldarárunum 1867-1969** eftir **Pál Baldvin Baldvinsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Birna Laufdal, Akureyri.**




FORLAGIÐ

Lausnarorð síðustu viku var
**RAFMAGNSLEYSI**



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.


BANG & OLUFSEN
BeoPlay
H9 3rd gen
73.000,-
BeoPlay
E8 2.0
52.500,-
BeoPlay A1
38.000,-
BeoPlay M5
85.000,-
BeoPlay P6
55.000,-
A9 MK-IV REYKT EIK, + Bronze MK-IV BRONZE
395.000,-
A9 MK-IV SVARTUR og MK-IV HVÍTUR
365.000,-
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BANG-OLUFSEN.COM
BANG & OLUFSEN
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ORMSSON.IS
Bang & Olufsen á Íslandi
ORMSSON

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi

383

Lísaloppa og Róbert voru að skreyta jólatréð og skemmtu sér konunglega við það. Hlóðu á það öllu því fallega sem þau langaði til. „Þetta finnst mér nú allt of skreytt jólatré,“ sagði Kata. „Ég meina, hvað eru eiginlega margar rauðar kúlur á þessu tré? Eða kerti?“ Konráð byrjaði að telja og varð að viðurkenna að þær væru ansi margar kúlurnar og kertin. „Að ekki sé minnst á brosandi stjörnurnar,“ bætti Kata við.

„Svona, svona,“ sagði Lísaloppa. „Hvar er jólaandinn Kata mín. Þú þarft ekki alltaf að hafa allt á hornum þér. Reyndu frekar að njóta jólanna.“ Kata horfði smástund þögul á tréð. „Já, kannski, en þið verðið að viðurkenna að þið vitið ekkert hvað þið eruð búin að setja margar rauðar kúlur á tréð.“ Það urðu þau að viðurkenna. Þær voru jú orðnar ansi margar.

**Getur þú talið allar rauðu jólakúlurnar, kertin og brosandi stjörnurnar?**



## Brandarar

**Svavar:** Veistu hvað. Fólkið við hliðina barði á veggina hjá mér fram eftir öllu kvöldi.
**Inga:** Hélt það þá ekki vöku fyrir þér?
**Svavar:** Nei, en það truflaði mig dálítið því ég var að æfa mig á trompetinn.

**Pabbi:** Hver braut gluggann?
**Sigga:** Hann sjálfur. Hann beygði sig þegar ég ætlaði að kasta boltanum í vegginn fyrir neðan hann.




**Gulli:** Veistu hverju pabbi svaraði þegar ég spurði hann hvort hann vildi gefa mér fullkomna tölvu í jólagjöf?
**Fía:** Nei.
**Gulli:** Hvernig vissirðu?

**Lausn á gátunni**

Á trénu eru 28 rauðar kúlur, 5 brosandi stjörnur og 17 kerti.



Ef Gluggagægir sér eitthvað sem hann langar í þá getur verið að hann hnupli því seinna. En setur örugglega eitthvað í skóna í leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Jólasveinninn

Gluggagægir er sá íslenski jólasveinn sem kemur til byggða í dag.

Hann er sá tíundi í röðinni og er dálítið hrekkjóttur, eins og bræður hans, samkvæmt Þjóðsögum Jóns Árnasonar frá 1862.

Jóhannes úr Kötlum orti vísur um alla íslensku jólasveinana, tvær vísur um hvern.

**Vísurnar um Gluggagægi**

*Tíundi var Gluggagægir,*
*grályndur mann,*
*sem laumaðist á skjáinn*
*og leit inn um hann.*

*Ef eitthvað var þar inni*
*álitlegt að sjá,*
*hann oftast nær seinna*
*í það reyndi að ná.*



Andri Marinó var að vinna í jólabók í skólanum og læra um íslensku jólasveinana. Hann lærir líka að vera kurteis.“MYND/PÁLMI ÁSBJARNARSON

# Ætlar að verða rappari

Hinn sjö ára Andri Marinó Kjartansson á auðvelt með að læra texta og syngur hátt og snjallt með öllum vinsælustu röppurum landsins.

**Hvaða rapparar eru í mestu uppáhaldi?** Herra Hnetusmjör og Emmsjé Gauti og líka bræðurnir Frikki Dór og Jón Jónssynir.

**Hvað langar þig að verða?** Ég ætla að verða rappari og langar að verða matreiðslumaður eins og foreldrar mínir, ég fæ oft að hjálpa þeim í vinnunni. Svo hjálpa ég ömmu minni að baka pitsu. Hún býr til bestu pitsu í heimi og kannski opnum við einhvern tíma pitsustað saman.

**Hvað langar þig í í jólagjöf?** Mig langar í körfuboltaspjald til að hafa inni.

**Æfir þú körfubolta?** Nei, en ég hef áhuga á honum. Ég æfði fótbolta síðasta sumar. Nú er ég bara í sundinu, hef æft það síðan ég var fjögurra ára og syndi bringusund, baksund og skriðsund í djúpu lauginni á Ásvöllum í Hafnarfirði. Mig langar til að taka þátt í heimsmeistaramóti í sundi þegar ég verð eldri.

**Áttu einhver uppáhaldsfótboltalið?** Liverpool er liðið mitt í ensku knattspyrnunni og FH hér heima.

**Er gaman í skólanum?** Já, við vorum að vinna í jólabók og læra um íslensku jólasveinana. Svo lærum við líka að vera kurteis við fólk. Mér finnst gaman að lesa og Sproti er frábær vinnubók.

> SVO HJÁLPA ÉG ÖMMU MINNI AÐ BAKA PITSU. HÚN BÝR TIL BESTU PITSU Í HEIMI OG KANNSKI OPNUM VIÐ EINHVERN TÍMA PITSUSTAÐ SAMAN.

**Hvað er skemmtilegasta ferðalag sem þú hefur farið í?** Í sumar fór ég til Almería á Spáni með fjölskyldunni. Við bjuggum á hóteli og skemmtum okkur í sundlaugargarðinum og á ströndinni. Ég fékk að kaupa mér knattspyrnubúninga og við förum í rosalega flottan fiðrildagarð. Svo sáum við kúrekasýningu úti í eyðimörkinni, þar voru teknar upp frægar amerískar kúrekabíómyndir. Ég spilaði fótbolta með spænskum strákum á ströndinni og það var fullt af fólki að horfa, það varð jafntefli, 6-6. Ég kynntist líka spænskum strák á hótelinu, við spiluðum oft borðtennis saman.

**Er gæludýr á heimilinu?** Við eigum labradorhund sem heitir Loki, hann er góður vinur minn.

**Hvert er uppáhaldssjónvarpsefnið þitt?** Jóladagatalið á RÚV en uppáhaldsmyndirnar mínar eru Star Wars, Þegar Trölli stal jólunum og Home Alone.



Lífið
STÓRSKEMMTILEGT
drullumall
FYRIR BÖRN FRÁ 3 ÁRA OG UPPÚR!
SÝNINGIN SEM HEFUR FARIÐ SIGURFÖR
UM HEIMINN SNÝR AFTUR Í TJARNARBÍÓ!
TILVALIÐ Í JÓLAPAKKANN!
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR!
LAU. 01. FEB KL. 13⁰⁰
LAU. 29. FEB KL. 13⁰⁰
LAU. 14. MAR KL. 13⁰⁰
- S.J. FRÉTTABLAÐIÐ
- DV
„ÞAÐ ER ALLT FALLEGT VIÐ ÞESSA SÝNINGU.
ALLAR STJÖRNURNAR Í HÚSINU!“
- G.S.E. DJÖFLAEYJAN
„LÍFIÐ ER YNDISLEG SÝNING!“
- S.B.H. MORGUNBLAÐIÐ
BARNASÝNING ÁRSINS 2015!
Í UPPSETNINGU LEIKHÚSSINS 10 FINGUR SEM SLÓ Í GEGN MEÐ LEIKRITIÐ SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN
LEIKARAR: SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR & SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON
LISTRÆNIR STJÓRNENDUR: CHARLOTTE BØVING & HELGA ARNALDS
MIÐASALA Á TIX.IS OG Í TJARNARBÍÓ
10 FINGUR
TJARNARBÍÓ

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 2 | 11 |
| Ísafjörður | -2 | 13 |
| Akureyri | 0 | 6 |
| Egilsstaðir | 1 | 12 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 13 |
| Hveravellir | -5 | 15 |

Norðaustan 10-18 m/s, en 15-20 NV-til og einnig á SA-landi í kvöld. Snjókoma N- og A-lands, en slydda við sjóinn. Léttir til sunnan heiða. Norðaustan hvassviðri eða stormur N- og A-til á morgun og bætir í ofankomuna, en heldur hægari og bjart SV-lands. Hiti nálægt frostmarki, en upp í 7 stig með S-ströndinni.

| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík  | 2 °C, 13 | 0 °C, 1 | -5 °C, 2 | 1 °C, 5 | 0 °C, 1 |
| Ísafjörður  | -4 °C, 16 | -2 °C, 5 | -2 °C, 3 | -1 °C, 2 | -5 °C, 3 |
| Akureyri  | 1 °C, 9 | -2 °C, 1 | -1 °C, 1 | -6 °C, 1 | -3 °C, 1 |
| Egilsstaðir  | 1 °C, 8 | 1 °C, 3 | 0 °C, 2 | -3 °C, 1 | 0 °C, 2 |
| Kirkjubæjarklaustur  | 4 °C, 14 | -1 °C, 2 | 1 °C, 2 | 0 °C, 4 | 1 °C, 2 |
| Hveravellir  | -5 °C, 14 | -4 °C, 3 | -2 °C, 3 | -4 °C, 6 | -4 °C, 3 |









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Grand HÓTEL REYKJAVÍK
HÓTEL REYKJAVÍK CENTRUM
FOSSHOTEL
ÍSLANDS HÓTEL
GJAFABRÉF ÍSLANDSHÓTELA
17 HÓTEL UM ALLT LAND
ÍSLANDSHÓTEL
Verð frá 19.900
ISLANDSHOTEL.IS/GJAFABREF



FRÁBÆR DAGSKRÁ YFIR
HÁTÍÐARNAR
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
THE LEGO MOVIE
Jóladagur
Annar í jólum
SMALL FOOT
Jólatónleikar Fíladelfíu
Aðfangadagur
Skoppa og Skrítla
Á póstkorti um Ísland 2
Aðventumolar
Til jóla
DIE HARD
Þorláksmessa
My Little Pony The Movie
Nýársdagur
22. des
A STAR IS BORN
Nýársdagur
Jólaþáttur
Gumma og Sóla
22. des
FANTASTIC BEASTS
Annar í jólum



Þorláksmessa
NATIONAL LAMPOON'S
CHRISTMAS VACATION
Jóladagur
SPIDER-MAN
INTO THE SPIDER-VERSE
MAMMA MIA!
HERE WE GO AGAIN
27. des
Kryddsíld 2019
Gamlársdagur
JURASSIC WORLD
28. des
AQUAMAN
27. des
28. des
Þorláksmessa
THE GRINCH
MES OF
LWALD
Jóladagur
BOHEMIAN
RHAPSODY
Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

# Skrímslakort Abrahams

**BÆKUR**

**Nornasaga: Hrekkjavakan**

★★★★☆

**Kristín Ragna Gunnarsdóttir**

**Útgefandi:** Bókabeitan
**Fjöldi síðna:** 208

Fáir rithöfundar hafa lagt sig jafnmikið fram við að kynna norrænu goðin, Völuspá og Ásgarð fyrir börnum og Kristín Ragna Gunnarsdóttir. Myndlýsingar hennar á Völuspá í endursögn Þórarins Eldjárn eru einstaklega fallegar og þá er þríleikurinn um Úlf og Eddu sem lauk í fyrra bæði gríðarlega spennandi og miðlar þessum goðsögulega sagnaarfi á spennandi, aðgengilegan og skemmtilegan hátt þannig að börn eiga auðvelt með að tengja sig við persónur og atburði í sögunum.




Nornasöguþríleikurinn sem hefst í nýjustu bók hennar lofar einnig mjög góðu. Þar segir frá Kötlu sem er að byrja í nýjum skóla. Hún á tvær mömmur og tvö systkini og er bæði klaufsk og óheppin en jákvæð og bjartsýn og gefst ekki upp. Sagan gerist í kringum hrekkjavöku þegar Katla ætlar að slá í gegn hjá vinsælu stelpunum í bekknum. En allt fer öðruvísi en ætlað er og áður en varir hefur Katla opnað dyr milli heima og hleypt út hinni stórhættulegu Gullveigu sem getið er um í Völuspá og á harma að hefna sem hún hyggst taka út á Íslendingum, einkum þó með því að virkja græðgi þeirra og sjálfsupphafningu ekki ósvipað og hún gerði við goðin á gullöld þeirra. Íslendingar taka sorglega vel við og brátt ræður Gullveig lögum og lofum með möntrum eins og „ég um mig frá mér til mín“, og „mikið vill meira.“ Katla sér við Gullveigu en þarf að taka á alveg nýjum og óþekktum vöðvum til að koma henni aftur til síns heima. Upp koma ýmis kyndug atvik, enda kímni aldrei langt undan í bókum Kristínar Rögnu, og ljóst að þessi Hrekkjavaka er gerólík öllum öðrum.

Kristín Ragna leitar sem fyrr fanga í Völuspá enda er hún óþrjótandi uppspretta sagna og ævintýra. Íslandskort Abrahams Orteliusar frá því um aldamótin 1600 sem líka er þekkt sem skrímslakortið leikur einnig stórt hlutverk í bókinni og það er gaman að endurnýja kynnin við þær mögnuðu myndir og ímynda sér skrímslin svamlandi í Tjörninni.

Bókin er skemmtileg, hröð og spennandi og sagan grípandi og áhugaverð. Svo má ekki gleyma því hvað hún er einstaklega fallegur prentgripur, þessi bók, mikið myndskreytt, litrík og lífleg. Myndirnar sem eru í stíl Kristínar Rögnu, sem er lesendum hennar að góðu kunnur frá því í Völuspá, eru að vanda ótrúlega magnaðar.

Í bókarlok er ýmsum spurningum ósvarað og því eflaust mörg börn sem bíða spennt eftir framhaldinu. (Og margir fullorðnir líka).

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Mjög spennandi og ríkulega myndskreytt saga sem sækir í Völuspá en líka samtímann með frásagnargleði og húmor.


Útvarpsleikhúsið




Fyrri hluti í dag kl. 14
Seinni hluti á aðfangadag kl. 14

Óvænt atvik verða til þess að meðlimir Kriðpleirs, makar og börn þurfa að halda saman jól. Skipulagning og framkvæmd á hátíðarhaldinu reynist vera flókin aðgerð.

RÁS 1 fyrir forvitna




**Ég hugsaði: Ég geri þetta, ég get þetta!** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hlutverk okkar í lífinu

**Engillinn er leikrit byggt á verkum Þorvaldar Þorsteinssonar. Finnur Arnar Arnarsson leikstýrir í fyrsta sinn. Leikmyndin er úr nytjahlutum sem eru til sölu.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Finnur Arnar Arnarsson leikstýrir Englinum, sýningu sem byggir á verkum Þorvaldar Þorsteinssonar, rithöfundar og myndlistarmanns. Leikritið er frumsýnt í Kassanum í kvöld, laugardagskvöld.

Finnur Arnar er myndlistarmaður og leikmyndahöfundur og Engillinn er fyrsta leikstjórnarverkefni hans en hann gerði einnig handrit og leikmynd sýningarinnar. Hann var vel kunnugur Þorvaldi sem lést árið 2013, einungis 53 ára gamall.

Um forsögu þessa verks segir Finnur Arnar: „Í pappakassa á skrifstofu Ara Matthíassonar Þjóðleikhússtjóra var að finna allt höfundarverk Þorvaldar Þorsteinssonar, en hugmynd var um að skapa sýningu úr verkunum. Kassinn endaði loks hjá mér. Þegar ég var búinn að vera með hann í nokkurn tíma þá hringdi Ari og sagði að ég þyrfti að fá viðbót, sem var hálfskrifuð bók sem Þorvaldur var að skrifa þegar hann dó. Sú bók hefur vinnutitilinn Fæstir eru eins og fólk er flest. Þar er að finna samantekt á hugmyndafræði Þorvaldar. Þar sagði hann meðal annars: Ekki halda að einhver annar geri hlutina betur en þú. Einhver annar gerir hlutina öðruvísi en þú, en það er ekki endilega betra en það sem þú gerir. Þetta ýtti rækilega við mér og ég hugsaði: Ég geri þessa sýningu, ég get það!“

**EINS OG ÖLL GÓÐ LEIKRIT FJALLAR ÞETTA UM TILGANG LÍFSINS EN EKKI SÍÐUR UM ÞAU HLUTVERK SEM VIÐ LEIKUM HVERT OG EITT Í LÍFINU.**

### Tilgangur lífsins

Eggert Þorleifsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Guðrún S. Gísladóttir, Baldur Trausti Hreinsson, Atli Rafn Sigurðarson og Arndís Hrönn Egilsdóttir eru leikarar sýningarinnar. „Í þessu verki eru límd saman brot þannig að úr verður heild, vonandi bæði hugmyndafræðilega og í framvindu,“ segir Finnur Arnar. „Söguþráður tengir brotin saman, en þau koma héðan og þaðan, þarna eru örverk, brot úr lengri verkum og vísanir í myndlist og gjörninga Þorvaldar.

Leikhópur fær handrit upp í hendurnar, fer í búninga, setur á sig hárkollur og leika þetta leikrit Engilinn sem einhver skrifaði, og í lokin kemur í ljós hver það er. Eins og öll góð leikrit fjallar þetta um tilgang lífsins en ekki síður um þau hlutverk sem við leikum hvert og eitt í lífinu. Við erum í einu hlutverki í lífinu, í öðru heima hjá okkur og svo framvegis.“

### Leikmynd úr nytjahlutum

Leikmyndin er unnin úr nytjahlutum. Sérstökum söfnunargámi var komið fyrir í Sorpu í Ánanaustum og fylltist hann á einni helgi. Áhorfendur geta keypt hluti úr leikmyndinni og fengið þá afhenta að síðustu sýningu lokinni. „Sú hugmynd er innblásin af verki sem Þorvaldur gerði sem hét Tapað fundið og hann sýndi á sínum tíma í Hafnarhúsinu. Þar var að finna hluti sem fólk hafði týnt en ekki vitjað til lögreglunnar. Þaðan fékk ég hugmyndina,“ segir Finnur Arnar. „Þessir hlutir eru til sölu en fólk fær þá ekki afhenta fyrr en eftir síðustu sýningu. Ágóðinn rennur til Kvenfélagasambands Íslands sem sér um að koma þeim peningum til þeirra sem mest þurfa á þeim að halda.“

### Kökubasar í hléi

Á hverri sýningu halda mismunandi kvenfélög kökubasar í hléi. „Sú hugmynd kemur líka frá Þorvaldi. Á Listasafninu á Akureyri bauð hann kvenfélögum að vera með kökubasar í safninu,“ segir Finnur Arnar.

Tveimur tímum fyrir sýningu fer í gang hátalarakerfi og hlýða má á nemendur úr Listaháskólanum lesa upp nöfn skattgreiðenda og þakka þeim framlag þeirra til menningar og lista. Þorvaldur gerði þetta verk í Finnlandi þar sem hann las upp nöfn skattgreiðenda í heilum bæ. Í þessum upplestri koma fyrir nokkur þúsund nöfn,“ segir Finnur Arnar.

Það er greinilegt að margt er óvenjulegt við uppsetninguna á Englinum. Í lokin skal nefnt að í tengslum við sýninguna stendur Þjóðleikhúsið fyrir listgjörningi um allt land. Hversdagsleikhúsið er að finna á tíu stöðum, en þar verður hversdagslegt rými að leiksviði. „Farið var hringinn í kringum landið og stólum komið fyrir á hinum ýmsu stöðum. Fólk getur sest niður og horft á það sem er að gerast fyrir framan það með augum leikhúsáhorfandans og þannig séð hversdagsleikann í nýju ljósi segir Finnur Arnar.

# FYNDIN, DJÚP OG MEISTARALEGA SKRIFUÐ

★★★★

Ragnhildur Þrastardóttir / Morgunblaðið

★★★★

Ásgeir H. Ingólfsson / Stundin




„Frábær bók. Einlæg, óvægin og mjög skemmtileg.“

LOGI BERGMANN

„Ég gat ekki lagt bókina frá mér og tilfinningarnar flæddu við lesturinn. Hún er einfaldlega frábær.“

ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR

„Ofsalega fallega skrifaður og fyndinn en líka erfiður og óþægilega raun-verulegur tilfinningarússíbani.“

ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON

„Að vanda fangar Auður lífið eins og það er; fyndið, fagurt og sorglegt í senn.“

ÍSOLD UGGADÓTTIR

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla daga í desember; sjá nánar á **www.forlagid.is**

## Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

### 21. DESEMBER 2019

**Hvað?** Mozart við kertaljós
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kópavogskirkja
Kammerhópurinn Camerarctica leikur.



Sigga og Grétar koma fram í jólaþorpinu í Hafnarfirði.

**Hvað?** Mozart við kertaljós
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dómkirkjan
Camerarctica leikur.

**Hvað?** Vetrarsólstöðufagnaður
**Hvenær?** 14.00-16.00
**Hvar?** Kínasafn Unnar, Njálsgötu 33B

**Hvað?** Jóladagskrá Árbæjarsafns
**Hvenær?** 13.00-16.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Undirbúningur jóla áður fyrr. Hrekkjóttir jólasveinar. Guðsþjónusta. Dansað kringum jólatréð.

**Hvað?** Upplestur í stofunni
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Gljúfrasteinn
Sjón, Pétur Gunnarsson, Guðrún Eva Mínervudóttir og Una Margrét Jónsdóttir lesa.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

### 22. DESEMBER 2019

**Hvað?** Jólaball með Siggu Beinteins og Grétari
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Jólaþorpið í Hafnarfirði

# Ýkjuguðspjall af Sandi

BÆKUR

**Selta (apókrýfa úr ævi landlæknis)**
★★★★☆
**Sölvi Björn Sigurðsson**

**Útgefandi:** Sögur
**Fjöldi síðna:** 273

Að morgni til haustið 1839 við Hjörleifshöfða á Suðurlandi liggur roskinn íslenskur landlæknir sofandi í rekkju sinni þegar hann finnur skyndilega fyrir nærveru drengs sem liggur í fjöruborðinu skammt frá. Hann fer ásamt húskarli sínum, Mister Undertaker, og bjargar drengnum og upphefst þá atburðarás sem færir honum miklar furður og óviðbúna gleði. Um alla atburði ritar hann í skýrslu sem hann skuldar yfirvöldum í Kaupmannahöfn, skýrslu sem þó er frekar dagbók sem hann veit að mun enda í grafhvelfingu konunglega bókasafnsins, ólesin að eilífu.

Selta er mögnuð skáldsaga í fleiri en einum skilningi. Sögusviðið er Ísland sem enn tekst á við afleiðingar móðuharðindanna og fleiri hamfara og hina stöðugt sveiflukenndu óblíðu náttúru en verður í þessari sögu eins konar ævintýraland líka, gætt fegurð sem á engan sinn líka, og ýmsum möguleikum sem felast í hinu ólíklega eins og sjóreknu hvalshræi. Söguþráðurinn er einnig sérlega vel ofinn, þó nánast óraunverulegar tilviljanir miðað við sögutímann hendi gerir það ekkert til því þetta er ekki sagnfræðileg skáldsaga, ætluð til að varpa ljósi á líf fólks fyrr á öldum heldur ferð inn á við, inn í tilfinningar, reynslu og vitund en líka rökrænt samtal um heimsmynd og þekkingu sögutímans í samanburði við okkar tíma. Hún minnir líka á ýkju- og ærslasögur 19. aldarinnar, Heljarslóðarorrusta kom upp í hugann í köflum, enda hefur orðið apókrýfa verið þýtt sem ýkjuguðspjall og svo er vitnað til nútímans undir rós samanber tilvísun í John Grant og lag hans Queen of Denmark. Nöfn persónanna eru einnig skemmtilega hugsuð, þannig ber hin týnda ástkona læknisins ættarnafnið Himmelwunder og evrópskur skósali sem býr og starfar á Kirkjubæjarhæli kallast Monsieur Pons. Meira að segja hestarnir bera merkileg nöfn, Maltus, Kex og Hausthlý. Þeir nafnlausu eru svo drengurinn sem fær alls konar nöfn enda er framtíð hans óskrifað blað og svo sögumaður sjálfur sem er aldrei kallaður annað en læknir. Þannig leikur Sölvi með mörg tungumál og mest þó íslenskuna sem verður nánast sögupersóna í bókinni, tekur eitthvað úr formlegu skýrslumáli sögutímans en er líka svo rík og þykk og full af líkingum og orðsmíðum að það er næstum ekki hægt að lýsa henni án þess að grípa til líkingamáls úr matar- eða efnisheimum.

**AF ÞESSUM SÖKUM ER SELTA EKKI ENDILEGA AUÐVELD AFLESTRAR EN VERÐLAUNAR LESANDANN RÍKULEGA**




Sölvi Björn hefur áður sýnt að hann hefur mikið vald á tungumálinu og tungutaki fyrri tíðar, meðal annars með ljóðaþýðingum sínum og í skáldsögunni Gestakomur í Sauðlauksdal sem gerist í lok 18. aldar. Af þessum sökum er Selta ekki endilega auðveld aflestrar en verðlaunar lesandann ríkulega ef hann heldur sig að lestrinum.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vel skrifuð og áhrifamikil ærsla- og alvörusaga.




# Ástin er ekki einföld

**BÆKUR**

**HKL ástarsaga**

★★★★½

**Pétur Gunnarsson**

**Útgefandi:** JPV
**Fjöldi síðna:** 237

Það var ekki auðvelt líf að vera ungt og upprennandi skáld á þriðja áratug síðustu aldar. Allavega ekki ef mark er takandi á frásögnum þeirra sem sinntu því hlutverki og ef við tökum ekki mark á þeim, tja, hverjum þá? Fátæktin, andleysi alþýðunnar og smáborgaraskapur Reykvíkinga, allt er þetta skáldunum hin mesta sálarkvöl og er þá ónefnt aðalvandamál þeirra flestra; kvenfólk. Það getur jú ekkert haldið karlmanni í skefjum nema kona, eins og Halldór kemst að orði í skáldsögu sinni Vefaranum mikla frá Kasmír.

Nei, ástin er ekki einföld og ég tala nú ekki um fyrir ungan snilling, sem tekur kaþólska trú og er á sífelldu flakki um heiminn. Í þessari bók, sem ber sama undirtitil og fyrsta skáldsaga Halldórs: ástarsaga, dregur Pétur Gunnarsson upp magnaða mynd af Nóbelsskáldinu á fyrstu skáldæviárum þess. Sögurnar eru ekki gripnar úr lausu lofti heldur styðst Pétur við sín eigin kynni af Halldóri, sem var þá raunar kominn á háan aldur, verk hans og samtímamanna hans en fyrirferðarmest eru bréf Halldórs til vina sinna og ástkvenna sem hleypa lesanda inn í persónulegt líf hans og vangaveltur.



**Pétur Gunnarsson rithöfundur.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sá áratugur sem Pétur tekur til umfjöllunar í lífi skáldsins er mjög áhugaverður. Halldór tekur kaþólska trú, gengur í klaustur í Clervaux og reynir að hasla sér völl annars vegar sem virtur rithöfundur á Íslandi og sem handritshöfundur í Hollywood, með misjöfnum árangri. Fyrri hluti bókarinnar fer aðallega í frásagnir af áhugaverðu klausturlífi Halldórs og hinu klassíska sögusviði, sem virðist aldrei verða þreytt: Reykjavík ungskáldanna í byrjun þriðja áratugarins, Unuhúsi og kaffihúsum miðbæjarins.

Þar bregður fyrir mjög svo kunnuglegum nöfnum á ekki verri mönnum en Þórbergi Þórðarsyni og Stefáni frá Hvítadal, svo einhverjir séu nefndir, og má þar finna mjög svo skondna frásögn af baráttu milli Halldórs og Þórbergs um sálarlíf Stefáns. Þar reynir Halldór ólmur að snúa þessu þjóðþekkta ljóðskáldi til kaþólsku með fögrum fyrirheitum á meðan Þórbergur reynir að tæla hann til hins synduga lífernis með lífsins freistingum, jóga og andlegum iðkunum að hætti Indverja.




Síðari hlutinn fer síðan allur í afar forvitnilegt ástarlíf Halldórs á árum hans í Ameríku þar sem við fáum að kynnast öllu óþekktari, en alls ekki ómerkari persónum í lífi hans. Þar styðst Pétur nánast eingöngu við ástarbréf skáldsins, við heilar þrjár konur sem hann virðist hafa haldið heitum á meðan á Ameríkudvölinni stóð. Þannig er saga Halldórs og Ingu sem bíður hans heima á Íslandi í forgrunni en lesendur fá einnig að skyggnast inn í það líf sem hann heldur að mestu leyndu fyrir henni í gegnum bréf hans til tveggja annarra kvenna, annarrar sem hann býr með fyrir vestan.

Pétur matreiðir efnið einstaklega vel og dregur fram hugsanir og lífsskoðanir skáldsins, sem glímdi á þessum tíma við ýmis flókin hugðarefni, á frábæran hátt og vitnar ætíð í skrif hans sér til stuðnings. Hér fá menn að kynnast skáldinu unga, sem á sér sess í hjörtum flestra landsmanna, á nýjan og persónulegan hátt í gegnum frábæran texta Péturs. **Óttar Kolbeinsson Proppé**

**NIÐURSTAÐA:** Stórkostleg frásögn af fyrstu skáldæviárum Halldórs Laxness út frá sjónarhóli hans sjálfs, samferðamanna hans og ástkvenna.









# SNJALLAR

## Í TÖLVUTEK ER EITT MESTA ÚRVAL




**Ideapad L340** — **139.990**

Nýjasta kynslóð, öflugri leikjafartölva með Ambient Lighting leikjalyklaborði og Dolby Audio hljóðkerfi

GeForce GTX 1650 4GB leikjaskjákort




**LEGION T530** — **179.990**

Einn öflugasti VR-ready leikjaturninn okkar með Dolby Atmos hljóm og Sound Radar fyrir leiki

RTX 2060 6GB skjákort með Ray Tracing tækni




**ZOWIE XL2411P** — **34.990**

144Hz leikjaskjár sem atvinnuspilarar velja með Game Mode stillingar og Black eQualizer tækni

Sérhannaður 144Hz e-Sports leikjaskjár




**DUCKY ONE 2 SF** — **19.990**

Arftaki vinsælu Ducky Mini í 65% stærð með RGB LED




**GXT788 LEIKJASETT** — **9.990**

Upplýst leikjalyklaborð, mús, motta og heyrnartól




**AROZZI VERONA V2** — **39.990**

Sérstaklega mjúkur lúxus leikjastóll frá Arozzi




**PS4 PRO 1TB**
Pro útgáfan af þessari vinsælu leikjatölvu
**54.990**




**PLAYSTATION VR**
Sýndarveruleikagleraugu fyrir PS4
**39.990**



**STAR WARS**
3 gerðir Star Wars dróna, geggjað fjör!
**Frá 7.990**




**GPS KRAKKAÚR**
Vinsælu Wonlex krakkaúrin, IP67 vatnsheld
**9.990**




**KARAOKE FJÖR**
Nú verður fjör í jólaboðinu, allir að syngja
**3.990**

**Opnunartími**
Alla daga til jóla 10-19
lokað á aðfangadag

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# JÓLAGJAFIR

## LANDSINS AF ÖLLU FYRIR TÖLVUNA




### MI BAND 4

Ótrúlegt íþróttaúr með hjartarita, svefnmæli og snertiskjá fyrir aðgerðir, allt að 50m vatnsvörn!

**9.990**

**24/7 heilsu og sportúr. Allt að 20 daga rafhlaða**




### AMAZFIT GTS

Fullkomið heilsu/snjallúr m/ BioTracker, hjartarita, svefnmæli, 50m vatnsvörn og allt að 14 daga rafhlöðu

**29.990**

**Glæsileg úr fyrir þá sem hugsa um heilsua**




### AMAZFIT GTR

Glæsileg heilsu/snjallúr með öllum eiginleikum sport úra ásamt fullkomnum snjall eiginleikum

**29.990**

**Með allt að 12/24 daga rafhlöðuendingu**



### 8" MYNDARAMMI

Stafrænn HD myndarammi með kortalesara

**9.990**




### LENOVO TAB M7

Höggvarin 7" spjaldtölva og þráðlaus heyrnartól

**19.990**



### SWITCH LIGHT

Stórskemmtileg handleikjatölva frá Nintendo

**39.990**



### SVIF FÓTBOLTI

